

SIGRÚN SIF JÓELSDÓTTIR

Djúpt snortin af lífs- gleði Indverja

Ferðir Bílar Tiska
allt í MIÐJU BLAÐSINS



ARI AXEL JÓNSSON

Malbikaði garðinn þegar börnin fluttu út

Sérblað um húsbýggingar
FYLGIÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



HELGI GUNNAR THORSTEINSSON

Snorraverkefnið breytti lífinu

Náði valdi á íslensku á skömmum tíma
TILVERA 16



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. maí 2007 – 118. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Innrás á Hverfisgötuna



Erna Ómarsdóttir og stóllur hennar í Dansleikhúsi með ekki fá liðsauka og leggja undir sig þjóðleikhúsið.

MENNING 33

Kosningagúrkan ógurlega

„Ég hef ekki orðið var við mikla menningarstefnu í kosningaloforðum. Hún er steinsteypurík í nefi of margra stjórnmálamanna,“ segir Stefán Jónsson leikstjóri.

Í DAG 20

IKEA-röðdin snýr aftur

Jón Ólafsson sendir frá sér nýtt efni í sumar.

FÓLK 36




FH deildarbik- armeistari

Íslandsmeistarar FH eru deildarbikarmeistarar í knattspyrnu eftir sigur á Val í fram-
lengdum leik.

ÍPRÓTTIR 40



VEÐRIÐ Í DAG



BJART EYSTRÁ Í FYRSTU í dag verður hæg vestlæg eða breytileg átt. Rigning eða skúrir vestan til. Bjartviðri fyrir austan framan af degi en þykkar svo upp og hætt við vætu í kvöld. Hiti 6-18 stig, hlýjast fyrir austan.

VEÐUR 4

> Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...

FYLGIÐ MED FRÉTTABLAÐINU Í DAG

MARKAÐURINN
Eigendur Jane Norman fá ný milljarða í arð
Traustid mest á viðskiptalífð

Kaupa hitaveitu í Slóvakíu

Enex á í viðræðum um kaup á ráðandi hlut í hitaveitu frá Sovéttímanum í Slóvakíu. Önnur stærsta jarðvarmahitaveita Evrópu ef samningar takast. Jarðvarmi tekur við af vatni hituðu með kolabrennslu.

ÍDNADUR Íslenska orkufyrirtækið Enex mun taka þátt í að breyta kolaknúinni hitaveitu frá tímum Sovétríkjanna í jarðvarmahitaveitu í Kosice, annarri stærstu borg Slóvakíu, ef samningar nást um kaup Enex á ráðandi hlut í hitaveitunni.

Lárus Elíasson, framkvæmdastjóri Enex, segir fyrirtækið vera eitt eftir af nokkrum fyrirtækjum sem sóttust eftir því að kaupa ráðandi hlut í hitaveitunni í lokuðu útboði, en nú sé eftir að semja um kaupverðið. Vonir standi til þess að það takist með sumrinu. „Ég held að menn séu að verða þökkalega dús, en það er ekkert í hendi fyrr en það er í hendi,“ segir Lárus.

Hitaveitan nær til 170-180 þúsund íbúa í borginni Kosice, sem er um 300 þúsund manna borg í Austur-Slóvakíu. Fyrir á Enex hluta í þremur þróunarverkefnum í smærri bæjum í Slóvakíu. Lárus segir að fyrirtækið muni líta á þau verkefni og nýju hitaveituna sem eina heild, takist samningar.

Umfang hitaveituverkefnisins í Kosice er um 60 milljónir evra, og Lárus segir að Enex reikni með að kaupa fyrir 11-14 milljónir evra, 960-1.200 milljónir króna.

Meðal eigenda Enex eru Geysir Green Energy, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Jarðboranir. Lárus segir að ekki sé búið að

fjármagna kaupin, en mikill áhugi sé á jarðvarmaverkefnum og því engin vandamál fyrir sjáanleg við að fjármagna þau.

„Þetta er mjög stórt verkefni, og verður, að Reykjavík frátalinni, örugglega stærsta jarðvarmahitaveita Evrópu,“ segir Lárus. Hann segir að aðstæður í Slóvakíu séu að mörgu leyti ákjósanlegar. Vatnið sé 80-150 gráðu heitt, en það sem muni mestu um sé það að þar hafi lengi verið kynt með heitu vatni þótt það hafi reyndar verið hitað með kolum. Því séu innviðirnir til staðar til að breyta yfir í umhverfisvænni starfshætti.

-bj



LAGT AF STAÐ FRÁ HLEMMI Árið 1923 gengu Íslendingar fyrstu kröfugöngu sína á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins 1. maí. Minningarnar um atburði þessa dags árið 2007 dofna líklega seint hjá Birni Þórisssyni sem fór fram fyrir skjöldu göngunnar, myndaði atburðina og ræddi við vegfarendur um þýðingu dagsins. Ungi kvikmyndagerðarmaðurinn fagnaði einnig tólf ára afmæli sínu þennan dag en kvöldinu varði hann í að klippa saman atburði dagsins ásamt föður sínum. Sjá síður 2 og 14

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Unglingar afturhaldssamari:

Konur eiga að þvo og þrífa

RÉTTINDAMÁL Mun fleiri unglingsstúlkur telja að konur eigi að sjá um þvott nú heldur en árið 1992. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Andreu Hjálmsdóttur við Háskólann á Akureyri. Hún segir greinilegt bakslag hafa orðið í jafnréttisbaráttunni.

„Samantektin á því sem var og því sem nú gerist er sjokkerandi,“ segir hún.

Andrea segir að lengi hafi verið látið sem kynjaparátta sé orðin ónaðsynleg. Niðurstöður könnunarinnar bendi þó til þess að það sé misskilningur. Eldra fólk er mun jákvæðara gagnvart jafnrétti kynjanna en það yngra.

- kdk/sjá síðu 4



ÍSIRNIR Ísinn bráðnar hratt undan þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norðurskautsísinn:

Bráðnar hraðar en flestir telja

BANDARÍKIN, AP Norðurskautsísinn hefur bráðnað þrisvar sinnum hraðar en vísindamenn hafa flestir gert ráð fyrir, að því er vísindamenn við loftslagsrannsóknarmiðstöð Kaliforníuháskóla halda fram.

Á tímabilinu 1953 til 2006 hefur ísinn á Norðurskautinu minnkað um 7,8 prósent á hverjum áratug að meðaltali.

Á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem þessa vikuna vinnur að lokagerð þriðja hluta loftslagskýrslu sinnar í Taflandi, hefur verið gengið út frá því að Norðurskautsísinn hafi minnkað um 2,5 prósent á áratug á þessu sama tímabili.

-gb

Nói-Síríus og auglýsingastofan Fiton stóðu fyrir umdeildum gjörningi í gær:

Auglýstu í miðri kröfugöngu

VERKALÝÐSBARÁTTA Uppi varð fótur og fit í kröfugöngu verkalýðsins í Reykjavík í gær þegar hópur ungs fólks með Tópasauglýsingar á mótælasþjöldum fylgdi göngunni og hrópaði auglýsingaslagorð.

Óánægja var meðal gesta með þetta uppátæki og fór svo að hópnun var meinaður aðgangur að Ingólfsstorgi þar sem göngunni lauk.

„Mér finnst það sár móðgun við verkafólk þegar verið er að hæðast að kröfugöngunni og um leið

gera hana að auglýsingu í þágu einhverrar vöru,“ segir Viðar Þorsteinsson, sem var í göngunni.

Hann segir að ungmennirnir hafi verið beðin um að hætta, en þau hafi verið á öðru máli og haft uppi mikinn hávaða. „Þetta var á leið með að setja ljótan blett á gönguna þannig að við gripum til þess ráðs að meina þeim aðgang að Ingólfsstorgi.“

Gunnar Sigurgeirsson, markaðsstjóri hjá Nóa-Síríus, segir

rétt að hópurinn hafi verið á þeirra vegum. Gjörningurinn hafi verið hluti af nýrri auglýsinga-herferð Tópas sem auglýsingastofan Fiton sér um. Ætlunin hafi þó ekki verið að gera lítið úr kröfugöngunni.

„Þetta átti að vera vörukynning og góðlátlegt grín. Við gerðum okkur grein fyrir að þetta gæti farið fyrir brjóstið á einhverjum, en ég held að það hafi verið smávægilegt,“ segir hann. - sfs/sjá síðu 46

HÆKKUM SKATTLEYSISMÖRK Í 150 ÞÚSUND HJÁ ÞEIM TEKJULÆGSTU
www.xf.is



Frjálslyndi flokkurinn

SPURNING DAGSINS



Sigurður, var þetta kornið sem fyllti mælinn?

„Skemmt korn fyllir mælinn en flest korn eru þó góð.“

Tíu ær drápu á Sigmundarstöðum í Borgarfirði á dögnum vegna eitrunar úr þurrkuðu korni sem raki hafði komist í. Sigurður Sigurðarson dýralæknir varar bændur við að gefa skemmt korn.

Starfslok forstjóra Glitnis: Sagður fá um 800 milljónir

VIÐSKIPTI Fullyrt var í fréttum Sjónvarpsins í gærkvöldi að Bjarni Ármannsson, sem lét af störfum sem forstjóri Glitnis á mánudag, hefði fengið starfslokasamning að andvirði rúmlega 800 milljóna króna.

Fram kom að Bjarni hefur eins árs uppsagnarfrest og fær greidd laun þann tíma. Hann heldur hlunnindum og árangurstengdum greiðslum á þeim tíma. Samtals er þessi hluti um 500 milljóna króna virði. Auk þess var samið um að bankinn keypti hlutabréf Bjarna í Glitni á herra gengi en þau eru á í dag, og gæti hann því hagnast um í kringum 300 milljónir við sölu.

Ekki náðist í Bjarna Ármannsson vegna málsins í gær. - bj

Fjárfestar í Jane Norman:

Fá níu milljarða króna í arð

VIÐSKIPTI Eigendur bresku tiskuverlanakeðjunnar Jane Norman munu fá um níu milljarða króna í arð eftir að félagið hefur verið endurfjármagnað. Baugur, Kaupþing og stjórnendur Jane Norman stóðu að skulðsettri yfirtöku á félaginu 2005. Mikill vöxtur hefur orðið hjá keðjunni eftir yfirtökuna og jókst rekstrarhagnaður fyrir afskriftir um 44 prósent á síðasta rekstrarári.

Á dögnum greiddi breska lágvörkuðjan Iceland út 38 milljarða króna til hluthafa, þar á meðal Baugs og Fons. Fjárfestar, sem að megninu til eru Íslendingar, fá því alls 47 milljarða króna í arð af tveimur verkefnum í Bretlandi. - eþa / sjá Markaðinn

Flestir nemendur þreyta samræmt próf í íslensku og stærðfræði:

Samræmdu prófin hefjast

MENNTUN Fyrsta samræmda próf ársins verður lagt fyrir nemendur í 10. bekk í dag. Alls geta nemendurnir tekið sex samræmd próf en það fyrsta sem þeir þreyta er í íslensku.

Það er Námsmatsstofnun sem hefur umsjón með samningu, framkvæmd og úrvinnslu samræmdra prófa. Finnboði Gunnarsson, sérfræðingur stofnunarinnar, segir 4.479 nemendur skráða í 10. bekk þetta árið. Flestir þeirra eru skráðir í íslenskupróf, eða alls 4.208 nemendur. Næst á eftir kemur fjöldi skráðra í stærðfræðiprófið en 4.110 nemendur í 10. bekk ætla að reyna fyrir sér í því 9. maí.

Finnboði bendir þó á að einhverjir krakkar kjósi að taka próf ári fyrr en flestir aðrir bekkjarfélagar sínir og því segi tölur yfir skráða nemendur í próf ekki alveg alla söguna. „Nemendurnir eru nokkuð færri en þeir voru í fyrra en mér sýnist þetta þó vera svipað hlutfall nemenda og var í fyrra,“ segir Finnboði. - kdk



Í ÞUNGUM ÞÖNKUM Það tekur á að þreyta samræmt próf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

DAGS	PRÓFIN	FJÖLDI
2. maí	íslenska	4.208
3. maí	enska	3.947
4. maí	danska	3.253
4. maí	sænska	26
4. maí	norska	27
7. maí	samfélagsfræði	1.883
8. maí	náttúrufræði	2.418
9. maí	stærðfræði	2.418

Samfélag samstöðu, jafnaðar og réttlætis

Kröfugöngur og fundir fóru fram á baráttudegi verkalyðsins um allt land í gær. Mikilvægt að tryggja jöfnuð og stöðugleika, sagði formaður BSRB í ræðu sinni. „Við þurfum að byggja á grunni norrænna velferðarsamfélaga,“ sagði forseti ASÍ.

VERKALÝÐSBARÁTTA Íslendingar vilja samfélag jafnaðar og réttlætis þar sem öllum eru búin góð kjör og lífsskilyrði. Mikilvægt er að útrýma fátækt, ná tökum á efnahagsástandinu og standa vörð um velferðina í samfélaginu.

Þetta kom fram í ræðum Ögmundar Jónassonar, formanns BSRB, og Grétars Þorsteinssonar, forseta ASÍ, sem þeir héldu í tilefni af baráttudegi verkalyðsins í gær.

Baráttufundir og kröfugöngur fóru fram um allt land í gær í tilefni dagsins. Í Reykjavík var gengið frá Hlemmi og niður á Ingólfrstorg þar sem ræður og skemmtiatriði fóru fram. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni tóku um tvö þúsund manns þátt í göngunni og hefur þátttakan ekki verið meiri í mörg ár.

„Hlutverk samtaka launafólks er að tryggja jafnvægi og verjast ásókn gróðaafllanna, sem hugsa ekki lengra en fram að næsta tókall sem hægt er að næla sér í,“ sagði Ögmundur í ræðu sinni á Akureyri. „Við hugsum lengra, við hugsum samfélagslega.“

Hann gagnrýndi þá sem í krafti auðs síns hafa tekið sér völd og beitt í eigin þágu fyrir að slíta í sundur friðinn í samfélaginu. Þeir séu óupplýstir og haldi að frelsið sé aðeins fyrir hina fjáðu. Þeir þekki ekki frelsið.

Um verkefni verkalyðshreyfingarinnar á komandi árum sagði Ögmundur mikilvægt að tryggja jöfnuð og stöðugleika og gera allt sem hægt er til að útrýma fátækt. Standa þurfi vörð um velferðarþjónustuna og afnema launaleynd.



KRÖFUGANGA Fundir fóru fram um allt land í tilefni af baráttudegi verkalyðsins í gær. Um tvö þúsund manns tóku þátt í kröfugöngunni í Reykjavík. Að sögn fulltrúa lögreglu hefur þátttakan ekki verið betri í mörg ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Hlutverk samtaka launafólks er að tryggja jafnvægi og verjast ásókn gróðaafllanna, sem hugsa ekki lengra en fram að næsta tókall sem hægt er að næla sér í.“

ÖGMUNDUR JÓNASSON
FORMAÐUR BSRB

Á henni þrífist misréttið, ekki síst kynbundið launamisrétti.

Ögmundur gerði einnig málefni erlends aðkomufólks að umræðuefni, og sagði nauðsynlegt að sýna því umburðarlyndi. Aðgát skuli höfð í nærveru sálar og forðast eigi allt sem klýfur samfélagið. Á Ingólfrstorgi tók Grétar til

máls og sagði mikilvægt að standa vörð um velferðina. Samfélag sem hafa velferðarhugsjón verkalyðshreyfingarinnar að leiðarljósi séu þau samfélög sem farnast best, þau hafi skapað íbúum sínum mesta almenna velferð og lífsgæði.

„Norrænu velferðarsamfélögin einkennast af góðri menntun fyrir alla. Þau einkennast af jöfnuði og jafnrétti og þau einkennast af traustum réttindum launafólks,“ sagði hann.

„Þetta er sá grunnur sem þjóðfélag þarf að byggja á til að takast á við þau úrlausnarefni sem nútímasamfélög standa frammi fyrir.“

salvar@frettabladid.is

Réttarhöld vegna morðs á varnarsvæðinu standa yfir:

Verjendur segja galla vera á rannsókn

DÓMSMÁL Verjendur bandaríks hermanna, sem sakaður er um að hafa myrt annan hermanna á varnarliðssvæðinu á Keflavíkurflugvelli 14. ágúst 2005, saka rannsakendur um að hafa einblínt um of á ákærða við rannsóknina. Þeir hafi leitt hjá sér vísbendingar um að einhver annar hafi getað framið morðið.

Herréttarhöld í máli mannsins hafa farið fram í Washington undanfarna daga og sagði sækjandinn við upphaf þeirra að fullsannað væri að Calvin Eugene Hill hefði myrt Ashley Turner til að koma í veg fyrir að hún bæri vitni gegn honum fyrir að hafa stolið andvirði um 180 þúsund króna af reikningi Turner.

Ef sekt Hills þykir fullsönnuð er mögulegt að dauðarefsingar verði krafist yfir honum. Samkvæmt frétt á vef bandaríska flughersins var hermaður síðast tekinn af lífi árið 1961, fyrir nauðgun og morðtilraun á 11 ára stúlku árið 1955. Síðan þá hafa níu hermenn verið dæmdir til dauða en ekki verið teknir af lífi.

Hill, sem var þyrflugliði hjá varnarliðinu, er sakaður um að hafa barið Turner í höfuðið með handlóðum, stungið hana með hnífi og falið lík hennar í kompu nálægt líkamsræktaraðstöðu hermanna. Hann neitar sakargiftunum, en hefur viðurkennt að hafa stolið fé af reikningi hennar. - bj

Vinnuslys við Kárahnjúka:

Vörubíll valt fram af stalli

LÖGREGLUMÁL Ökumaður vörubíls slasaðist þegar hann valt fram af fjögurra til fimm metra háum stalli við Aðgöng 1 á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka í fyrri nótt.

Atvikið varð um klukkan fjögur um nóttina og var maðurinn, sem er á sextugsaldri, fluttur á fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað, að sögn Óskars Bjartmarz, yfir-lögregluþjóns.

Ökumaðurinn reyndist óbrotinn en með minni háttar skrámur og var haldið á sjúkrahúsinu yfir nótt til eftirlits. Vörubíllinn er talinn gjörónýtur. - bj



LÆTUR EKKI BLEKKJAST Birkið tekur seint við sér á vorin enda veit það að veður hér geta verið viðsjáverð. NORDICPHOTOS/GETTY

Hitamet voru slegin í apríl:

Kólnandi veðurfar í vændum

VEÐUR „Það verða kannski einhverjir fyrir andlegu sjokki um næstu helgi þegar hitinn fellur niður í tvær gráður eftir að hafa verið í 22 gráðum eins og verið hefur. Hins vegar held ég, sem betur fer, að gróður og dýralíf verði ekki fyrir sjokki við þetta,“ segir Sigurður Þ. Ragnars-son veðurfræðingur um veðurhorfur í maí. Hitamet voru slegin í apríl en Sigurður segir að útlit sé fyrir að hitinn kólni en komist jafnframt í meira jafnvægi á næstunni en verið hefur.

„Vissulega er hitinn að lækka en það er ekkert sem við þurfum að bera kvíðboga fyrir,“ segir Sigurður. - kdk

Bush beitir neitunarvaldi:

Hafnar brott-hvarfi hersins

BANDARÍKIN, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti ákvað í gær að beita neitunarvaldi sínu á

lagafrumvarp demókrata-flokksins um fjármögnun viðbótaraðgerða hersins í Írak. Bush sagði skilyrði í frumvarpinu um brott-hvarf hersins frá Írak ekki til þess fallin að bæta ástandið þar.

Þingið sendi honum frumvarpið til undirritunar í gær, þegar liðin voru nákvæmlega fjögur ár frá því hann lýsti því hátiðlega yfir að hernaði í Írak væri að mestu lokið.

Bush hugðist rökstyðja ákvörðun sína seint í gærkvöldi þegar hann kæmi til Washington frá Flórída, þar sem hann átti fund með herforingjum. - gb



GEORGE W. BUSH

LÖGREGLUMÁL

Hjólhýsi losnaði á ferð

Engan sakaði þegar hjólhýsi losnaði frá bíl í akstri á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi um klukkan 17 í gær. Að sögn lögreglu var afar hvasst á svæðinu og talið líklegt að hvöss vindhviða hafi velt hjólhýsinu.

BÍLL DAGSINS

SUBARU IMPREZA WRX

Nýskr. 12.06 - Beinskriptur - Ekinn 4 þús. km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Svona leysum við biðlistavandann

Hér eru fyrstu aðgerðir sem lúta að eitt þúsund börnum og öldruðum.

Sólarhringsþjónusta BUGL og biðlistar kláraðir

Gerum árangurstengdan samning við BUGL (Barna- og unglingsgeðdeild Landsspítalans) um að eyða biðlistum eftir greiningu og að börn með geðraskanir geti fengið bráðaþjónustu allan sólarhringinn. Leitum samninga við heilsugæslu og sveitarfélög um foreldrafræðslu og -ráðgjöf um land allt.

Uppbygging hjúkrunarrýma og sólarhringsþjónusta í heimahús

Byggjum 400 hjúkrunarrými fyrir aldraða á næstu 18 mánuðum. Þjóðum öldruðum á biðlistum hjúkrunar- og ummönnunarþjónustu í heimahús allan sólarhringinn þar til vandinn hefur verið leystur.

Árangurstengdur samningur um greiningar barna með þroskafrávik

Gerum árangurstengdan samning við Greiningarstöð ríkisins um greiningar á þroskafrávikum þannig að leikskólar, skólar eða aðrir stuðningsaðilar geti hafið viðeigandi meðferð.

Kjósum biðlistana burt 12. maí

Lestu nánar um biðlista ríkisstjórnarinnar og lausnir Samfylkingarinnar á www.xs.is



XS



GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	63,99	64,29
Sterlingspund	127,57	128,19
Evra	87,08	87,56
Dönsk króna	11,685	11,753
Norsk króna	10,709	10,773
Sænsk króna	9,502	9,558
Japanskt jen	0,5346	0,5378

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

117,9618

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Óvíst hvort þjóðþing Tyrklands getur kosið forseta:

Stjórnarkreppa vofir yfir

TYRKLAND, AP Stjórnlagadómstóll Tyrklands hefur úrskurðað að fyrsta umferð forsetakjörs á þjóðþingi landsins síðastliðinn föstudag hafi verið ógild þar sem ekki hafi nægilega margir þingmenn verið viðstaddir atkvæðagreiðsluna. Ríkisstjórn Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra er með góðan meirihluta á þingi og hugðist velja utanríkisráðherra sinn, Abdullah Gul, í forsetaembætti til að styrkja stöðu sína. Stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn tók hins vegar ekki þátt í atkvæðagreiðslunni. Hundruð þúsunda Tyrkja hafa mótmælt því að næsti forseti verði úr röðum stjórnarflokksins. Her

landsins og fjölmargir ríkisstafsmenn óttast að stjórnin vilji auka áhrif íslam opinberlega. Samkvæmt stjórnarskrá Tyrklands er það þjóðþingið sem velur forseta landsins. Forseti skal kosinn með tveimur þriðju hlutum atkvæða, en í þriðju umferð nægir einfaldur meirihluti þannig að á endanum myndi stjórnin ná því fram að Gul verði forseti þótt hún ráði ekki yfir tveimur þriðju hlutum þingsæta. Haldi hins vegar stjórnarandstaðan áfram að mæta ekki, þá verður væntanlega ekki hægt að velja forseta nema nýtt þing verði fyrst kosið. Gerð verður önnur tilraun í dag. -gb



ÓEIRDIR Í ISTANBÚL Vinstrimenn í Tyrklandi notuðu verkalýðsdaginn 1. maí til að efna til óeirða. Lögreglan tók hart á móti, beitti tárágasi og háþrýstvatni auk þess sem margir mótmælendur voru barðir með kylfum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



LOS ANGELES Mengunarmistur grúfir yfir bandarísku stórborginni skömmu fyrir sósetur. NORDICPHOTOS/AFP

Mengun í Bandaríkjunum:

Mest mengun í Los Angeles

BANDARÍKIN, AP Los Angeles er enn á ný í efsta sæti á lista Bandarísku lungnasamtakanna yfir bandarískar borgir með mengað andrúmsloft. Hvergi í Bandaríkjunum mældist andrúmsloft mengaðra á tímabilinu 2003 til 2005.

Auk þess að mæla ósonmengun mældu samtökin magn mengunaragna í andrúmsloftinu sem eru sögð sérstaklega hættuleg eldri borgurum, börnum, fólki sem æfir utandyra og fólki með öndunarfærasjúkdóma.

Næstum helmingur bandarísku almennings býr á svæðum þar sem mengun er talin yfir heilbrigðismörkum samkvæmt samtökunum. -sdg

HEILBRIGÐISMÁL

Framlengt við SÁÁ

Framlengdur hefur verið þjónustusamningur milli heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins annars vegar og SÁÁ hins vegar um rekstur sjúkrasíðs SÁÁ til ársloka 2007. Til viðbótar verður þjónusta við óþímufikla aukin. Samningurinn var fyrst gerður í október 2002.

ÁRÉTTING

Mennirnir sem voru á siglingu niður Jökulsá eystri í fyrradag þegar bát þeirra hvalfði voru þar á kajak en ekki gúmmibát eins og skilja mátti af myndinni sem birtist með fréttinni. Myndin er úr safni Fréttablaðsins og tengdist ekki fréttinni á nokkurn hátt.

Unglingar segja konur frekar eiga að þrifa

Hugmyndir unglunga nú um kynhlutverk eru mun íhaldssamari en árið 1992. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Andreu Hjálmsdóttur við Háskólann á Akureyri. Hún segir greinilegt bakslag hafa orðið í jafnréttisbaráttunni.

RÉTTINDAMÁL Mun fleiri unglingsstúlkur telja að konur eigi að sjá um þvott nú heldur en var árið 1992. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Andreu Hjálmsdóttur við Háskólann á Akureyri. Hún segir greinilegt bakslag hafa orðið í jafnréttisbaráttunni.

Í rannsókninni voru spurningar um kynin, hlutverk þeirra og stöðu inni á heimili og úti á vinnuarkaði lagðar fyrir helming allra nemenda í 10. bekk árið 2006, og svöruðu alls 2.022 þeirra. Útkoman var svo borin saman við svör jafnaldra þeirra árið 1992 við sömu spurningum.


„Samanburðurinn á því sem var og því sem nú gerist er sjokkerandi,“ segir Andrea.

Sem dæmi um breytt viðhorf unglunga má nefna að í fyrri könnuninni töldu 29 prósent unglingsstúlkna að hlutfallið ætti að vera jafnt. Árið 2006 töldu 45 prósent unglingsstúlkna hins vegar eðlilegt að konur sæju um þvottinn en 55 prósentum þeirra þótti rétt að verkið skiptist jafnt milli kynjanna.


„Það hefur verið lengi látið eins og jafnrétti sé rétt handan við hornið. Að það þyrfti ekki lengur að berjast því þetta væri allt rétt að breyta á. Svo virðist ekki vera,“ segir hún en bendir á að unglingar séu annars vel upplýstir um launamun og valdahlutverk á vinnuarkaði.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, menntunarfræðingur við Háskólann á Akureyri, segir að umræðan um að drengjum gangi verr í skóli um hafi haft skaðleg áhrif á jafnréttisumræðuna. Þá sérstaklega þar sem látið sé eins og stúlkum gangi vel á kostnað drengjanna.

HVERNIG FINNST ÞÉR EÐLILEGAST AÐ HJÓN SKIPTI MED SÉR VERKUM EF BÆÐI VINNA UTAN HEIMILIS?



Þvottur á fatnaði



Heimild: Háskólinn á Akureyri

Andrea kannaði einnig mismunandi viðhorf aldurshópa til kynhlutverka. „Í rannsóknunum hefur komið fram að almennt er yngri fólk neikvæðara gagnvart jafnrétti en eldra. Kynslóðaskiptingin er samt mjög áberandi,“ segir

Andrea og bendir á að þegar spurt var um hæfni kynjanna til þess að annast barnaupplæddi hafi yfir 80 prósent kvenna á aldrinum 18 til 70 ára talið kynin vera jafnhæf til þess að annast uppeldi barna sinna en einungis 58 prósent stúlkna í 10. bekk. „Stjórnvöld hafa verið frekar andvíg jafnréttisbaráttu en henni þarf að koma á aftur miðað við þessar niðurstöður,“ segir Andrea.

karen@frettabladid.is

Nornafar í Gíana:

Múgur myrta aldraða konu

GÍANA, AP Óður múgur réðst á laugardaginn á aldraða konu í litlu þorpi í Gíana í Suður-Ameríku og grýtti hana til bana. Þrír menn hafa verið handteknir og fleiri yfirheyrðir í þorpinu.

Þorpsbúar töldu konuna vera eins konar norn eða blóðsugu, svokallaða „Old Higue“ sem getur breytt um ham og smogið í gegnum skrárgöt. Samkvæmt gamalli þjóðtrú sjúga nornir þessar blóð úr ungbörnum.

Konan vakti grunsemdir með undarlegri hegðun, en hún mun hafa þjást af geðtruflunum. Fólkið barði konuna með kúst þangað til hún lést og stráði síðan hrisgrjónum í kringum líkið. -gb



HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS Ekki hefur tekist að finna fólk í afleysingar fyrir sumarið.

Sjúkrahúsið á Egilsstöðum:


Lokað á fleiri innlagnir vegna manneklu

HEILBRIGÐISMÁL Lokað verður fyrir allar innlagnir á sjúkrahúsið á Egilsstöðum frá föstudeginum 11. maí að því er segir á vef Austurgluggans. Þar kemur fram að framkvæmdaráð Heilbrigðisstofnunar Austurlands hafi brugðið á þetta ráð þar sem ekki hafi tekist að finna afleysingarfólk fyrir sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga í sumar.

Í tilkynningu frá heilbrigðisstofnuninni segir að ákvörðunin verði endurskoðuð ef forsendur breytist. -gar

VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	17°C	hálfskýjað	London	20°C	heiðskirt
Billund	18°C	hálfskýjað	Paris	22°C	heiðskirt
Oslo	18°C	hálfskýjað	Frankfurt	20°C	heiðskirt
Stokkhólmur	11°C	hálfskýjað	Friedrichshafen	16°C	léttskýjað
Gautaborg	15°C	heiðskirt	Berlin	18°C	léttskýjað
Alicante	20°C	skúrir	Mallorca	21°C	hálfskýjað
Basel	21°C	hálfskýjað	Eindhoven	23°C	hálfskýjað
Las Palmas	20°C	léttskýjað			

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

TÆKIFÆRI TIL NÝSKÖPUNNAR

kynntu þér málið á
www.vg.is

120 ¹⁸⁸⁶₂₀₀₆



LANDSBANKA HLAUPIÐ



5. MAÍ

um allt land

Í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans endurvekjum við Landsbankahlaupið fyrir alla hressa 10-13 ára krakka (fædda 1994, 1995, 1996, 1997).



Sameiginlegt hlaup fyrir höfuðborgarsvæðið er á Laugardalsvellinum í Reykjavík.

- Felix Bergsson og Þóra Margrét Jónsdóttir stjórna upphitun
- Bjarni töframaður sér um jójó og hakkísakk leiki



Hlaupið verður við 21 útibú bankans um landið, sjá nánar á klassi.is Fjölskylduhátíð um allt land að hlaupi loknu, veitingar og skemmtun fyrir alla



SKRÁNINGU LÝKUR FIMMTUDAGINN, 3. MAÍ

Skráning fer fram í öllum útibúum Landsbankans og á Klassi.is Þátttakendur þurfa að staðfesta skráningu með því að sækja rásnúmer sín í útibú Landsbankans, líka þeir sem skrá sig á netinu.

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum aldurshópi drengja og stúlkna

- Allir þátttakendur fá verðlaunapening
- Allir þátttakendur fá Klassa-vatnsbrúsa
- Allir þátttakendur fá Klassa-boli



Taktu þátt!

Allar nánari upplýsingar um hlaupið á Klassi.is



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

KJÖRKASSINN



Finnst þér að verslanir eigi að fá að hafa opið allan sólarhringinn í íbúðahverfum?

Já	39%
Nei	61%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Först þú í kröfugöngu 1. maí?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Tvær flugur slegnar í einu höggi við uppbyggingu í Helgafellslandi:

Loka námu með uppgreftri

UMHVERFISMÁL „Tækifærið verður notað við uppbyggingu Helgafellshverfisins til þess að loka Helgafellsnámunni og græða hana upp,“ segir Haraldur Sverrisson, formaður skipulags- og byggingarnefndar Mosfellsbæjar.

Við uppbyggingu nýs hverfis með um eitt þúsund íbúðum í suðurhlíðum Helgafells falla til um 100 þúsund rúmmetrar af jarðefnum sem þarf að koma fyrir annars staðar. Vinna við gatnagerð er hafin og á hverfið að verða fullbyggt árið 2012.

Haraldur segir ekki ljóst hversu miklu af uppgreftrinum sé hægt að koma fyrir í Helgafellsnámu-



HELGAFELLSNÁMA Henni verður lokað og jarðvegurinn bundinn með gróðri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

unni sem er neðan við Þingvallaafleggjarann.

„Það kemst náttúrlega aldrei allt þarna fyrir. En við erum með aðra staði til að setja uppgröft á efni í Mosfellsbæ. Þeir hafa reyndar sótt um að setja efni í norðurhlíðar Helgafells og þar verði ræktaður skógur. Það er í skoðun. Að svona uppbyggingarsvæði séu sem sjálfbærust er allra hagr,“ segir Haraldur sem telur mikla bót af því að Helgafellsnámunni verði lokað.

„Við erum slá tvær flugur í einu höggi. Það hefur bæði verið lýti að námunum og þaðan hefur verið mikið sandfok yfir bæinn. Þannig að við bæðum fegrum landið og komum í veg fyrir fokið.“ - gar

Ráðherraskipti á Grænlandi:

Harðar deilur um rækjuveiðar

GRÆNLAND, AP Hans Enoksen, forsætisráðherra Grænlands, sleit á mánudag stjórnarsamtari við vinstriflokkinn Inuit Ataqatigiit vegna ágreinings um rækjuveiðar. Eftir sitja í stjórninni tveir stjórnálflokkar, sósíaldemókrataflokkurinn Siunut, sem er flokkur Enoksens, og hægri flokkurinn Atassut. Þessir flokkar hafa enn nægan meirihluta til að stjórna áfram, en þriggja flokka stjórn þeirra með IA tók til starfa árið 2005.

Ágreiningurinn snerist um að IA vildi setja strangari reglur um rækjuveiðar til að koma í veg fyrir ofveiði. - gb

Hugo Chavez:

Venesúela úr Alþjóðabanka

VENESÚELA, AP Hugo Chavez, hinn vinstriinnáði forseti Venesúela, tilkynnti á mánudaginn að Venesúela myndi segja formlega upp aðild að Alþjóðabankanum og Alþjóðagjald-eyrissjóðnum.

„Við þurfum ekki lengur að leita til Washington, hvorki til



HUGO CHAVEZ

Alþjóðabankans né Alþjóðagjald-eyrissjóðsins,“ sagði Chavez, sem ætlar að biðja þessar stofnanir að skila Venesúela „því sem þær skulda okkur“.

Venesúela greiddi allar sínar skuldir við Alþjóðagjald-eyrissjóðinn stuttu eftir að Chavez varð forseti árið 1999. Á síðasta ári lokaði sjóðurinn skrifstofum sínum í Venesúela. - gb

Vopnleit í höndum fyrirtækis:

Securitas leitar á flugvellinum

SAMGÖNGUR Securitas hefur tekið við vopnleit og öryggisefirliti á Reykjavíkflugvelli. Samningur þess efnis var undirritaður í gær. Þetta er í fyrsta skipti sem einkafyrirtæki hefur umsjón með öryggismálum á Reykjavíkflugvelli.

Samkvæmt alþjóðasamningum þarf að leita að vopnum á öllum farþegum sem fljúga í farþegaflug frá Íslandi. Til þessa hefur verkefnið verið í höndum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Verkið var boðið út á vegum Ríkiskaupa í febrúar. Farþegar í millilandaflugi munu ekki verða varir við breytingar á vopnleitinni, segir í tilkynningu. - sps

Tony Blair á förum eftir tíu ára stjórn

Blair ætlar í næstu viku að tilkynna um brotthvarf sitt. Á morgun fá kjósendur síðasta tækifærið til að segja hug sinn til Blairs áður en hann hættir.

BRETLAND, AP Í næstu viku ætlar Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, að skýra frá því hvenær hann hyggst láta af embætti. Þetta sagði hann í sjónvarpsviðtali í gær en þá voru liðin tíu ár upp á dag frá því hann vann frækinn kosningasigur árið 1997.

Almennt er reiknað með því að hann hætti, bæði sem forsætisráðherra og formaður Verkamanna-flokksins, á allra næstu vikum. Arftaki hans er talinn verða Gordon Brown fjármálaráðherra og Blair virtist staðfesta það í gær þegar hann sagði að líklega yrði næsti forsætisráðherra Skoti. Brown er einmitt frá Skotlandi.

Blair sagði það hafa verið „forréttindi“ að fá að vera forsætisráðherra, en í næstu viku muni hann skýra frá því hvenær hann hyggst hætta. Síðustu misserin hafa reglulega skotið upp kollinum vangaveltur um það hvenær hann ætli að hætta, en á landsfundi Verkamanna-flokksins síðasta haust sagðist hann ætla að hætta fyrir næsta landsfund, sem verður haldinn í haust.

Á morgun fá kjósendur í Bretlandi tækifæri til að sýna hug sinn til Blairs og stjórnar hans, því þá verður efnt til sveitarstjórnarkosninga í Bretlandi og einnig verður kosid til héraðsþinga í Skotlandi og Wales.

Blair er miklu óvinsælli nú en fyrir tíu árum, ekki síst fyrir þáttöku Breta í Íraksstríðinu og dyggan stuðning Blairs við George W. Bush Bandaríkjaforseta á alþjóðavettvangi. „Töluvert margir munu nota þessar kosningar til þess að mótmæla með atkvæði sínu – ekki til að greiða atkvæði gegn flokknum heldur gegn



FÖGNUMUR FYRIR TÍU ÁRUM Tony Blair ásamt eiginkonu sinni, Cherie, eftir að Verkamanna-flokkurinn vann stórsigur í þingkosningum eftir átján ára stjórnartíma íhaldsflokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AF

Blair,“ sagði Dave Edler, 44 ára leikari sem er í framboði fyrir Græningja.

Blair reynir þó að klóra í bakkann og hvetur kjósendur í Skotlandi til þess að greiða ekki aðskilnaðarsinum atkvæði sitt, en í Skotlandi er flokkur aðskilnaðarsinna einn sterkasti keppinautur Verkamanna-flokksins um

atkvæði kjósenda. Ef Verkamanna-flokkurinn tapar miklu í þessum kosningum gefur það íhaldsflokknum, með David Cameron í fararbroddi, byr undir báða vængi. Íhaldsmenn vonast til þess að sigra í næstu þingkosningum, sem líklega verða þó ekki fyrr en árið 2009 eða 2010.

gudsteinn@frettabladid.is



RAÚL KASTRÓ í staðinn fyrir Fidel kom það í hlutverk bróður hans að veifa mannfjöldanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

1. maí á Kúbu:

Kastró lét ekki sjá sig í gær

KÚBA, AP Fidel Kastró sást hvergi þegar haldið var upp á alþjóðadag verkalýðsins á Kúbu í gær. Kúbverjar höfðu margir vonast til þess að sjá hann mæta til leiks þegar hundruð þúsunda manna gengu fylktu liði yfir Byltingartorgið í Havana.

Á pallinum sem ætlaður var Kastró stóð þess í stað bróðir hans, Raúl, sem stjórnað hefur landinu frá því Fidel veiktist alvarlega síðasta sumar.

Kastró er orðinn áttræður og hefur ekki látið sig vanta á 1. maíhátíðarhöldin áratugum saman. Margir höfðu vonast til þess að hann væri að ná sér af veikindum sínum, en þess í stað óskuðu menn honum góðs bata. - gb

LÖGREGLUMÁL

Ofurölví í skrudgarði

Mikið bar á unglíngadrykkju í miðbæ Reykjanesbæjar á mánudagskvöld. Lögreglan hafði meðal annars afskipti af 14 ára stúlku sem fannst ofurölví í skrudgarði bæjarins. Hún var ásamt nokkrum öðrum unglíngum færð á lögreglustöðina, þar sem foreldrum var gert að sækja þau.

Samfylkingin

Mengun yfir viðmiðunarmörkum í hluta aðrennslisganga Kárahnjúkavirkjunar í gær:

Sérfræðingur væntanlegur á morgun

HEILBRIGÐISMÁL Von er á frönskum sérfræðingi á Kárahnjúka á morgun, en hann mun meta hvernig best sé að standa að loftræstingu í aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar. Hætta þurfti vinnu í tveimur hlutum ganganna í fyrri-nótt og gær þar sem mengun fór yfir viðmiðunarmörk.

Ómar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo, segir að símælingar sem gerðar voru þar sem unnið er í göngunum hafi sýnt að mengun var komin yfir æskileg mörk, og starfsmennirnir því verið færðir í önnur verkefni í öðrum hluta ganganna.

Fyrira atvikið varð um klukkan 1 aðfaranótt þriðjudags og lá vinna niðri í þeim hluta ganganna fram yfir hádegi í gær. Um klukkan 17 í gær fór svo mengunin yfir leyfileg mörk í öðrum hluta ganganna og átti að kanna mengunina aftur í gærkvöldi.



MENGUN YFIR MÖRKUM Rýma þurfti tvo hluta aðrennslisganganna í gær. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ómar segir að loftþrýstingur á svæðinu hafi torvaldað loftræstingu í göngunum. Miðað við veðurspá eigi að fara að kólna á svæðinu

og þá ætti loftþrýstingur að verða hagstæðari og þar með ætti að draga úr mengun í göngunum. - bj

AFNEMUM
STIMPIL-
GJÖLDIN

Góð hugmynd um betri framtíð

3. MAÍ SMÁRALIND



STYÐJUM EIRÍK ALLALEIÐ!

Á MORGUN, FIMMTUDAG KL. 17:30, KVEÐJUM VIÐ EIRÍK ÁÐUR EN HANN FLÝGUR Á VIT EUROVISION-ÆVINTÝRANNA Í HELSINKI.

- Eiríkur flytur Eurovision-lagið Valentine Lost ásamt hljómsveit og áritar geisladiskinn.
- Aðalheiður Ólafs og Sigurjón Brink taka lagið.
- Tilkynt hver hefur unnið ferð fyrir tvo með Eiríki til Helsinki.
- Fleira skemmtilegt.

SPRON STYÐUR EIRÍK – HVAÐ MEÐ ÞIG?

SPRON styður Eirík og hvetur þjóðina til þess að gera það sama með því að taka þátt í nýjum leik á spron.is fyrir 10. maí. Þú sendir Eiríki og hinum í hópnum stuðning þinn og gætir átt von á því að fá Eurovision-vinninga eða glæsilegt 42" LCD-sjónvarp.

Sjáumst í Smáralindinni!



 **spron**

UMHVERFISVÆN EFNI FYRIR SUMARBÚSTAÐI

Í bústaðnum skiptir miklu máli hverskonar vörur eru notaðar við þriffin. Röng efnanotkun getur auðveldlega heft niðurbrot í rotþrómg og valdið stíflum. Umhverfisvæn hreinsiefni eru því bæði betri og öruggari kostur.

Økoren WC-hreinsir

Seigtíjótandi WC-hreinsir sem fjarlægir fljótt og vel kalk, ryð og óhræinindi ásamt því að koma í veg fyrir ólykt.



Økoren opphvottalögur

Økoren opphvottalögur er hlutlaust hreinsiefni til handupphvotta og hreinsunar á öllum þvotteldum flötum.

Spartan umhverfisvænn badherbergishreinsir

Umhverfisvænn badherbergishreinsir vottaður af Green Seal í Bandaríkjunum. Er með náttúrulegum sýrum, sítrónusýru (8%) og þrífur vel sápuskánir, þurrkbletti og ryðsmít af flísam, salernisskálum og vöskum.



Økoren Universal alhliða hreinsiefni

Ahliða basískt hreinsiefni til daglegra nota á öllum þvotteldum flötum. Einnig kjörrið til þrifa á sápubornum og bónuðum gólfum.



BESTA

- hrein fagmennska

Grundargótu 61 • Grundarfirði
Sími: 430 0000

Brekustíg 39 • Njarðvík
Sími: 420 0000

Miðási 7 • Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Ármúla 23 • Reykjavík
Sími: 510 0000

Reykjavíkurborg endurnýjar lagnir í hverfi 105 á ábyrgð heimilanna:

Vöruðu íbúa ekki við skemmdunum

FRAMKVÆMDIR „Nei, það var aldrei einu orði á það minnst að það yrðu hugsanlega skemmdir,“ segir Sif Bjarnadóttir, íbúi í Meðalholti, um lagnaframkvæmdir framkvæmdasviðs í hverfi 105.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í fyrradag fengu íbúar í hverfinu orðsendingu áður en framkvæmdir hófust. Í henni var tekið fram að ýmsar skemmdir, sem af framkvæmdunum gætu orðið, yrðu alfarið á ábyrgð og kostnað heimilanna.

Sagt var að haft hefði verið samráð við íbúana um framkvæmdirnar. Sif segist vissulega hafa fengið heimsókn frá Orkuveitunni í vetur og verið gefið færi á að koma fram



Í MEÐALHOLTI íbúar í götunni eru ekki sáttir við að þurfa að bera ábyrgð á skemmdum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

með óskir um legu lagnanna innanhúss. Aldrei hafi verið minnst á skemmdirnar.

Anna Saari býr einnig í Meðalholti. Hún bendir á að veggheðslurnar í götunni séu illbætanlegar. „Þú endurnýjar ekki svona vegg, þetta er gömul týpa og þannig húð á henni,“ segir hún.

Hilmar Sigurðsson, formaður Íbúasamtaka 3. hverfis, er ósáttur við orðsendinguna. „Það er í hæsta máta óeðlilegt að menn geti sett svona einhliða skilmála.“

Umsjónarmaður verksins hefur sagt við Fréttablaðið að framkvæmdaaðilar fari eins vel með eigu íbúa og hægt sé. Áður hafi verið kvartað undan orðsendingunni. Ekki náðist í sviðsstjóra framkvæmdasviðs.

- kóþ

Fulltrúar 119 ríkja fjalla um skýrslu um loftslagsbreytingar í heiminum:

Tekist á um orðalag loftslagsskýrslu

TAÍLAND, AP Bandaríkin og Kína vilja milda orðalag nýjustu skýrslu sérfræðinganevndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál í heiminum. Fulltrúar 119 landa eru staddir í Bangkok í Taílandi þar sem tekist er á um hvernig lokaútgáfa skýrslunnar verður.

Í niðurstöðum skýrslunnar segir að draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda á skjótan hátt ef heimurinn snúi frá notkun orkugjafa á borð við kol, fjárfesti í hagkvæmum orkugjöfum og geri umbætur á landbúnaði.

Sagt er að kostnaður ríkja vegna aðgerða til að hækkan hitastigs verði ekki meiri en tvær gráður kosti innan við þrjú prósent af vergri landsframleiðslu yfir tvo áratugi.



UMHVERFISINNAR „Björgum umhverfinu“ og „Endurnýjanlega orkugjafa strax“ er meðal þess sem stóð á skiltum mótmælenda í Bangkok á mánudag.

NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkin og Kína draga þetta í efa og segja að skjótar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda muni verða dýrari og bera minni árangur heldur en haldið er fram í skýrslunni.

Í fyrri tveimur skýrslum sérfræðinganevndarinnar á árinu er dökk mynd dregin upp af framtíðinni þar sem óheft losun gróðurhúsalofttegunda er talin geta valdið því að árið 2100 hafi hitastig á jörðinni hækkað um allt að sex gráður á Celsíus.

Jafnvel þótt hækkanin verði aðeins tvær gráður er það talið geta valdið því að árið 2050 þjáist allt að tveir milljarðar fólks af vatnsskort og 20 til 30 prósent tegunda heimsins verði í útrýmingarhættu.

- sdg

Lampard Rooney Gerrard Einar* Ronaldo

*fyrir okkur hin



IQ-CARE

HEILSUDYNNUR OG HEILSUKODDAR

Prýstijöfnun er lykilorðið

Ein besta heilsudýna í heimi

- IQ-CARE aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir dýpri og betri svefni.
IQ-CARE er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
IQ-CARE er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum og andar því betur.
IQ-CARE aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
IQ-CARE er ein sterkasta efnablanda sem þróuð hefur verið og endist því lengur en skyldar vörur.
IQ-CARE þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

VELDU AÐEINS ÞAÐ BESTA!

S-CAPE WALLHUGGER



Hjónarúm með
okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu
Dæmi: 160 x 200 cm kr. **369.900** stgr.

Rúm sem dregst að veggnum þannig að þú helst við hlið náttborðsins.

- Mest seldi botninn í heiminum.
- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Sterkir og hljóðátir þýskir lyftumótorar.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Öflugir nuddmótorar með sjálfvirkum tímaroða.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðarmót úr flugvélaplasti.
- 12 ára ábyrgð.




SWISSFLEX

50 ára reynsla



Loftrúm án rafmagns



PROFLEX



Hjónarúm með
okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu
Dæmi: 160 x 200 cm kr. **219.900** stgr.

Mest selda stillanlega rúmið á Íslandi. Frábær reynsla.

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráða hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.

Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er PROFLEX lausnin.

Frí þrýstijöfnunarmæling sem greinir hvaða dýna hentar þér best

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI



Svefn & heilsa
★★★★★

AKUREYRI



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR



Svefn & heilsa
★★★★★

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

Vísindamenn í Bandaríkjunum segja von fyrir Alzheimersjúklinga:

Nýtt lyf bætir úr minnistapi

VÍSINDI Nokkur von hefur vaknað um að efla megi minnisgetu Alzheimersjúklinga með lyfjum og aukinni virkni. Vísindamenn við MIT-háskólann í Bandaríkjunum skýra frá þessu í tímaritinu Nature.

Li-Huei Tsai og félagar hennar gerðu tilraunir með mýs. Músunum var fyrst kennt að forðast raflost og ferðast um völundarhús til að komast í mat. Að því búnu var heilastarfsemi þeirra skert nægilega mikið að þær gleymdu því sem fyrst var lært.

Í ljós kom að mýs sem látnar voru dveljast í fjölbreytilegu „leikumhverfi“ innan um aðrar mýs fengu langtímaminni sitt að nokkru aftur,



ALZHEIMERSJÚKLINGUR Í FRAKKLANDI Tilraunir á músunum í Bandaríkjunum benda til þess að Alzheimersjúkdómurinn eyði ekki minningum heldur leggi þær í dvala. FRÉTTABLAÐID/AP

en engar framfarir urðu hjá samamburðarhópi sem látinn var dýsa í fábreyttum búrum án félagsskapar.

Vísindamennirnir náðu einnig sambærilegum árangri með því að gefa músunum lyf sem ekki hefur áður verið notað er Alzheimersjúklinga. Lyfið er svonefndur HDAC-hemill, sem auðveldar tiltekna prótínframleiðslu í frumum líkamans.

Með þessu batnaði bæði minni og námsgeta músanna og vekur þetta vonir um að svipuð áhrif geti náðst fram í mönnum.

Tsai, sem er prófessor í taugavísindum, telur tilraunina hugsanlega gefa til kynna að Alzheimersjúkdómurinn þurki ekki út minningur, heldur geri þær með einhverjum hætti óaðgengilegar. - gb

BÓKAÐU FUND
HJÁ RÁÐGJAFNA
Á KAUPTHING.IS



TEKJUVERND

Haltu þínu striki með
Tekjuvernd Kaupþings



Bora eftir jarðhita í Suður-Þýskalandi

Jarðboranir sömdu í gær um kaup á þremur hátæknivæddum stórborum. Borarnir eru tvöfalt öflugri en stærsti bor Jarðborana í dag og komast á 5.000 metra dýpi. Fyrstu verkefni boranna hefjast fyrir lok árs í Suður-Þýskalandi.

ÍÐNADUR Jarðboranir sömdu í gær um kaup á risavöxnum jarðbor og um kauprétt á tveimur borum til viðbótar, sem fyrirtækið hyggst fyrst um sinn nýta til jarðhitaborana í Suður-Þýskalandi. Reiknað er með að boranir í Þýskalandi muni hefjast í haust.

Framleiðandi boranna, þýska fyrirtækið Herrenknecht Vertical GmbH, mun afhenda fyrsta borinn í haust og munu Jarðboranir greiða um tvo milljarða króna fyrir, segir Bent S. Einarsson, forstjóri Jarðborana. Í samningnum er kveðið á um kauprétt á tveimur borum til viðbótar, og því heildarvirði samningsins um sex milljarðar króna.

„Raforkufyrirtækin [í Þýskalandi] eru tilbúin að kaupa alla þá orku sem framleidd er með vistvænum hætti, eins og jarðhitinn er,“ segir Bent. „Það hefur verið ákveðin vakning í gangi í Þýskalandi varðandi umhverfismálin, við sjáum þarna gríðarleg tækifæri á næstu árum.“

Borarnir eru sérhannaðir fyrir jarðhitaboranir, og eru tvöfalt öflugri en Óðinn, stærsti borinn sem Jarðboranir eiga hér á landi. Nauðsynlegt er að beita svo öflugum borum þar sem dýpra er niður á heitt vatn í Þýskalandi en hér á landi. Nýju borarnir komast niður á allt að 5.000 metra dýpi, en hér er algengt að borað sé niður á 2.500 metra dýpi.

Bent segir stöðu Jarðborana sterka í Þýskalandi þar sem ekkert annað fyrirtæki þar í landi



KAUPA JARÐBORA Jón Sigurðsson iðnaðarráðgjafi var viðstaddur undirritun á samningnum um kaup á jarðborunum í gær. Haft er eftir honum í tilkynningu að Íslendingar séu að axla ábyrgð með því að leggja áherslu á virkjun endurnýjanlegra auðlinda með útlutningi á íslenski tækni- og verkþekkingu.

einbeiti sér að borunum eftir jarðvarma, enda hafi jarðvarmi ekki verið nýttur þar hingað til. Olu- og gasfyrirtæki sem stundi jarðboranir þar í landi hafi ekki sömu sérþekkingu á þeirri tegund borana og Jarðboranir, sem séu stærsta borfyrirtæki á heimsvísu sem sérhæfi sig í jarðvarma.

Raforkuverð í Þýskalandi er margfalt herra hér á landi, og segir Bent að orka sem aflað er með jarðvarma geti verið vel samkeppnishæf við aðra orku þar í landi, þótt það þurfi að bora dýpra

eftir henni en hér á landi. Það sé ekki síst vegna þess að hennar verði aflað á umhverfisvænum hátt.

„Þarna erum við að nýta okkur þá þekkingu sem við höfum verið að afla hér vegna þess að hér hefur verið mikil orkuöflun til stóriðju. Það er meginforsendan fyrir þessari nýju markaðssókn, við gætum ekki verið í þessari stöðu nema vegna þess að við erum með sterkan heimamarkað á bak við okkur,“ segir Bent.

brjann@frettabladid.is

Ómögulegt að hefta frjálsa för á vinnumarkaði, segir forstöðumaður SA:

Framlag útlendinga skiptir sköpum

VINNUMARKAÐUR „Svo til ómögulegt er að hefta frjálsa för á vinnumarkaði nema einfaldlega að fara í stríð við Evrópusambandið sem við getum ekki unnið,“ segir Ragnar Árnason forstöðumaður hjá Samtökum atvinnulífsins, SA, en sú umræða hefur verið í þjóðfélaginu undanfarið, fyrst og fremst runnin undan rifjum frambjóðenda Frjálslynda flokksins, að fresta beri frjálsri för erlends launafólks.

Málið var til umræðu á ráðstefnu um útlendinga og vinnumarkaðinn á vegum SA á Grand hóteli í liðinni viku. Þar sagði Ragnar að Íslendingar gætu ekki aftur tekið upp þær heimildir sem þeir áður höfðu. „Við erum búin að hoppa af þeim vagni,“ sagði hann. „Ef Ísland ætlar að hefta frjálsa för eða taka aftur upp atvinnuleyfi þá verðum við að grípa til þeirra gagn-vart öllum 27 ríkjum samningsins, líka Norðurlöndunum og þá getum við allt eins sagt upp EES-samningnum.“

Rannveig Sigurðardóttir, forstöðumaður hjá Seðlabankanum, benti á að erlent vinnuafli hefðu aukið framleiðslugetu hagkerfisins verulega. Dregið hefði úr launa- og verðbólguþrýstingi. Fyrirtæki gætu brugðist við tímabundinni eftirspurnaraukningu án þess að þurfa að hækka laun og verð og aðlögun að nýju jafnvægi ætti að verða auðveldari. Rannveig fór einnig yfir það hvernig staðan væri



RÆTT UM ÚTLENDINGA. „Fátt hefði verið betra án erlenda vinnuafnsins,“ sagði Rannveig Sigurðardóttir, forstöðumaður hjá Seðlabankanum. FRÉTTABLAÐID/HÖRÐUR

ef erlent starfsfólk hefði ekki komið til Íslands. Þá hefði verðbólgan verið hærri, stýrivextir hærri, hagvöxtur allt að 2,5 prósentum minni, einkaneysla allt að sex prósentum minni, fjárfesting atvinnuvega nokkrum prósentum minni og kaupmáttur ráðstöfunartekna allt að 4,5 prósentum minni. „Fátt hefði verið betra án erlenda vinnuafnsins. Framlag þess hefur skipt sköpum,“ sagði hún. - ghs

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

AJ | ARMANI
JEANS

FINUCCI
collezione


Benvenuto.

LLOYD

REDGREEN

BELLINI
collezione

bugatti



Herra
lagerinn
outlet

**Jakkafata-
sprengja!**

**Öll jakkaföt
kr. 14.980**

VERÐ ÁÐUR ~~69.980~~ ~~64.980~~ ~~59.980~~ ~~54.980~~ ~~49.980~~ ~~46.980~~ ~~44.980~~ ~~39.980~~

50%

**afsláttur
af öllum öðrum
vörum**

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
OG LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17

OPIÐ
SUNNUDAGINN 6/5 FRÁ KL. 13 TIL 17

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

Kosning utan kjörfundar

- Utankjörfundarskrifstofa Framsóknarflokksins að Hverfisgötu 33 er opin frá kl. 9–22 alla virka daga og frá kl. 12–20 um helgar.
- Kosning fer fram hjá sýslumönnum um land allt og hjá sendiráðum og ræðismönnum erlendis. Utankjörfundarkosning í Reykjavík fer fram í Laugardalshöll alla virka daga 10–22.
- Framsóknarfólk!
Látið okkur vita um stuðningsmenn sem ekki verða heima á kjördag, þá sem búa annars staðar en getið er um á kjörskrá og vini og ættingja sem búsettir eru erlendis.
- Nánari upplýsingar um kosningu utan kjörfundar er að finna á framsokn.is undir viðkomandi kjördæmi. Ef óskað er frekari upplýsinga er hægt að hafa samband við aðalskrifstofu Framsóknarflokksins í síma: 540-4300 eða á netfangið einar@framsokn.is
- Nánari upplýsingar um hvar kjósa má erlendis er að finna á vefslóðinni: www.utanrikisraduneyti.is/sendiraduneyti-og-raedisskrifstofur

framsokn.is

Framsókn



UTANKJÖRSTADASKRIFSTOFA SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Valhöll, Háaleitisbraut 1, 2. hæð, 105 Reykjavík
Símar: 515 1735 og 898 1720, fax: 515 1717
Netfang: oskar@xd.is

Utankjörfundarátvæðagreiðsla vegna alþingis kosninganna 12. maí nk. er hafin.

Kosið er hjá sýslumönnum um allt land.

Í Reykjavík er kosið í anddyri Laugardalshallarinnar alla daga kl. 10.00 - 22.00.

Erlendis er kosið í sendiráðum Íslands og hjá mörgum ræðismönnum. Einnig er kosið á sjúkrahúsum og öldrunarstofnunum skv. sérstökum auglýsingum þar um.

Munið að hafa skilríki meðferðis.

Utankjörfundarskrifstofan veitir allar upplýsingar og aðstoð við kosningu utan kjörfundar. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins www.xd.is og á upplýsingavef dómismálaráðuneytisins www.kosning.is

Sjálfstæðisfólk!

Látið okkur vita um stuðningsmenn sem ekki verða heima á kjördag, t.d. námsfólk erlendis.



Valgerður Sverrisdóttir talaði um mannréttindi við Háskólann á Akureyri: Vill íslenska mannréttindastofnun

MANNRÉTTINDI Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra vill setja á laggirnar íslenska mannréttindastofnun. Hún yrði á fjárlögum ríkisins, óháð stjórnvöldum og ætlað að vera veruleg viðbót við mannréttindastarfsemi í landinu. Þetta kom fram í ræðu Valgerðar við Háskólann á Akureyri á mánu-

dag. Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri hefur verið falið að kynna sér reglur um slíka stofnun og skila skýrslu þar um. „Ég tel mikilvægt að hugað verði að því að setja lög um slíka stofnun, og mun ég beita mér fyrir því þegar nýtt Alþingi kemur saman



Á RÁÐSTEFNUNNI Valgerður sagði tímabært fyrir Ísland að sækjast eftir sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna.

eftir kosningar,“ sagði Valgerður. Hlutverk Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, sem hefur aldrei átt þar sæti, bar einnig á góma í ræðu Valgerðar.

„Í ljósi aukins vægis mannréttindamála í alþjóðastarfi og þeirrar staðreyndar að Ísland hefur töluvert fram að færa á þessu sviði er tímabært að sækjast eftir sæti í nýju mannréttindaráði í samráði og samvinnu við önnur Norðurlönd,“ sagði hún.

Um miðjan maí kemur í ljós hvort Danir nái kjöri í ráðið, og í framhaldi af því munu stjórnvöld skoða möguleika á því hvenær Ísland geti boðið fram.

- sfs

Sigrún víkur ekki sæti í olíumálinu

Sigrún Guðmundsdóttir dómari víkur ekki í máli olíufélaganna gegn Samkeppnis- eftirlitinu og íslenska ríkinu. Félögin hafa mánuð til þess að kæra úrskurðinn.

DÓMSMÁL Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari féllst ekki á að víkja sæti í máli olíufélaganna Olís, Skeljungs og Kers, áður Olíufélagans, gegn samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu. Lögmenn olíufélaganna hafa mánuð til þess að kæra úrskurðinn. „Ég reikna frekar með því að við kærum,“ sagði Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kers, skömmu eftir að úrskurðarorð höfðu verið lesin upp.

Í munnlegum málflutningi vegna kröfunnar, sem Gísli Baldur Garðarsson, lögmaður Olís, lagði fram og lögmenn hinna olíufélaganna tóku undir, kom fram að það væri mat lögmanna félaganna að Sigrún hefði með orðum sínum í sératkvæði í máli Sigurðar Hreinssonar gegn Keri útilokað sig frá því að geta dæmt með hlutlausum hætti í málinu. Var þar sérstaklega vitnað til þess að Sigrún liti svo á að samráðið væri óumdeilt og það hefði leitt til herra verðs á olíu.

Heimir Örn Herbertsson, lögmaður Samkeppniseftirlitsins og íslenska ríkisins, segir úrskurðar-



GÍSLI BALDUR GARÐARSSON Sagði Sigrúnu vera vanhæfa til að dæma í málinu með hlutlausum hætti.



HEIMIR ÖRN HERBERTSSON Segir úrskurðinn ekki koma á óvart.

orð hafa verið eins og hann reiknaði með. „Þetta kemur mér ekki óvart og er alveg í takt við það sem ég reiknaði með.“

Í málflutningi vegna kröfunnar kom fram í máli Heimis Arnar að hann teldi ekki mögulegt að úrskurða dómara vanhæfan á grundvelli fyrri dóma hans. Auk þess vitnaði hann til dómafor-

dæmis í Hæstarétti, þegar Jón Gerald Sullenberger krafðist þess að Arngrímur Ísberg dómari myndi víkja sæti í Baugsmálinu, á grundvelli þess að hann gæti ekki horft á þátt Jóns Geralds með hlutlausum hætti. Hæstiréttur komst að því að Arngrímur þyrfti ekki að víkja sæti. Þá lauk hann máli sínu á því að spyrja hvers vegna þess var ekki krafist að Skúli Magnússon dómari, sem nú hefur hafið störf há EFTA-dómstólnum í Lúxemborg, myndi víkja sæti þar sem hann hefur einnig dæmt í skaðabótamálum sem fallið hafa olíufélagunum í óhag. Lögmennirnir svöruðu því til að þeir hefðu heyrt af því að Skúli væri að skipta um starf og því hefði verið óþarft að gera kröfu um að hann myndi víkja sæti. Þá hefði einnig verið umtalsverður munur á afstöðu Sigrúnar í sératkvæði hennar í þeirri afstöðu sem fram kom í dómum sem Skúli átti aðild að.

Í málflutningi vegna kröfunnar sögðu lögmennirnir Kristinn og Gísli Baldur ósannað hvort samráð hefði valdið tjóni.

magnush@frettabladid.is

Vorsprung durch Technik www.audi.com

Orka óháð tíma og rúmi



Audi A4 s-Line 2,0 lítra vél, stíglaus multitronic sjálfskipting, Bi-Xenon aðalljós, sóllúga, 17" álfelgur.

Verð 3.850.000 kr.



Ókeypis rakamælir

Kauptu 10 lítra Flügger 97, viðarvörn sem
stenst afburðavel íslenska veðráttu.
Mældu rakastigið í tréverkinu áður en
þú málar - til að tryggja góðan árangur.

Sæktu þér góð ráð og leiðbeiningar í næstu
Flügger verslun og á www.flugger.is



6.990,-
10 lítrar



Reykjavík · Kópavogur · Hafnarfjörður · Keflavík · Akureyri · Borgarnes

Flügger litir





FRAM FRAM FYLKING Meðlimir Lúðrasveitar verkalýðsins og Lúðrasveitarinnar Svans blésu í hljóðfæri sín á leið niður Laugavegin í kröfugöngunni í gær.



GAMAN Í GÖNGU Það er full ástæða til að brosa og hafa gaman af kröfugöngu þótt málefnið sem barist er fyrir séu flest grafalvarleg. Skólagjöld og námslán voru meðal þeirra mála sem göngugestir vöktu athygli á.

Baráttudagur fólksins

Um tvö þúsund manns tóku þátt í kröfugöngu í tilefni af baráttudegi verkalýðsins í miðborg Reykjavíkur í gær. Auk þess keyrðu mörg hundruð meðlimir Sniglanna um borgina í hópkeyrslu og héldu forvarnarsdag í Smáralind ásamt Umferðarstofu. **Vilhelm Gunnarsson** fór á stúfana með myndavélina sína.



TRESTUM VELFERÐINA Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, var meðal þeirra sem tóku til máls á Ingólfstorgi í gær. Yfirskrift fundarins var „Trestum velferðina – útrýmum fátæktinni“.



Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjúsku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



Árcin Fjárfestiférf ehf



Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



BAKSÝNISHUNDUR Hundurinn Birta fékk að fljóta með eigandanum Stefáni Kristjánssyni í hópkeyrslu Snigla um höfuðborgarsvæðið í gær.

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám fram á sumar Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 35.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.



1986 - 2007 • 21 ár í fremstu röð

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Námskeið á næstunni

Námskeið	Hefst	Lýkur	Tími	Stund.	Klst.	Verð	Ábendingar
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð	21.5.2007	25.5.2007	9:00-12:00	22	15	25.900 kr.	
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð	21.5.2007	24.5.2007	13:00-16:00	18	12	34.900 kr.	
Almennt tölvunám	29.5.2007	22.6.2007	9:00-12:00	90	60	74.900 kr.	Kennt er alla morgna
DreamWeaver - vefsíðugerð	2.5.2007	8.5.2007	13:00-17:00	27	18	29.900 kr.	Kennt er til 16:00 þri og fim
DreamWeaver - vefsíðugerð	11.6.2007	15.6.2007	13:00-17:00	27	18	29.900 kr.	Kennt er til 16:00 þri og fim
DreamWeaver og Photoshop	2.5.2007	15.5.2007	13:00-16:00	49	33	49.900 kr.	2., 4. og 7. maí til 17:00
DreamWeaver og Photoshop	11.6.2007	22.6.2007	13:00-16:00	49	33	49.900 kr.	2., 4. og 7. maí til 17:00
Dreamweaver, Photoshop og Flash	2.5.2007	24.5.2007	13:00-16:00	67	45	69.900 kr.	2., 4. og 7. maí til 17:00
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun	7.5.2007	11.5.2007	9:00-12:00	22	15	24.500 kr.	
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun	21.5.2007	25.5.2007	9:00-12:00	22	15	24.500 kr.	
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun	4.6.2007	8.6.2007	13:00-16:00	22	15	24.500 kr.	
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun	18.6.2007	22.6.2007	9:00-12:00	22	15	24.500 kr.	
Excel IIa: Sérhæfð töflureiknisnotk	18.6.2007	21.6.2007	13:00-16:00	18	12	29.900 kr.	
Excel IIb: Fjármálastjórn og bókhald	8.5.2007	15.5.2007	9:00-12:00	18	12	36.500 kr.	Kennt er þri/fim/má/þri
FileMaker I: Byrjendanám	3.5.2007	4.5.2007	9:00-12:00	9	6	16.900 kr.	
FileMaker II: Gagnagrunnsgerð	14.5.2007	16.5.2007	9:00-12:00	13	9	24.900 kr.	
FileMaker III: Forritun gagnagrunna	21.5.2007	8.6.2007	9:00-12:00	27	18	69.900 kr.	
Fingrasetning - tölvuvéritun	16.5.2007	18.5.2007	13:00-15:00	6	4	6.900 kr.	
Flash margmiðlun	21.5.2007	24.5.2007	13:00-16:00	18	12	24.900 kr.	
Heimasíðugerð fyrir 9-14 ára	25.6.2007	29.6.2007	9:00-12:00	22	15	17.900 kr.	Kennt er alla morgna
Heimasíðugerð fyrir 9-14 ára	20.8.2007	23.8.2007	9:00-12:30	21	14	16.900 kr.	Kennt er alla morgna
Internetið og tölvupóstur	31.5.2007	1.6.2007	9:00-12:00	9	6	10.900 kr.	
Ljósmyndavinnsla með Picasa	15.5.2007	16.5.2007	9:00-12:00	9	6	12.900 kr.	
Myndbandagerð fyrir 9-14 ára	18.6.2007	22.6.2007	9:00-12:00	22	15	17.900 kr.	Kennt er alla morgna
Myndbandagerð fyrir 9-14 ára	13.8.2007	17.8.2007	9:00-12:00	22	15	17.900 kr.	Kennt er alla morgna
Outlook: Póstur, dagbók, verkefni og tengiliðir	2.5.2007	4.5.2007	9:00-12:00	13	9	16.900 kr.	
Outlook: Póstur, dagbók, verkefni og tengiliðir	29.5.2007	31.5.2007	9:00-12:00	13	9	18.900 kr.	
Outlook: Póstur, dagbók, verkefni og tengiliðir	11.6.2007	13.6.2007	9:00-12:00	13	9	16.900 kr.	
Photoshop I: Ljósmyndavinnsla og myndir	9.5.2007	15.5.2007	13:00-16:00	22	15	26.900 kr.	
Photoshop I: Ljósmyndavinnsla og myndir	18.6.2007	22.6.2007	13:00-16:00	22	15	26.900 kr.	
PowerPoint I: glærugerð og -notkun	14.5.2007	16.5.2007	9:00-12:00	13	9	16.900 kr.	
Project verkefnastjórnun	10.5.2007	11.5.2007	9:00-17:00	22	15	39.900 kr.	
Publisher: útgáfa bæklinga og kynning	14.5.2007	16.5.2007	13:00-16:00	13	9	16.900 kr.	
Publisher: útgáfa bæklinga og kynning	11.6.2007	13.6.2007	13:00-16:00	13	9	16.900 kr.	
Stafræn ljósmyndun fyrir 9-14 ára	11.6.2007	15.6.2007	9:00-12:00	22	15	17.900 kr.	Kennt er alla morgna
Stafræn ljósmyndun fyrir 9-14 ára	7.8.2007	10.8.2007	9:00-12:30	21	14	16.900 kr.	Kennt er alla morgna
Stafræn ljósmyndun	14.5.2007	16.5.2007	9:00-12:00	13	9	16.900 kr.	
Tölvusmiðja barna og unglunga	11.6.2007	29.6.2007	9:00-12:00	67	45	45.000 kr.	Kennt er alla morgna
Tölvusmiðja barna og unglunga	7.8.2007	23.8.2007	9:00-12:20	67	45	45.000 kr.	Kennt er alla morgna
Verkefna- og tímastjórnun með Outlook	23.5.2007	24.5.2007	9:00-12:00	9	6	18.900 kr.	
Visio viðskiptagrafík og teikning	29.5.2007	1.6.2007	13:00-16:00	18	12	24.900 kr.	
Windows XP fyrir byrjendur	29.5.2007	30.5.2007	9:00-12:00	9	6	10.900 kr.	
Windows, Word og Internetið	29.5.2007	5.6.2007	9:00-12:00	27	18	28.900 kr.	
Word I: Almenn ritvinnsla	7.5.2007	11.5.2007	9:00-12:00	22	15	24.500 kr.	
Word I: Almenn ritvinnsla	4.6.2007	8.6.2007	9:00-12:00	22	15	24.500 kr.	
Word Ia: Grunnur ritvinnslu	7.5.2007	8.5.2007	9:00-12:00	9	6	10.900 kr.	
Word Ib: Betri ritvinnsla	9.5.2007	11.5.2007	9:00-12:00	13	9	16.900 kr.	
Word II: Kraftmikil ritvinnsla	21.5.2007	25.5.2007	13:00-16:00	22	15	26.900 kr.	
Word: Dreifibréf og markpóstur	24.5.2007	24.5.2007	13:00-16:00	4,5	3	6.900 kr.	
Word: Töflur og eyðublöð	25.5.2007	25.5.2007	13:00-16:00	4,5	3	6.900 kr.	
Word: Vinnsla langra skjala	21.5.2007	23.5.2007	13:00-16:00	13	9	16.900 kr.	

Tölvusumarskólinn



Við bjóðum spennandi námskeið í júní og ágúst fyrir hressa krakka á aldrinum 9-14 ára, 19. árið í röð.

Á þremur námskeiðum er blandað saman kennslu, sjálfstæðum verkefnum og leikjum. Hvert námskeið er ein vika að lengd en einnig er hægt að skrá sig í Tölvusmiðju barna og unglunga og taka þá öll þrjú námskeiðin í einum pakka:

- Tölvusmiðja barna og unglunga - 3 vikur
- Stafræn ljósmyndun fyrir 9-14 ára - 1 vika
- Myndbandagerð fyrir 9-14 ára - 1 vika
- Heimasíðugerð fyrir 9-14 ára - 1 vika

Upplýsingar um innihald, lengd, tíma- og dagsetningar er að finna á vefsíðu okkar og í stundatöflunni hér til hliðar.

Verð: Vikunámskeið: 17.900,- staðgreitt
Tölvusmiðjan: 45.000,- staðgreitt
+ 10% vina- og systkinaafsláttur

Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og Windows XP
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist þátttakandanum í vinnu eða heima við.

Lengd: 84 stundir/57 klukkust.

Verð: 74.900 staðgr.

Tímar: Morgunámskeið 24. apríl og 29. maí.

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar

– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símabjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitid nánari upplýsinga um kjör).



TÖLVU- OG
VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

www.tv.is

„ORÐRÉTT“

Misskilningur?

„Ég vísa því alfarið á bug að við séum vísitandi að lækka verð í grennd við stöðvar Atlantsólu, og halda verðinu uppi annars staðar.“

MÁR ERLINGSSON, INNKAUPASTJÓRI SKELJUNGSS.

Fréttablaðið 1. maí

Frekar í kolanámu

„Göngin eru hræðileg og mengunin verður að stöðva [...] Ég vann einu sinni í kolanámu heima, á sex klst. vöktum, en vaktin í göngunum er 13 klst.“

ANDRZEJ-ANDREAS SZEPYTIK, STARFSMAÐUR Á KÁRAHNIJUKUM. Morgunblaðið 1. maí

nær og fjær
tilveran

HVAD ER AÐ FRÉTTA? SILJA BÁRA ÓMARSÓTTIR STJÓRN MÁLAFRÆÐNGUR

Byrjuð að skipuleggja veturinn

„Ég er bara á fullu í vinnunni, nú eru það auðvitað frönsku forsetakosningarnar sem maður er að huga að og svo er það afstaða Breta til Evrópusambandsins, sem kallar á,“ segir Silja Bára Ómarsdóttir, stjórn málafræðingur og forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. „Svo er ég að ritstýra tveimur bókum, önnur kemur út í næstu



viku og hin vonandi bara aðeins seinna. Annars er ég nú líka á leiðinni til Svíþjóðar á námskeið hjá sænska Varnarmálaskólanum. Og svo þarf ég auðvitað að kjósa í dag ef skekynni að fluginu frá Svíþjóð yrði seinkað, því ekki vil ég sleppa því að kjósa,“ segir Silja um það sem helst er á döfinni í lífi hennar um þessar mundir. Þegar minnst er á varnarmál ber nýjan varnarsamning við Norðmenn óhá-

kvæmilega á góma. „Mér finnst þetta hálf kjánalegur samningur, fremur innantómur að því er virðist. Það væri fullkomlega eðlilegt að fara í borgaralegt samstarf um björgunaraðgerðir og þess háttar við Norðmenn en samningurinn eins og hann er virkar eitthvað skýrtinn. Svo er ég að skipuleggja sumarskóla og svo var ég að kaupa mér nýja íbúð á Hofsvallagötunni og svo þarf ég nú eiginlega líka að fara að skipuleggja veturinn. Ég er alltaf með einhver áform, þá get ég bara breytt þeim síðar. Það er mitt lífsmóttó ef svo má segja.“

SINALCO: ELSTI GOSDRYKKUR ÁLFUNNAR

■ Gosdrykkurinn Sinalco var fyrst settur á markað árið 1902. Drykkurinn er því elsti gosdrykkur veraldar. Nú á tímum er hann seldur í yfir 40 löndum. Sinalco var fundið upp af þýska vísindamanninum Friedrich Eduard Bilz. Heitið Sinalco kemur úr latínu og er stytting á sine alcohole, sem þýðir án alkóhóls.

SJÓNARHÓLL
NÆTUROPNUN VERSLANA

ÁLFRÚN HELGA ÖRNÓLFSDÓTTIR
Leikkona

Að geta lifað af nóttina

Borgarráð Reykjavíkur er að láta athuga möguleika á því að banna næturofnun verslana inni í íbúðahverfum í kjölfar harðorðra kvartana íbúa í vesturbænum vegna næturofnunar verslunarinnar 10-11 á Hjarðarhaganum. Segja íbúarnir ónáði og óláti fylgja næturofnuninni.

Alfrún Helga Örnólfsdóttir leikkona segir sjálfsgætt að tekið sé fyrir næturofnunir verslana ef það trufar ró íbúa í nágrenninu.

„Mér finnst alveg nóg að það sé opið til ellefu eða miðnættis. Það má alveg vera ein og ein búð opin einhvers staðar þar sem er ekki íbúabyggð, svona í neyð. Annars hugsa ég að fólk ætti að geta lifað af nóttina eins og það hefur alltaf verið þangað til fyrir stuttu.“

Hafði aldrei áður hitt nafna sinn

Snorraverkefni Þjóðræknifélags Íslands fékk á dögunum byr undir báða vængi þegar Landsbankinn skuldbatt sig til að leggja verkefninu til sex milljónir króna á ári, næstu fimm árin. Vestur-Íslendingurinn Helgi Gunnar Thorsteinsson segir að verkefnið hafi breytt lífi sínu fyrir sex árum.

Samningur milli Landsbankans og Þjóðræknifélagsins var undirritaður á ársþingi Þjóðræknifélaga Íslendinga í Norður-Ameríku, sem fór fram í Winnipeg í Manitoba um síðustu helgi.

Snorraverkefnið var stofnað árið 1998 og hefur að markmiði að efla tengsl fólks af íslenskum uppruna í Vesturheimi við Ísland og hefur það notið mikilla vinsælda. Nú hafa tæplega 150 einstaklingar tekið þátt í Snorraverkefninu og margir þeirra komnir í áhrifastöður í kanadísku samfélagi.

Meðal þeirra sem tekið hafa

þátt í Snorraverkefninu er Helgi Gunnar Thorsteinsson, sem kom hingað til lands í fyrsta sinn árið 2001. Hann segir að sú ferð hafi breytt lífi sínu. „Í tollskoðuninni á Keflavíkurflugvelli hitti ég í fyrsta skipti á ævinni nafna minn,“ segir hann og hlær. Helgi bjó á Vopnafirði í nokkrar vikur og náði merkilega góðu valdi á íslensku á ótrúlega stuttum tíma. Eftir að hann sneri heim gerðist hann virkur þátttakandi í félagsstarfi Vestur-Íslendinga og merkilegt nokk hefur hann haldið íslenskunni við eftir sex ár. „Það er dálítið erfitt, þar sem ég hef ekki marga til að tala við á íslensku, nema þá helst gamla fólk,“ segir hann. Helga langar að koma aftur til Íslands og hefur sótt um styrk til þess að komast í nám við Háskóla Íslands. „Mig langar að læra íslensku og bókmenntafræði. Ég á eftir að fá svar um hvort ég fæ styrkinn. Það kemur í ljós á næstunni og ég vona það besta.“

Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, ber sjálfur sterkar taugar til Vestur-Íslendinga en tengdafaðir hans, Hallgrímur Hallgrímsson, var fæddur og uppallinn í Kanada.



HELGI GUNNAR Langar að koma aftur til Íslands og hefur sótt um styrk til að læra íslensku og bókmenntafræði við Háskóla Íslands.

„Þetta er svo merkileg saga á milli landanna,“ segir Björgólfur. „Maður verður eiginlega að koma hingað á slóðir Vestur-Íslendinga til að skynja þetta, tilfinningin er ótrúleg og maður kemst ekki hjá því að verða snortinn. Það skemmtilega er

að maður hittir hér Vestur-Íslendinga af þriðju og fjórðu kynslóð sem vilja fá að taka þátt í þessu. Okkur þykir nauðsynlegt að styðja við menningartengslin milli landanna og það vill bankinn gera með ýmsum hætti.“ bergsteinn@frettabladid.is



SAMNINGUR Í HÖFN Björgólfur Guðmundsson og Almar Grímsson, formaður Þjóðræknifélags Íslendinga, undirrituðu og handsóluðu samninginn á föstudag.

Peir vita að hann var Íslendingur

Fyrir framan þinghúsið í Winnipeg blasir við Íslendingum kunnuleg sjón; stytta af Jóni Sigurðssyni, alveg eins og sú sem stendur andspænis Alþingi við Austurvöll.

Atli Ásmundsson, ræðismaður Íslands í Winnipeg, segir það á reiki hvornig það kom til að stytta af frelsishetju Íslendinga var reist við löggjafarþing Manitoba-fylkis; mun fleiri innflytjendur hafi komið frá mörgum öðrum löndum en Íslandi án þess að þjóðhetjur þeirra væru settar á stall við þingid. Hann segir þetta þó bera vitni um áhrif Vestur-Íslendinga í Manitoba. „Menn vita ekki með fullri vissu hvers vegna stytta var reist hér,“

segir Atli. „Ein skýringin er sú að á sínum hafi Vestur-Íslendingar tekið sig til og efnt til samskota til að gera stytta af Jóni og gefa hana Íslendingum. Ákveðið var að hvert framlag yrði lagt þannig að sem flestir hefðu tók á að leggja til söfnunarinnar. Þegar upp var staðið hafði hins vegar safnast nóg fyrir tveimur stytum og var því ákveðið að önnur skyldi rísa hér.“

Hann viðurkennir að fyrir utan Vestur-Íslendinga viti sjálfsgætt fæstir heimamanna hver Jón Sigurðsson var. „En þeir þurfa ekki annað en að líta á nafnið til að vita að hann var Íslendingur.“

- bs



ATLI OG JÓN Ræðismaður Íslands við stytta í Winnipeg.

 Samfylkingin

Verndum verðmæt náttúrusvæði



Fagra Ísland er náttúruverndarstefna sem virkar - Kynntu þér stefnuna á xs.is

Mörður Árnason, 4. sæti í Reykjavíkurborgardæmi suður
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 3. sæti í Suðvesturkjördæmi



Tími til að mála!



Ekki hlaupa eftir gervitilboðum, „fyrri verðum“ eða „afsláttum“ – **hjá okkur færðu alltaf hagstætt verð og mikil gæði.**



Allir ljósir litir

DEKACRYL 7
Gljástig 7 10 lítrar

Kr. 2.990,-



Allir ljósir litir

DEKAPRO 20
Gljástig 20 4 lítrar

Kr. 2.695,-



Allir ljósir litir

DEKAPRO 10
Gljástig 10 10 lítrar

Kr. 3.150,-



DALAPRO MEDIUM
Spartl 3 lítrar

Kr. 874,-



SCALA MASTERLACK
40% gljái 1 líter

Kr. 868,-

Fáðu ráð hjá fagmanninum!



Hjá Múrbúðinni starfar hann Jón Kristinn Snorrason málarí sem gefur góð ráð um val og notkun á málningu og málningavörum.

Hjá okkur færðu aðeins
gæðamálningu á góðu verði

Opið mán. - fös. 8-18
laugardaga 9-17

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM



DEKA ROCK
Samskeytaspartl
28 kg

Kr. 1.695,-



MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!


NORÐAUSTURKJÖRDÆMI

FIÖLDI Á KJÖRSKRÁ
Árið 2007 27.888
Árið 2003 27.316

FIÖLDI KJÓSENDNA AÐ BAKI HVERJU ÞINGSÆTI
Árið 2007 2.389
Árið 2003 2.732

HLUTFALLSLEG FIÖLGUN Í BÚA SÍÐASTLIÐIN ÁTTA ÁR Í KJÖRDÆMINU
2,8%
Á landinu öllu 9,9%


KOSNINGAPÁTTAKA Í KJÖRDÆMINU ÁRIÐ 2003
Kosningapáttaka karla 87,0%
Kosningapáttaka kvenna 80,0%



SVEITARFÉLÖG

Aðaldælahreppur, Akureyrar-kaupstaður, Arnarneshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Dalvíkurbyggð, Djúpvogshreppur, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Gríms-eyjarhreppur, Grýtu-bakkahreppur, Hörgárbyggð, Langanesbyggð, Norðurþing, Seyðisfjarðarkaupstaður, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Þingeyjarsveit, Tjörneshreppur, Vopnafjarðarhreppur.

ÚRSLIT KOSNINGA 2003



KJÖRNIR ÞINGMENN 2003

Valgerður Sverrisdóttir (B)
Halldór Blöndal (D)
Kristján L. Möller (S)
Jón Kristjánsson (B)
Steingrímur J. Sigfússon (V)

10 þingsæti,
9 kjördæmissæti,
1 jöfnunarsæti

Tómas Ingi Olrich (D) – hætti varam: Arnbjörg Sveinsdóttir
Einar Már Sigurðsson (S)
Dagný Jónsdóttir (B)
Birkir Jón Jónsson (B)
Puríður Backmann (V)

Samgöngumál eru forgangsmál

Frambjóðendur allra flokka í Norðausturkjördæmi sjá bætta samgöngur sem algjört forgangsmál. Huga ber samgöngu- og atvinnumál heildstætt til að leysa bráðan vanda jaðarbyggða. Uppbygging stóriðju er helsta bitbeinið. Svavar Hávarðsson innti efstu menn flokkanna sem bjóða fram fyrir alþingiskosningarnar eftir því hvaða verkefni séu helst aðkallandi í kjördæminu.

KOSNINGAR 2007

Þrátt fyrir að Norðausturkjördæmi sé víðfeðmt og byggð á milli svæða um margt ólík þá eru efstu menn allra flokka í kjördæminu sammála um að samgöngur séu það framtíðarverkefni sem stjórnvöld þurfa að einhenda sér í. Samhengi er á milli samgöngubóta og atvinnumála en helsta bitbein flokkanna er hvernig eða hvort á að byggja upp stóriðju.

Mál málanna

Landfræðilega er kjördæmið þannig úr garði gert að eðlilegt hlýtur að teljast að samgöngur séu fólki ofarlega í huga. Jarðgöng ekki síst. Þar eru efstu menn á listum allra flokka sammála um þörfina en áherslunum má greina varðandi framkvæmd og fjármögnun.

Kosningabaráttu flokkanna í kjördæminu litast mjög af mikilli uppbyggingu á Miðaustrlandi á síðustu árum. Þannig er talað um tvískiptingu á milli Eyjafjarðarsvæðisins og Akureyrar annars vegar og Miðaustrlands hins vegar. Vaðlaheiðargöng eru því fyrsti kostur allra flokka í uppbyggingu samgöngubóta í kjördæminu. Þannig er mikilvægt að stytta leiðina milli Akureyrar og eystri hluta Norðurlands á sama hátt og Fáskrúðsfjarðargöng tengdu suðurfirði Austurlands við atvinnusvæðið í Fjarðabyggð og á Héraði. Ný göng á milli Neskaupstaðar og Eskifjarðar virðast í öðru sæti en allir eru sammála um að nauðsynlegt sé að skoða frekari jarðgöng á milli Neskaupstaðar, Seyðisfjarðar og Héraðs.

Hvað á að ganga langt?

En er hægt að ganga lengra en samgöngu-áætlun segir til um? Valgerður Sverrisdóttir, Framsóknarflokkur, segir spennandi kost að bjóða alla þessa jarðgangakosti á Austurlandi út sameiginlega. „Við framsóknarmenn viljum sérstaka jarðgangaaætlun sem hefur ekki áhrif á samgönguáætlun sem slíka. Samkvæmt því verði unnið að jarðgangagerð á tveimur til þremur stöðum í einu þangað til þessu verkefni er lokið á landsvísi.“ Kristján Þór Júlíusson, Sjálfstæðisflokkur, segir það ráðast af því hvaða efnahagspólitík sé rekin í landinu. „Ef við ætlum að stöðva frekari vöxt atvinnulífsins um einhvern tíma eða hægja á eins og hugmyndir hafa komið fram um, þá er klárt mál að þjóðin gerir ekki átak í samgöngumálum.“ Steingrímur J. Sigfússon, Vinstri grænum, segir að næstu ár eigi að verða fjárfestingarár í innviðum samfélagsins, samgöngum og ekki síður fjarskiptum. „Það þarf líka að gera miklu betur í almenntri vegagerð og gleyma ekki vegakerfinu í sveitunum sem hefur mætt afgangi. Nú þarf þetta að fá forgang og stóriðjuframkvæmdir og slíkir þensluvaldar verða einfaldlega að vika.“

Kristján Möller, Samfylkingu, vill aukið fjármagn til samgöngubóta strax og segir framkvæmdir í kjördæminu ekki þola frekari bið. „Ég minni á að fjármagn til samgöngubóta hefur verið skorið niður í kjördæminu á síðasta kjörtímabili. Það

er alvarlegt mál að samgöngumál séu aðalmálið árið 2007.“ Sigurjón Þórðarson, Frjálslyndum, vill að hugað sé að umferðaröruggi og er tilbúinn að ganga langt í að bæta samgöngur. Hörður Ingólfsson, Íslandshreyfingunni, segir forgangsröðun í samgöngumálum úrelta og vill stórátak um allt land.

Atvinna til sjós og lands

Þegar horft er til atvinnumála í Norðausturkjördæmi er álver á Bakka við Húsavík stærsta einstaka framkvæmdin sem fyrirhuguð er. Vinstri-græn og Íslandshreyfingin eru einu flokkarnir sem hafna þeirri framkvæmd. Steingrímur J. Sigfússon segir það skamsýni að stóriðja leysi allan vanda og vill að annað hafi forgang. Hann vill beita sér fyrir því að atvinnulífið þróist í átt til aukinnar fjölbreytni og nýti umhverfisvæna tækni. Sérstaka áherslu ber að leggja á stuðning við fjölbreytta nýsköpun, vöxt og viðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Valgerður Sverrisdóttir er mjög sátt við stóriðju á Bakka og segir afar mikilvægt að það komi ekki bakslag í þau áform. Kristján Þór Júlíusson segir sjálfsagt að náttúruauðlindir kjördæmisins séu nýttar og minnr á alþynnuverksmiðju á Akureyri. Hvort tveggja krefjist töluverðrar orku og frestunarmyndir eða stöðvunarárátta þýði að fjöldamörg störf muni tapast ef ekki verði hægt að hefjast handa. Kristján Möller vill byggja álver á Bakka og minnr á að sú framkvæmd byrji ekki fyrr en eftir fjögur til fimm ár og það falli að stefnu flokksins. Nauðsynlegt sé að nýta þetta tækifæri til að hleypa af stað hagvexti á svæðinu.

Frjálslyndir eru fylgjandi framkvæmdum á Bakka en hafa sérstöðu sökum þess hversu flokkurinn tekur afdráttarlausa afstöðu í sjávarútvegsmálum. Sigurjón Þórðarson segir að ef ekki verði gerðar breytingar á fiskveiðistjórnun þá sé nánast sjálfhætt á mörgum stöðum á landsbyggðinni. Hann segir breytingarnar lykilinn að allri annarri uppbyggingu í kjördæminu. Þessu hafna forsvarsmenn stjórnarflokka og segja greinina verða að hafa styrkan rekstrargrundvöll sem sé kvótakerfið. Íslandshreyfingin vill gefa undanþágur til þeirra sem veða á litlum bátum en Valgerður Sverrisdóttir segir þetta ekki hægt sökum þess að slíkar undanþágur séu jafnan misnotaðar. Kristján Möller vill skoða hvernig komið sé til móts við lítil byggðarlög sem ekki hafa rekstrargrundvöll innan fiskveiðistjórnunarkerfisins. Það sé útferðsluatriði en byggja verði á því kerfi sem fyrir er.

Flairi verkefni

Mennta- og velferðarmál eru öllum flokkum hugleikin þótt samgöngu- og atvinnumál séu óneitanlega í forgrunni. Heilbrigðisstofnanir í kjördæminu má nýta betur með áherslu á umönnun og hjúkrun aldrafólks. Menntamál og rannsóknir eru nefndar sérstaklega. Niðurstaðan er þó sú að uppbygging innan kjördæmisins byggist á samgöngubótum í víðum skilningi og aðallega er deilt um nýtingu náttúruauðlinda. Um þetta verður kosið í Norðausturkjördæmi.

HVER ERU TVÖ HELSTU KOSNINGAMÁL NORÐAUSTURKJÖRDÆMIS?



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR (B)
Samgöngumál
Atvinnumál



KRISTJÁN ÞÓR JÚLIÚSSON (D)
Samgöngumál
Atvinnu- og menntamál



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON (F)
Sjávarútvegsmál
Samgöngumál



HÖRÐUR INGÓLFSSON (I)
Samgöngumál
Atvinnumál




KRISTJÁN MÖLLER (S)
Samgöngumál
Velferðarmál



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON (V)
Samgöngumál
Velferðar- og umhverfismál

HVERSU MIKILVÆGIR TELUR ÞÚ AÐ EFTIRFARANDI MÁLAFLOKKAR SÉU ÞEGAR KEMUR AÐ ÞVI HVERNIG ÞÚ MUNT GREIÐA ATKVÆÐI Í ÞINGKOSNINGUNUM Í MAÍ? Á skalanum 1-5, þar sem 1 er mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt.



Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 24.-25. apríl 2007. Hringt var í 600 kjósendur kjördæmisins sem skiptust jafnt eftir kyni. 96,0 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.



WLU-149 116 x 49 cm Verð stgr. kr. 52.800
Útlit: Hvítt háglans / Hnota
Innifalið: Vaskaskápur/Handlaug/Spegilskápur/Hár-skápur.



BAÐINNRETTING 55 sm
Innifalið í verði: Handlaug, undirskápur, spegill, ljóskappi með ljósi, efri skápur og sökkull.




WLU 141 126x52 sm Verð stgr. kr. 66.900
Útlit: Hvítt háglans - Svart háglans
Innifalið: Vaskaskápur/Handlaug/Spegilskápur/Hár-skápur



WLU 126 50x40 sm Verð stgr. kr. 28.900
Útlit: Hvítt háglans / Svart háglans
Innifalið: Vaskaskápur/Handlaug/Spegilskápur



WLU 125 45x30 sm Verð stgr. kr. 28.900
Útlit: Eik
Innifalið: Vaskaskápur/Handlaug/Spegilskápur



WLU 125: 45x30 sm Verð stgr. kr. 28.900
Útlit: Hvítt háglans
Innifalið: Vaskaskápur/Handlaug/Spegilskápur



WLU 147 86x48 sm Verð stgr. kr. 49.900
Útlit: Hvítt háglans / Hnota
Innifalið: Vaskaskápur/Handlaug/Spegilskápur/Hár-skápur



WLU 151 115x48 sm Verð stgr. kr. 56.900
Útlit: Hvítt háglans
Innifalið: Vaskaskápur/Handlaug/Spegilskápur/Hár-skápur



WLU-149 116 x 49 cm Verð stgr. kr. 59.900
Útlit: Hvítt háglans / Hnota
Innifalið: Vaskaskápur/Handlaug/Spegilskápur/Hár-skápur

Skoðaðu flotta heimasíðu:
www.i-t.is



Fólk af Reykjavíkursvæðinu sækist í auknum mæli eftir húsnæði á Reykjanesinu.

Burt úr borginni

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR SKRIFAR

Á mánudaginn síðasta var greint frá því í Fréttablaðinu að fólk af Reykjavíkursvæðinu festi sér húsnæði í auknum mæli á Reykjanesinu. Ástæðurnar fyrir því eru nokkrar. Meðal annars uppbygging í Reykjanesbæ sem gerir svæðið að góðum valkosti og tvöföldun Reykjanesbrautarinnar sem auðveldar allar samgöngur. Líklega er það þó fyrst og fremst of hátt húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu sem fær fólk til að leita út fyrir bæinn þar sem það fær meira fyrir peninginn.

Á Reykjanesinu eru nýjar íbúðir, raðhús og hús með innréttingum og heimilistækjum á mun lægra verði en í borginni. Lóðaverð er þar einnig mun hagstæðara en á höfuðborgarsvæðinu. Með bættem samgöngum setur fólk það ekki fyrir sig að keyra langar vegalengdir til vinnu. Reyndar tekur það svipaðan tíma að keyra til dæmis frá Keflavík til Hafnarfjarðar og það tekur að keyra frá Hafnarfirði í miðbæ Reykjavíkur.

Fasteignasalar á Suðurnesjum segja áhuga fólks af Reykjavíkursvæðinu hafa vaxið mjög ört aðeins á nokkrum mánuðum. Áður fyrr þótti það nánast út í hött að búa á Reykjanesinu ef menn störfuðu á höfuðborgarsvæðinu. Ef menn vildu fá lægra húsnæðisverð leitaði fólk oftast í úthverfin. Nú virðist það vera tilbúið að leita enn lengra. Fleira má lesa út úr þessum hraðvaxandi áhuga. Fólk er hætt að bíða þess að íbúðarverð lækki á höfuðborgarsvæðinu eins og margir vonuðust til. Útlit er fyrir að verðlagning húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu breytist ekki héðan af.

Svipuð þróun hefur átt sér stað í öllum helstu höfuðborgum heims. Íbúðarverð er langhæst í miðbænum en lækkar svo eftir því sem fjær dregur. Fólk hefur ekki efni á að búa í borginni og sækir því í næstu bæjarfélög. Í borg eins og New York búa flestir á stöðum eins og New Jersey eða Long Island en sækja vinnu inn á Manhattan. Umferðaröngþveitið á háannatíma er því mikili, rétt eins og orðið er í Reykjavík. Eitthvað er þó bogið við umferðaröngþveiti í borg þar sem aðeins búa um 100 þúsund manns.

Munurinn á New York og Reykjavík er sá að þar er plássíð af skornum skammti og íbúafjöldinn margfalt meiri. Fólksfjöldi og mikil ásókn hefur valdið því að fólk hefur ræðað sér í háhýsin og allt í kringum New York. Hér er ekki það sama uppi á teningnum. Frekar er það aukin neysla sem hefur hrint af stað þessum breytingum. Allir eiga bíla og fólk vill orðið stærra húsnæði. Það sættir sig ekki lengur við pínulitlar íbúðir og fjölskyldur vilja í auknum mæli búa í einbýli.

Suðurnesin hljóta að taka því fagnandi að þangað komi fólk. Og á meðan þessi þróun heldur áfram er aldrei að vita nema villtustu draumar fólks um hraðlest milli Keflavíkur og Reykjavíkur verði að veruleika. Eitt er víst að landslag búsetu fólks á höfuðborgarsvæðinu er að breytast.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Fáðu FÍB dælylykil

Með FÍB-dælylykli færð þú 2 krónur í afslátt af hverjum bensín- og díslítra. Félagar í FÍB fá að auki margvislegan ávinning eins og FÍB aðstoð (ókeypis start, hjálp við sprungið dekk og dráttarbil), 1.080 kr. afslátt af bifreiðaskoðun og lægri tryggingaíðgjöld.

Hringdu núna eða sæktu um lykil á www.fib.is. FÍB dælylyklar gilda á bensinstöðvum Atlantsolíu.

Show your Card! afsláttur og sérkjör um víða veröld.

FÍB blaðið - fróðleikur og skemmtiefni.

FÍB / Sími 414 99 99 www.fib.is

Afsláttur • Sparnaður • Ávinningur • Sértilboð

FRÁ DEGI TIL DAGS

Guð eða verkalýðshreyfing

Það er ýmislegt sem má lesa út úr táknumyndum, að minnsta kosti með góðum vilja. Að venju safnaðist hópur fólks saman á Ingólfstorgi á baráttudegi verkalýðsins. Á milli þess sem forkólfar verkalýðsins héldu sínar ræður var boðið upp á skemmtiatriði þar sem Gospelkór Reykjavíkur tók lagið undir stjórn Óskars Einarssonar. Með góðum vilja var hægt að lesa þau skilaboð frá verkalýðshreyfingunni að ef hún stæði sig ekki í baráttunni fyrir pöpulinn í landinu, þá væri jú allt af hægt að snúa sér að guði og biðja hann um að redda máluum. Til að mynda mótvægi mátti einnig finna féлага í Vantrú, sem

gengu um og buðu fólk liðsinni við að skrá sig úr Þjóðkirkjunni, svona ef einhverjir væru að gefast upp á boðskap Gospelkórsins.

Engar feministabeljur

Bleikur litur feminista prýddi 1. maí gönguna í Reykjavík fjórða árið í röð. Þegar feministar tóku þátt í fyrsta sinn er ekki hægt að segja að þeim hafi verið tekið fagnandi af skipuleggjendum, sem fannst sem aðrir hópar en verkalýðurinn vera að yfirtaka baráttugönguna.



Fyrir þá sem lesa í táknum mátti sjá að baráttan gegn þessum óvelkomnu gestum hélt áfram með ýmsum skilaboðum. Karlar voru auglýstir sem ræðumenn dagsins og meðlimir hljómsveitarinnar Baggalútur komu keikir á svið á Ingólfstorgi og sungu um feministabeljurnar.

Jón er kominn heim

Það hafa ekki allir áttað sig á Jóni Baldvini Hannibalssyni undanfarna mánuði og hvar hann stendur í pólitik í dag. Jafnvel var efast um að hann kysir Samfylkinguna. Nú virðist Jón þó vera kominn heim því hann er farinn að taka þátt í fundarferð flokksins.

svanborg@frettabladid.is

Kosningagúrkan ógurlega

Jæja, þá nálgast óðfluga kosningagúrkan ógurlega. Þá taka fullorðnir Íslendingar þátt í lýðræðisspilinu. Nú hefur liðunum verið fjölgað svo það sé öruggt að bláa liðið sigri því að þannig viljum við hafa það.

En okkur þykir leikurinn spennandi þó við gerum allt til að hann fari alltaf eins. Annars yrðum við hrædd og órugg. Það gæti eitthvað óvænt gerst.

Þemað í ár eru skoðanakannanir og borgarafundir. Það er frábært konsept. Biður uppá endalausa möguleika og gott sjónvarp. Mér fannst athyglivert þetta dramatíska uppbotum daginn þegar húsinn brunnu í Austurstræti, dýrustu götunni í spílinu. Borgarstjórnin mættur í pollagalla með hjálm og talaði um svartan dag í sögu Reykjavíkur. Allt sýnt í beinni.

Samt eitthvað skrítið við þessa mynd. Ef borgaryfirvöldum hefði verið annað þessi hús þá hefðu þau sennilega ekki brunnið. Þá hefði það ekki verið látið viðgangast að Austurstræti, væri orðin að risastóru almenningsalerni þar sem menn höggva mann og annan í öl og amfetamínæði um helgar en bjórstýbba og hlandfnykurinn blæs fólk í ögleði í brjóst þessi á milli. Ef hægt er að tala um rautt hverfi í Reykjavík þá er það að finna í námunda við Alþingi Íslendinga.

Menningarvitund okkar öll er þessu marki brennd. Hvernig er annars með náttúrugripasafnið, sem var hætt komið? Þjóðskjalasafnið á vörubrettum einhversstaðar og liggur undir skemmdum. Listaháskólinn á hrakholum.

Þjóðleikhúsið holdsveikt í sáraumbúðum eftir áratuga vanrækslu. Framlög til menningar hér eru ekki sæmandi þjóð sem stærir sig af ríkidæmi. Þau gera ráð fyrir að listamenn fari þetta mest á hugsjóninni og fórnfýsinni. Og í æ ríkara mæli, að Björgólfur og strákarnir komi og taki þennan vandræðakaleik



STEFÁN JÓNSSON Í DAG | Menningarpólitik

frá hinu opinbera.

Laun listamanna haldast að sjálfsgöðu í hendur við lág framlög til listgreina. Nánast allt fé til Þjóðleikhússins fer í laun, leigu og að halda húsinu heitu. Þá á eftir að skapa. Þjóðleikhús á ekki að standa og falla með miðasölu því listrænn hagnaður verður ekki bara mældur í krónum.

Auðvitað verða stjórnendur húsa að vera starfi sínu vaxnir, en ef þeim er gert að selja sig æ meir á frjálsum markaði, með öllum ráðum, er stutt í útsöluhlustina. En hverjum er ekki sama. Ég hef allavega ekki orðið var við mikla menningarstefnu í kosningaloforðum. Hún er steinsteypurík í nefi af margra stjórnmalamanna. Tónlistarhúsið þó komið á kortið og vonandi að

Íslandsvinurinn Ashkenazy reddi nógu mörgum vinum sínum til að koma og spila þar, svo það verði ekki pínlegt að þarna verði fyrst og fremst ráðstefnur, afmæli og brúðkaupsveislur elftunnar. Jæja, þá kemur allavega Elton John.

Hvað varð um eldmóðinn og reisinna sem var yfir sjálfstæðisheitjunum á síðustu öld. Þær vissu að sjálfstæð þjóð verður til með menningu. Þá risu Háskóli, Þjóðleikhús og Þjóðminjasafn, þá urðu til Sinfóníuhljómsveit og Sundhöll. Hvað gerðist svo? Eitthvað veðraðist menningarvitund. Starfi frumherjanna er lítil sómi sýndur. Var það heimstýrjöldin, Marshall aðstoðin, Kalda stríðið, 68 kynslóðin, vinstri, hægri. Sívaxandi fjöldi at-

vinnustjórnmalamanna, sem sjá heiminn í gegnum flokksskríteini. Hæfileikar viku fyrir hagsmunapotí og flokkshollustu.

Þess vegna er álið stærsta málið og við á tóssalista hinna viljugu. Við leyfum vafasömum erlendum stríðsherrum og stórfyrirtækjum að misnota okkur og útlenku verkamennina sem vinna verkin. Hvernig væriannars að láta Íslendinga fá þessi störf? Ég sé fyrir mér Frjálslyndaflökkinn, eins og hann leggur sig, í aðrennslisgöngunum, með pípanði niðurgang og mengun í æð.

En hvað á þetta lopapeysunöldur í listspírinni í 101 að þýða? Höfum við það ekki bara fínt? Nei, eitthvað er að þegar bilið milli ríkra og fátækra eykst stöðugt. Aldraddir og öryrkjar sjá ástæðu til sérframboðs og náttúran þarf á heilum stjórnmalaflokki að halda þegar hlýnun jarðar er staðreynd. Hér er vissulega margt gott, viðleitni til að gera betur, líka í stjórn menningarmála en lýsing mín á altént jafnmikla innstæðu og glansmyndin, sem stjórnvöldin glenna framan í okkur.

En aftur að lýðræðisspilinu. Nú verður aldeilis kátt í höllinni. Ég sé fram á spennandi lokaspætt. Eurovision-stjórnmal. Vonandi verða líka fyndin skemmtiatriði. Fyrst og fremst er þetta þó tilefni til að detta í það. Fara í bæinn og æla, öskra, berja og brjóta þannig að erlendir ferðamenn haldi að um velheppnaða stórslysæfingu sé að ræða hjá menningarþjóðinni. Mæta svo í vinnuna eftir helgina, hermenn Óðins, með óbreytta stjórn landsins á samviskunni.

Fá sér bara afréttara og Prozak, gefa krökkunum Rítalín til að forðast ábyrgðina á uppeldi komandi kynslóða. Og halda svo barasta áfram af sönnum íslenskum dugnaði og ást á vinnunni. Góða skemmtun.

Höfundur er leikstjóri. Óstyttu útgáfu greinarinnar má lesa á Vísi.

Illugi í glerhúsinu

UMRÆÐAN Efnahagsmál

Illugi Gunnarsson skrifar skrytna grein hér í blaðið á sunnudag og gerir Samfylkingunni upp tviátta afstöðu til efnahagsmála. Ástæðan er sú að Jón Sigurðsson, fyrrum ráðherra, bendir í nýútkominni skýrslu á tvo lykilmætti sem hafa þarf í efnahagsmálum eftir efnahagsklúður Sjálfstæðisflokksins. Annars vegar er brýn þörf á að haldi í ríkisútgjöldum. Ástæða þess er sú að Sjálfstæðisflokkurinn er valdabandalag sérhagsmunahópa og ófær um að forgangsraða í ríkisrekstri á grundvelli almannahagsmuna. Hins vegar er brýn þörf á verulegu átaki í uppbyggingu velferðarþjónustu eftir viðtæka biðlistavæðingu og vanrækslu.

Í þessu felst engin þversögn. Samfylkingin hefur sagt skýrt að hún stefni ekki á því að hækka skatta heldur breyta forgangsstöðun og hefja fjárfestingu í uppbyggingu grunngerðar samfélagsins eftir því sem svigrúm er til innan núverandi tekjuramma. Ummæli Jóns og áherslur eru því í fullu innbyrðis samræmi. Samfylkingin horfist í augu við staðreyndir og er tilbúin að takast á við uppbyggingu vel-



ARNI PÁLL ARNASON

ferðarþjónustunnar, innan þess þrönga ramma sem hagstjórnarklúður íhaldsins hefur skapað.

Illugi gleymir hins vegar að geta þess að Sjálfstæðisflokkurinn er eini óabyrgi stjórnarandstöðuflokkurinn fyrir þessar kosningar. Sjálfstæðisflokkurinn hleypur frá eigin verkum og lofar nú að bæta úr vanrækslusyndum sem hann ber sjálfur ábyrgð á. Loforðafloð íhaldsins er metið á allt að 400 milljarða. Í sólskinsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir halla- rekstri á ríkissjóði næstu tvö ár. Sjálfstæðisflokkurinn lofar þó skattalækkunum til viðbótar við loforðasukkið. Ég hef spurt Illuga um það hvernig þessi hagstjórn eigi að ganga upp, en engin svör fengið. Flest bendir til að Sjálfstæðisflokkurinn ætli áfram að veга að grunni velferðarkerfisins með innstæðulausum skattalækkunum og lengja biðlista í hinu sovéska velferðarskömmunarkerfi, sem flokknum virðist svo kært. Er ekki best að byrja á að taka til í eigin ranni áður en menn fara að segja öðrum til með hofmóðugum hætti?

Höfundur er lögfræðingur og skipar 4. sætið á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.

Áhrifamikill forsætisráðherra

UMRÆÐAN
Stjórnsmál



RANNEVEIG GÚMUNDSDÓTTIR

Gro Harlem Brundtland, Kofi Annan og Mona Sahlin voru sérstakir heiðursgestir á landsfundi norskra jafnaðarmanna á dögnum. Gro, sem er sest í helgan stein en var hin síðari ár framkvæmdastjóri alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, var greinilega stjarna dagsins og norskir fjölmiðlar gerðu ræðu hennar vel skil. Reyndar var fjallað á afar jákvæðan hátt um boðskap jafnaðarmanna á þessum landsfundi. Þessi innkoma Gro á sviðið hjá jafnaðarmönnum rifjaði upp kynni mín af henni og þann glæsilega feril sem Gro Harlem á að baki í norskum stjórnsmálum. Hún kom óvænt inn í ríkisstjórn þegar Tryggvi Bratteli bauð þessum unga lækni að gerast umhverfisráðherra í ríkisstjórn sinni. Hún varð fljótt atkvæðamikill í sínu ráðuneyti og það sópaði að henni þegar hún

tók slaginn um vatnsaflsvirkjun á Hardangervíddá sem í dag eru stærstu víðerni Evrópu eftir að við Íslendingar virkjuðum við Kárahnúka. Nýi umhverfisráðherrann vann þann slag í flokki og ríkisstjórn og í dag myndi enginn Norðmaður láta sér detta í hug að virkja í þeim einstæða fjallasal sem Hardangervídda er.

Gro Harlem Brundtland varð seinna formaður jafnaðarmanna og forsætisráðherra árið 1981. Gro ávann sér mikið traust á forsætisráðherraferli sínum og náði góðum tókum á stjórn efnahagsmálanna.

Það var stórmerkilegt að sjá hægri blöðin í Noregi lýsa því yfir að atvinnulífið vildi engan annan sjá sem forsætisráðherra. Þetta kemur líka vel fram í ævisögu hennar.

Hvernig geturðu þetta Gro?

Glæsilegur ferill Gro Harlem Brundtland var þó enginn dans á rósum. Fyrir utan alvarlegt persónulegt áfall í fjölskyldunni sem eflaust flýtti lokakaflanum í pólitísku lífi hennar fékk hún sannarlega að finna fyrir neikvæðu umræðunni sem konur fá á sig þegar þær komast til áhrifa. Hvernig geturðu þetta Gro spurði móðir hennar í upphafi 9. áratugarins þegar henni fannst spjótin sem að dóttur hennar beindust óvæginn

185/70R14	5,499 kr.
185/65R15	5,999 kr.
195/65R15	6,499 kr.
205/55R16	8,999 kr.
215/55R16	9,999 kr.
215/45R17	11,999 kr.
225/45R17	12,999 kr.
235/40R18	17,999 kr.

Jeppadekk

Stærðir

205/75R15	9,499 kr.
30X9,50R15	13,499 kr.
31X10,50R15	14,999 kr.
33X12,50R15	16,999 kr.
35X12,50R15	17,999 kr.
265/75R16	15,499 kr.
265/70R17	15,999 kr.
35X12,50R17	26,999 kr.
285/65R18	31,999 kr.
35X12,50R18	33,999 kr.

Sendibíladekk

Stærðir

195/70R15	9,999 kr.
225/70R15	10,999 kr.

Afsláttarmiði

Chaparral Jeppadekk www.vdo.is SUNNY Fólksbíladekk

Gegn framvísun þessa miða fæst umfangun á fólksbíl á aðeins kr 4.199,-
Hjá VDO Borgardekk

VDO Borgardekk
Borgartún 36 s:588-9747

Gildir á meðan
birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

STUÐ MILLI STRÍÐA Akstur og ábyrgð

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR GEFUR ALLTAF STEFNUJÓS



Ég er einn þeirra örfáu Íslendinga sem biðu fram yfir sautján ára afmælið sitt með að taka bílpróf. Ég var reyndar að verða tutugu og tveggja þegar ég loksins dreif mig af stað. Það sem hafði hamlað mér var aðallega leti og níska.

Fyrir fyrsta ökutímaminn komst ég reyndar að því að á þessum fimm árum sem liðu frá því að ég hefði tæknilega mátt eða átt að taka bílpróf virtist ég hafa náð að byggja upp yfirþyrmandi kvíða. Ég svaf varla fyrir fyrsta ökutímaminn, ég var svo hrædd um að ég myndi verða ketti, kennaranum mínum, mér eða vegfaranda að bana. En ég varð fyrirmyndarnem-

andi, fór aldrei yfir hámarkshraða og kunnir umferðarreglurnar aftur á bak og áfram. Eftir prófið varð ég eins. Sleppti því aldrei að gefa stefnujós, skipti aldrei glannalega um akrein og stoppaði frekar en að þenja bílinn yfir gula ljósið.

Ég sé krakka, sem gætu hafa verið á meðal þeirra sextán ára sála sem ég sótti öskuskólann með, djöflast áfram á skrifstofunum sínum eins og dauðinn sjálfur sé á hælunum á þeim. Einhverra hluta vegna virðast þau ekki átta sig á því að ef þau keyra eins og fifl er það einmitt staðreyndin.

Ég get ekki annað en glaðst yfir hertum viðurlögum við umferðarbrotum. Fyrsti sautján ára öku- maðurinn sem þarf að hlíta þeim

refsiákvæðum var tekinn á sunnudag, á 141 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 60. Hann þarf að taka ökuþrófið aftur.

Um helgina las ég líka viðtal við ökuþrófið um vegna ölvunaraksturs varð konu að bana. Hann var ungur að árum. Það þýðir að minningin mun fylgja honum um óendanlega langan tíma.

Ég þakka öllu því sem heilagt er að ég beidi í þessi fimm ár. Kvíðinn sem ég minnstist á var af hinu góða. Það er ábyrgð að stjórna ökutæki innan um fjöldann allan af öðrum öku- mönnum. Ef þið finnið fyrir ábyrgðinni áður en þið leggið af stað, þurfið þið kannski ekki að bera hana á herðum ykkar fram á grafarbak- ann, eins og ökuþrófið ungi.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




JOSH GROBAN

- tónleikatilboð

Awake fylgir hverjum seldum miða

Kauptu miða á aukatónleikana
15. maí í einhverri verslun Skífunnar
og við gefum þér nýjasta disk
Josh Groban, Awake, í kaupbæti.

13
dagar
í tónleika



Eldri plötur Josh Groban einnig á sérstöku tónleikaverði



Tilboðin gilda eingöngu í verslunum Skífunnar á meðan birgðir endast

skemmtir þér ;)

Ljóðakvöld á Hressó



Kl. 20.00

Burtfararprófstónleikar frá Tónlistarskóla Reykjavíkur í Salnum í Kópavogi. Sólrún Gunnarsdóttir heldur burtfararprófstónleika sína á fiðlu. Meðleikari er píanóleikarinn Raul Jiménez. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

menning

menning@frettabladid.is

Efnt verður til ljóðaupplestrar á skemmtistaðnum Hressó í kvöld á vegum hátíðarinnar List án landamæra. Þar munu nokkur kunnugleg ungskáld og önnur glæný lesa upp úr verkum sínum en þegar sami háttur var hafður á fyrir rímu ári skapaðist verulega góð stemning í Hressingarskálánunum.

Ekki hefur verið mikið um upptökur sem þessar að undanförunu og hljóta því ljóðaunnendur að gleðjast yfir tækifærinu að fá notið hressilegs lífandi flutnings á nýmeti skáldanna.

Meðal þátttakenda nú eru skáldið og þýðandinn Kristian Guttesen, Ragnheiður Sigurlaug Spence, Hildur Lilliendahl, Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, Skúli Steinar, Magnús Korntop og Hörður Gunnarsson.

Dagskráin hefst kl. 20 og er aðgangur ókeypis á hana líkt og aðra viðburði hátíðarinnar.



HILDUR LILLIENDAHL LJÓÐSKÁLD



> **Ekki missa af ...**

Bingói hjá **Hugleik** og **Leikfélagi Kópavogs** sem sýna verk **Hrefnu Friðriksdóttur** í **Hjáleigunni** í Kópavogi. Lokasýningin er annað kvöld því brátt verður blessað húsið rífið. Leikstjóri sýningarinnar er **Ágústa Skúladóttir**.

Beethoven/Brahms

Sinfóníuhljómsveit Íslands býður upp á Beethoven og Brahms kokkteil í vikunni og heldur tvönnu tónleika með píanókonserntum þess fyrrnefnda og sinfóníum þess síðarnefnda. Fyrirkomulag þetta er hugarfóstur aðalstjórnanda sveitarinnar, Rumons Gamba, en það gafst vel síðasta haust.

Á tónleikunum á morgun leikur blóðheiti píanistinn Cristina Ortiz frá Brasilíu fjórða píanókonsernt Beethovens með sveitinni sem aukinheldur dembir sér í aðra sinfóníu Brahms undir stjórn Rumons Gamba. Ortiz leikur reglulega með Fílharmoníusveitunum í Berlín og Vínarborg og hefur auk þess að rúlla upp evrópsku tónsnillingunum gert mikið að því að kynna tónlist heimalands síns.

Á föstudaginn er síðan komið að öðrum píanista, hinum breska John Lill, að flytja fimmta píanókonsernt Beethovens en eftir hlé



Einbeittur á svip Tónskáldið Beethoven var líka annálaður píanisti.

hljómar fyrsta sinfónía Brahms. Mörgum eru minnisstæðir tónleikar Lill í Ými árið 2002 en þá vakti spilamennska hans mikla hrifningu.

Einungis örfá sæti eru laus á seinni tónleikana en enn þá er hægt að fá miða á þá fyrri.

Sýningarlokin í SAFNI

Það hefur verið frönsk slagsíða á menningarlífinu að undanförunu og hefur hún fallið vel í kramið hjá listunnendum. Næstkomandi sunnudag lýkur þremur sýningum í SAFNI, samtímalistasafninu við Laugaveg. Ein þeirra, samsýningin „Tilfinningalandslag (rotandi sýning)“ er liður í frönsku menningarkynningunni Pourquoi Pas? og unnin af sýningarstjóranum Mathieu Copeland í samstarfi við fjölda íslenskra og franska listamanna. Þar er lagt upp með margræða sýningu, sem byggð er á leifum eða rústum eldri sýninga. Sýningin er ekki aðeins sett saman af brotum fyrri sýninga, heldur dregur hún hugmyndafræði sína af sögu þess sem eftir verður þegar sýningunni lýkur; hlutum, tilfinningum og minningum.

Í SAFNI sýna enn fremur franskir myndlistarmaðurinn Hugues Reib og Sigurður Árni Sigurðsson sem

lengi hefur starfað sem myndlistarmaður í París en býr nú í Reykjavík. Sigurður sýnir ljósmyndaseríu, sem hverfist um tré og skugga þeirra en tré hafa löngum verið miðlæg í verkum hans.


Reip sýnir verkið „Eden“ sem samanstendur af uppstækkuðum ljósmyndum af blómum, sem fest hafa verið á viðarplötu og standa þannig sjálf í rýminu, líkt og blóma-skógur. Verkin vísa óbeint til ævintýra Lísu í Undralandi, þar sem blómin draga okkur að sér og inn í hina bjöguðu veröld framandleikans.

SAFN er opið milli 14-18 frá miðvikudögum til sunnudaga.

VINNUR NÚ MEÐ ANNARS KONAR TRÉ Sigurður Árni Sigurðsson myndlistarmaður sýnir ljósmyndaseríu í SAFNI.



Hagsýningur Íslendingur velur praktískan og fallegan bíl
Núna Mazda6
Frábær í endursölu



GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



MÖRG ANDLIT ÁSTARINNAR Stefán Hallur Stefánsson og Elma Lísa Gunnarsdóttir leika í Afgöngum.

Afgangar teknir upp

Leikritið Afgangar eftir Agnar Jón Egilsson verður tekið upp að nýju og verða þrjár sýningar á verkinu í Austurbæ í þessari viku.

Tveir einstaklingar, kona og maður um þrítugt, koma saman inn í herbergi og við tekur tælingarleikur. Þó er ekki allt sem sýnist því hjónaleysin eiga sér leyndarmál sem koma upp á yfirborðið eftir því sem líður á leikinn. Tekist er á um ástina og hennar mörgu andlit og hugmyndir settar fram um hugrekkið sem einstaklingurinn þarf að hafa til að þora að takast á við fyrirbærið ást.

Verkið hlaut góðar viðtökur síðasta haust og hrósaði gagnrýnandi Fréttablaðsins meðal annars höfundinum fyrir tæran og tilgerðarlausan texta og leikurunum fyrir góða vinnu.

Leikararnir í sýningunni eru Elma Lísa Gunnarsdóttir og Stefán Hallur Stefánsson en höfundurinn leikstýrir. Um tónlistina sér Hallur Ingólfsson en leikmynd og búninga hanna Arnheiður Vala Magnúsdóttir og Ólafur Stefánsson.

Verkið er sýnt á nýju sviði Austurbæjar.

Tíu ára afmælisveisla

Það eru tíu ár síðan nokkrar ungar stúlkur með þjálfun og áhuga á dansi stofnuðu Dansleikhús með ekka. Þær hafa síðan með reglulegum hléum sótt sér fjármagn og sett upp danssýningar. Nú ætla þær að halda upp á tíu ára afmælið eins og stelpur gera á tíunda aldursári og bjóða upp á skemmtun og langan afmælisdag.

Þær hafa fengið Þjóðleikhúsið undir afmælisveisluna eins og löngum hefur tíðkast þar í húsi þegar sjálfstæðir danshópar eða skóla eiga í hlut – og hyggjast nýta tímann vel. Veislan hefst í fyrramálið og segjast stelpurnar ráða þar ríkjum í tvo heila daga: hefst kl. 17 og stendur yfir langt fram á kvöld. Danssýningin *Mysteries of Love* með dönsurunum Ernu Ómarsdóttur og Söru Maríu Guðjónsdóttur verður flutt til landsins í tilefni dagsins og fjöldi annarra dans- og tónlistaruppákomna mun gleðja gesti afmælishátíðarinnar.

Dansleikhúsið steig sín fyrstu spor í Þjóðleikhúsinu. Fyrsta sýning Ekka var í Þjóðleikhúskjallaranum fyrir tíu árum. Síðan þá hefur Ekka vaxið úr grasi, markað spor sín á erlendri grund og unnið til verðlauna. Nú verða þær á stóra sviðinu og hefur Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri ákveðið að víkja úr aðalbyggingunni með sína starfsemi og afhenda Dansleikhús með ekka húsið til afnota þessa tvo daga. Rúmlega 40 listamenn munu einnig leggja Ekka lið og taka þátt í innrásinni, eins og þær kalla þessa heimsókn sína á Hverfisgötuna.



DANSLIST Dularmögn ástarinnar – Erna Ómarsdóttir og Margrét Sara Guðjónsdóttir í nýju dansverki.

Markmið innrásarinnar, segja þær, „er þó ekki aðeins að vekja athygli á starfi Dansleikhúss með ekka síðustu tíu árin heldur einnig að beina sjónum að húsnæðis- og aðstöðuleysi sjálfstætt starfandi danshópa á Íslandi. Aðstöðuleysið

hefur haft verulega hamlandi áhrif á framþróun danslistarinnar á Íslandi undanfarin ár. Á Íslandi er ekkert húsnæði sérstaklega tileinkað dansinum og geta Þjóðleikhús og Borgarleikhús engan veginn annað eftirspurn

eftir æfingar- og sýningarrými. Íslenskir dansarar og danshöfundar hafa þurft að sækja utan til að geta starfað við list sína og eru um þrisvar sinnum fleiri danssýningar sýndar á erlendri grundu en á Íslandi.“ Nefna þær að dansinn hafi verið í útrás, er þá skemmst að minnast innrásar ÍD í Kína. Nefna þær sýningu sína *Mysteries of Love* sem unnin er alfarið á erlendri grundu og fyrir erlent fé, þó svo að um íslenska sýningu sé að ræða.

Þjóðleikhúsið opna þær gestum kl. 17. Þá gefst gestum kostur á að sjá afrakstur innrásarinnar og um leið upplifa leikhús þjóðarinnar með öðrum hætti en þeim er boðið á hefðbundinni leiksýningu. Dagskráin er þrjúþætt: Klukkan 17 er setning afmælishátíðarinnar með uppákomu Dansleikhúss með ekka á Stóra sviðinu. Í kjölfarið verður farið í ferðalag um anddyri, ganga og stiga-palla, Kristalsal, Leikhúskjallara og Leikhúslöft leikhússins þar sem örverk, dans- og tónlistargjörningar, dansmyndir, gagnvirkar uppákomur o.fl. spretta fram. Kl. 21 verður Íslandsfrumsýning á *Mysteries of Love* með Ernu Ómarsdóttur og Margréti Söru Guðjónsdóttur á Stóra sviðinu, en sýningin er annað samstarfsverkefni Ernu Ómarsdóttur og Jóhanns Jóhannssonar tónlistarmanns. Að lokinni sýningu, eða um kl. 22, tekur við skemmtidagskrá, tónlistaratriði og óvæntar uppákomur í Þjóðleikhúskjallaranum.

Hægt er að panta miða í síma 551-1200 eða á heimasíðu Þjóðleikhússins, www.leikhusid.is. Bakhjarlar innrásarinnar eru listamennirnir sem taka þátt og menntamálaráðuneytið.

pbb@frettabladid.is

mazda

Veldu rétt

Mazda6 er hagkvæmasti bíllinn í rekstri í sínum stærðarflokki, samkvæmt félagi þýskra bíleigenda, ADAC. Komdu í Brimborg og prófaðu Mazda6.

Prófaðu eitthvað nýtt. Gerðu samanburð á japönskum gæðum - berðu saman bæði gæði og þjónustu Toyota og Mazda. Mazda keppir við hvern sem er - helst Toyota. Vertu sportlegur. Veldu annan stíl. Núna Mazda6.

Mazda6 Touring 4 dyra 2,0i sjálfskiptur

2.590.000 kr.*

Vertu sportlegur
Veldu annan stíl
Núna Mazda6

Aflaðu þér frekari upplýsinga
www.mazdabrimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vesturport
3.maí kl. 20 Uppsett
6.maí kl. 20 Uppsett
10.maí kl. 20 Uppsett
11.maí kl. 20 Uppsett
12.maí kl. 14

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



ABBA BABBA!
eftir Dr. Gunnar

Draumalandið
eftir André Svein Magnússon

6 maí sun kl 14
13 maí sun kl 14

5 maí lau 11 sýning kl 20
11 maí fös 12 sýning kl 20

Leikbúgarinn
Á samnám &
HAFNARFJARDARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 30, Hafnarf. Pantastassi 555 2222 og á www.midi.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFÆGA MENN“
GRETTIR

VILTU FINNA MILLJÓN?	DAGUR VONAR
Fim 3/5 kl. 20 UPPS. Síðasta sýning	Fös 4/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 Fös 18/5 kl. 20 Fim 24/5 kl. 20 Lau 2/6 kl. 20
HIPP HOPP GESTASÝNING Pokemon Crew: Gestasýning frá Frakklandi. Þri 8/5 kl. 20 Mið 9/5 kl. 20 Miðaverð 2.000	SÖNGLEIKURINN GRETTIR Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort Fös 11/5 kl. 20 Sun 13/5 kl. 20 Fös 25/5 kl. 20 Lau 26/5 kl. 20
LADDI 6-TUGUR Fös 4/5 kl. 20 UPPS. Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS. Lau 5/5 kl. 14 UPPS. Fim 10/5 kl. 22:30 UPPS. Þri 29/5 kl. 20 UPPS. Mið 30/5 kl. 20 UPPS. Lau 2/6 kl. 20 UPPS. Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS. Sun 3/6 kl. 14 Mán 4/6 kl. 20 Mið 20/6 kl. 20 Fim 21/6 kl. 20	KARÍUS OG BAKTUS Sun 6/5 kl. 13 AUKASÝNING Sun 6/5 kl. 14 AUKASÝNING UPPS. Sun 6/5 kl. 15 AUKASÝNING Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar
SÖNGLEIKURINN ÁST Í samstarfi við Vesturport Fim 3/5 kl. 20 UPPS. Sun 6/5 kl. 20 UPPS. Fim 10/5 kl. 20 UPPS. Fös 11/5 kl. 20 UPPS. Lau 12/5 kl. 14 Sun 13/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 20 Fös 25/5 kl. 20 Lau 26/5 kl. 20 UPPS. Fim 31/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20	SAN FRANCISCO BALLETTINN Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins. Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS. Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14 UPPS. Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14 UPPS. Sun 20/5 kl. 20 UPPS.
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR Einleikur Eddu Björgvins í kvöld kl. 20 AUKASÝNING Lau 5/5 kl. 20 AUKASÝNING	EILÍF HAMINGJA Fim 3/5 kl. 20 AUKASÝNING Mið 9/5 kl. 20 AUKASÝNING

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

HJÓÐLEIKHÚSIÐ

Hjónabandsglæpir

Stóra sviðið kl. 20:00

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson. Aukasýningar sun. 6/5 kl. 14:00, sun. 13/5 kl. 20:00. Allra síðustu sýningar!

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flis. Fös. 4/5 nokkur sæti laus, lau. 5/5, fös. 11/5, lau. 19/5, lau. 25/5. **Síðustu sýningar í vor!** Námuferlagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukort. Námsmannafslættir!

DANSLEIKHÚS MED EKKA dagskrá í tilefni 10 ára afmælishátíðarinnar Fim. 3/5 milli kl. 17:00 og 01:00. Fjölbreytt dagskrá. Skoðið á heimasíðu www.leikhusid.is

CYMBELINE eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík. Þri. 15/5 örfá sæti laus, mið. 16/5, fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette. Lau. 5/5 nokkur sæti laus, sun. 13/5, fös. 18/5. Umræður eftir sýningu með Sveini Rúnari Haukssyni 5/5 og Hrafnhildi Gunnarsdóttur 13/5.

Kassinn

HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt. Fim. 3/5 uppselt, fös. 4/5 uppselt, lau. 5/5 uppselt, sun. 6/5 uppselt, sun. 13/5 uppselt, aukasýningar mið. 16/5, nokkur sæti laus og fim. 17/5 nokkur sæti laus, fös. 18/5 uppselt, lau. 19/5 örfá sæti laus, aukasýning sun. 20/5, fim. 24/5 örfá sæti laus.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÝTLA, Leiksýning Hrefnu Hallgrímsdóttur og Lindu Ásgeirsdóttur Sun. 6/5 kl. 11:00 og 12:15, lau. 12/5 kl. 11:00 og 12:15, sun. 13/5 kl. 11:00 og 12:15.

Í SKÓLA TÍMANS - Leikin dagskrá Sigurðar Skúlasonar og Margrétar Helgu Jóhannsdóttur. Mið. 2/5 kl. 20:00 nokkur sæti laus. **Síðasta sýning!**

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsblogg er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

Stökkpallur kvikmyndagerðar

Stuttmyndadagar í Reykjavík hafa nú verið endurlifgaðir en sú hátíð var síðast haldin árið 2002.

Snævar Már Jónsson, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar, segir að framtak sem þetta skipti kvikmyndagerðarfólk miklu máli. Á þeim áratug sem hátíðin var í sem mestum blóma stigu margir af athyglisverðustu núverandi leikstjórum landsins sín fyrstu spor en meðal verðlaunahafa á Stuttmyndadögum voru Reynir Lyngdal, Ragnar Bragason, Róbert Douglas og Grímur Hákonarson.

„Þetta er fyrirtaks sía til þess að sjá hvað íslensk kvikmyndagerð hefur upp á að bjóða og koma ungu og efnilegu kvikmyndagerðarfólki á framfæri,“ segir Snævar og bendir á að stuttmyndir séu jú ódýrari í vinnslu, en gefi fólk samt sem áður tækifæri á að sýna hvað í því býr.

Snævar segir að ómögulegt sé að ætla hversu margar myndir berist í keppnina nú en segist vonast til þess að þær verði sem flestar. „Það er ekki við neitt að miða núna því það hefur verið svo mikill uppgangur eftir að stafræna tæknin kom til sögunnar og varð svona aðgengileg,“ segir hann. „Nú er þetta allt unnið í tölvu og fólk getur meira að segja sent myndirnar inn í gegnum netið.



STAFRÆNA BYLTINGIN BREYTI ÖLLU Snævar Már Jónsson segir ómögulegt að giska á hversu margar myndir berist í samkeppni Stuttmyndadaga í Reykjavík en vonast auðvitað eftir sem flestum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Meðaláhugamaður á mun auðveldara með að vinna heila mynd heima hjá sér.“

Flestar myndirnar eru frá tveimur og upp í fimmtán mínútur og mæla aðstandendurnir með því að þær fari ekki yfir slíka lengd. Ekkert aldurstakmark er á Stuttmyndadögum og mega bæði áhugamenn og atvinnufólk senda inn myndir en skilafresturinn rennur út hinn 11. maí.

Helstu bakhjarlar Stuttmynda-

daga eru Reykjavíkurborg, Kvikmyndamiðstöð Íslands, menntamálaráðuneytið og Sjónvarpið en RÚV mun sýna sérstakan þátt með vinningshöfunum ásamt því að sýna verðlaunamyndirnar. Vegleg verðlaun eru í boði fyrir þrjár bestu myndirnar en að auki verða veitt áhorfendaverðlaun.

Myndirnar verða sýndar í Tjarnarbíói 23. og 24. maí og fer verðlaunafhendingin fram á sama stað seinni sýningardaginn. - khh

NÝJAR BÆKUR


Út er komin hjá forlaginu Sölkú

uppskriftabók fyrir ferðaglaða sælkera. Höfundurinn, Sigríður Gunnarsdóttir, hefur búið fjölda ára í Frakklandi. Hér býður hún lesanda í sælkeraferð um öll héruð Frakklands; hún lýsir staðhættum, sögu og stemningu staðanna auk þess að bera á borð krásir sem eru einkennandi fyrir hvern stað. Þótt Frakkar séu mikið fyrir góðan mat eru þeir grannir og vel á sig komnir, enda er lögð áhersla



á nýtt og ferskt hráefni ásamt miklu grænmeti og sósur eru sjaldan viðhafðar. Bókin er fallega myndskreytt með 135 uppskriftum. Hún er í hörðum spjöldum og prentuð í Finnlandi. Ljósmyndirnar í bókinni eru eftir Silju Salle, dóttur höfundar.

Saga Öryggissjóðs verkalýðsins, rituð af Þorgrími Gestssyni, er komin út. Bókin kemur út í tilefni af 50 ára afmæli Atvinnuleysistryggingasjóðsins í fyrri. Í bókinni er af-rakstur fyrstu sagnfræði-



legu athugunarinnar á aðdraganda þess að atvinnuleysistryggingum var komið á hér á landi og sögu sjóðsins fyrstu fimmtíu árin. Bókin spannar samanlagt aldar sögu sem fléttast stjórnála- og atvinnusögu Íslands á tímum þegar nútímasamfélagið var í mótun. Verkalýðshreyfingin og íslenskir vinstrimenn þurftu að berjast í þrjú áratugi fyrir atvinnuleysistryggingum gegn mikilli andstöðu borgaraflokkanna, í besta falli tómlæti þeirra. Árið 1955 varð samkomulag um að koma á atvinnuleysistryggingum til að leysa harðasta og lengsta verkfall sem staðið hefur á Íslandi. Sátt hefur ríkt um Atvinnuleysistryggingasjóð allt frá stofnun en ríkisvaldið hefur löngum seilst í þessa öruggu uppsprettu fjár. Um aldamótin var fyrirkomulagi sjóðsins breytt og sjálfstæði hans aukið verulega.

„EKKI MISSA AF EDDU BJÖRGVINS EINS OG HÚN GERIST BEST!“

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Í LEIKSTJÓRN
ÞÓRHILDAR ÞORLEIFSDÓTTUR

AUKASÝNINGAR 2. OG 5. MAÍ

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

BINGO

Samstarfsverkefni
Hugleiks og Leikfélags Kópavogs

Sýningar eru í Hjáleigunni,
Félagsheimili Kópavogs í Fannborg
og hefjast kl. 20:30.

Miðvikud. 2. maí 9. sýning
ALLRA SÍÐASTA SÝNING

Miðapantanir á hugleikur.is
eða í síma 823 9700

Viðburðir Landnámsseturs í apríl og maí

fö. 4. maí kl. 20
Svona eru menn - KK og Einar
lau. 5. maí kl. 20 Svona eru menn - KK og Einar örfá sæti laus
su. 6. maí kl. 20
Mr. Skallagrímsson uppselt
fö. 11. maí kl. 20
Mr. Skallagrímsson uppselt
lau. 12. maí kl. 20
Svona eru menn - KK og Einar
mið. 16. maí kl. 20
Mr. Skallagrímsson uppselt
fös. 18. maí kl. 20 Mýramáðurinn
lau. 19. maí kl. 20
Mr. Skallagrímsson uppselt

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

Nánari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600

erum og verðum

ALLT Á F ÓDYRARI

AMD TÖLVA 3 ATHLON 64



- AMD Athlon X2 DualCore 5400 +
- 2GB 667MHz Dual DDR2
- 320GB SATAII WD - 16MB
- 256MB Geforce 8600GT
- 18x DVD +/- RW DL skrifari



99.950

250GB ICY BOX FLAKKARI



IcyBox utanálggjandi USB2
ál hýsing með 250GB
Western Digital Special
Edition hörðum disk

ICY BOX

9.950


TURNUPPFÆRSLA 2



- Athlon 64 X2 4200+ AM2
- 1GB DDR2 667MHz
- 250GB SATAII WD - 16MB
- DOLBY 7.1 HLJÓÐKORT

39.950

500GB HARÐUR DISKUR



500GB Western Digital
harður diskur SATA II
16mb buffer, 7200rpm

WD Western Digital

13.950

MSI MP3 SPILARI



MSI P200 1GB MP3 spilari
og FM útvarp. Getur tekið
upp tal, innbyggður hljóðnemi

MSI

8.950

INTEL ÖRGJÖRVI



Intel Core2Duo E6600
með 4MB cache, 2,4GHz,
1066FSB EM64T, EIST, XT

21.450

MSI MÓÐURBORÐ



Öflugt Nforce 650i móðurborð
frá MSI, 4x DDR2 800, SATAII
RAID, GB Lan, SLI, 10x USB2,
Firewire, HD hljóð o.fl

MSI

14.950

19" WIDESCREEN SKJÁR



- Acer 1916WA
- 5MS viðbragðstími
- 700:1 Contrast ratio
- 1440x900 upplausn
- Frábært verð og gæði

acer

18.750

SAMSUNG DVD SKRIFARI



- Traust og vandað merki
- Styður Dual layer
- 18 +/- DVD skrifhraði
- 48x CD skrifhraði
- Hugbúnaður fylgir

SAMSUNG

3.450

8600GTS SKJÁKORT



Splunkunytt DirectX 10 kort,
690MHz Core, 256MB DDR3
2100MHz minni, 2 x DVI ofl.

MSI

23.750

ACER ASPIRE 9302WSMi-b



- 1.6Ghz AMD Turion64 X2 TL-50
- 2GB DUAL DDR2 533MHz
- 120GB ATA - 5400rpm
- 128MB Geforce Go7300
- 17" Crystalbrite skjár

acer

114.950

ALTEC LANSING VX4121



- Öflugt 2.1 hátalarakerfi
- 2 nettir hátalarar
- Risa bassabox
- Tengi fyrir heyrnatöl

ALTEC LANSING

9.950

LOGITECH EX110



- Logitech EX110
- Þráðlaus geislamús
- Þráðlaust lyklaborð
- Áprentaðir íslenskir stafir

Logitech

3.450

LOGITECH MX400



Logitech MX 400 er
hárnákvæm 5 hnappa svört
og grá laser mús, usb tengt

Logitech

3.950

LOGITECH ATTACK 3



Flottur stýripinni í leikina,
með fullt af forritanlegum
tökkum og precision throttle
tækni, USB tengdur.

Logitech

2.950

1GB MINNISLYKILL



Flottur Kingston USB
2.0 1GB minnislykill
5 ára ábyrgð

Kingston

1.450

TARGUS BAKPOKI



Frábær rúmgóður
fartölvubakpoki og
fartölvumús frá Targus
á góðu verði

Targus

5.750

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

Maðurinn með Ikea-röddina snýr aftur

Fyrir þremur árum sendi Jón Ólafsson frá sér sína fyrstu sólóplötu og fékk hún frábærar undirtektir. Nú er von á annarri sólóplötu Jóns, frumsamin lög og það sem meira er, frumsamdir textar einnig.

„Já, Ikea-röddin fær að blómstra. Hún er á sínum stað öfugt við verslunina sem er flutt út í Hafnarfjarðarhraun. Ég bregst ekki mínu fólki,“ segir Jón Ólafsson tónlistarmaður sem fljótlega sendir frá sér sína aðra sólóplötu.

„Og það má alveg koma fram að þetta er eitt mesta áfall sem ég hef orðið fyrir. Þegar Ikea flutti. Hver vill ekki fá súpu á 90 krónur? En þegar maður þarf að keyra eftir henni fyrir þúsundkall þá tekur það engu tali.“

Sé miðað við mýtuna þá mun reynast Jóni þrautin þyngri að fylgja eftir fyrstu sólóplötu sinni sem kom út fyrir þremur árum. Platan sú hét einfaldlega Jón Ólafsson og hlaut frábærar viðtökur. Jón fór þá vítt og breitt um landið til að fylgja henni eftir og spilaði á ólíklegustu stöðum alls staðar fyrir fullu húsi. En eftir að hafa farið í saumana á rokksöggunni með hinum poppfróða Jóni er fyrirbyggjandi að bölvun yfir annarri plötu er mýta og ekkert annað en mýta. Því oftast eiga þá í hlut tónlistarmenn sem senda frá sér „one hit wonder“ sem reyna að fylgja því eftir og bakland skortir. Trauðla á það við um Jón sem á að baki 25 ára farsælan feril í bransanum.

„Á plötunni verður aðeins frumsamið efni eins og síðast nema nú ákvað ég að vippra mér í textagerðina líka. Þar hefur hnifurinn staðið í kúnni, milli platna, að stíga

það skref. Síðast vann ég náði með ýmsum textahöfundum og leitaði í bókasöfnin, í kvæðabækur, nú er þetta allt út frá eigin reynslu.“

Jón hlær aðspurður hvort þetta sé bömmur- eða uppgjörspata. Svo er ekki. Hún fjallar um líðan tónlistarmannsins í dag og sú líðan er góð – „takk fyrir“. Jón segir glettillega vel hafa gengið að klambra saman textum. Það hafi verið gert samhliða vinnslu plötunnar. En eru lögin „ballads“ eins og Bó myndi segja?

„Þetta er alls konar. Jafnvel fjörlegra en síðast ef eitthvað er. Eitthvað er léttara yfir mannskapnum. Ég er að leika mér meira með hljómborðið. Síðast var þetta flygill úti eitt en nú er ég líka með skemmtarann, melódíku og allt sem mér dettur í hug þannig að hún ætti að verða litríkari fyrir bragðið.“

Frábærir tónlistarmenn eru Jóni til halds og trausts, Haraldur Þorsteinsson á bassa, Jói Hjörleifs úr Sálinni trommar og Stefán Már Magnússon leikur á gítar. Maðurinn með Ikea-röddina syngur hins vegar öll lög sín sjálfur án aðstoðar.

„Textarnir eru þess eðlis að út í hött er að aðrir syngi lögin. Þótt fullsannað þyki að í það minnsta 73 söngvarar eru betri á landinu,“ segir Jón.

Líkt og síðast mun Jón fylgja plötunni eftir með miklum tús um landið allt og hefst tónleikaferðalagið 13. maí á Eskifirði. Spurður um áhrifavalda segist Jón hafa tekið saman lagalista af góðum lögum sér til innblásturs áður en tölur hófust en þegar til kom var ekki kveikt á honum. Allt kom þetta eitt af öðru.

„En ég hugsa hlýlegar til nokkurra frekar en annarra. Til dæmis Levon Helm og félagi hans í The



JÓN VIÐ FLYGILINN Textarnir eru þess eðlis að út í hött er að aðrir syngi lögin, þó fullsannað sé að 73 söngvarar séu betri á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Band. Svo hef ég margoft lýst því yfir að mínar ær og kýr séu Bítlarnir og Spilverkið þannig að vel má

vera að það liggi þarna undir niðri. Kannski Elton John á unga aldri.“ jakob@frettabladid.is



DEATH PROOF Mynd Quentins Tarantino kemur í bíó í Bretlandi 21. september.

Grindhouse í tvennu lagi

Kvikmyndin Grindhouse, sem er samstarfsverkefni leikstjóranna Quentin Tarantino og Robert Rodriguez, verður sýnd í tveimur hlutum í breskum kvikmyndahúsum. Ástæðan er að hinni þriggja tíma mynd gekk fremur illa í miðasölunni í Bandaríkjunum þar sem hún var sýnd í heilu lagi.

Upphaflega átti myndin að vera frumsýnd í Bretlandi 1. júní en nú hefur henni verið frestað vegna breytinganna. Mynd Tarantinos, Death Proof, kemur í bíó 21. september og mynd Rodriguez, Planet Terror, kemur út nokkru síðar.

SÖNGVA SKÁLDA KVÖLD

Á DOMO
Í KVÖLD
KL. 21:00

AÐGANGUR
ÓKEYPIS
ALLIR
VELKOMNIR

Beckham-hjónin með níu klósett

Stjörnuhjónin David og Victoria Beckham hafa loksins fundið heimili við sitt hæfi í Los Angeles. Beckham hefur sem kunnugt er skrifað undir samning við fótboltafélagið LA Galaxy og Victoria hefur síðustu vikur verið að leita að rétta húsinu fyrir þau. Eða villunni, réttara sagt.

Drumahúsið er í Beverly-hæðum með útsýni yfir hafið, aðeins í tveggja mínútna fjarlægð frá vinum þeirra Tom Cruise og Katie Holmes. Katie var einmitt sú fyrsta sem Victoria sýndi nýja heimilið. Fyrir villuna greiddu Beckham-hjónin um einn og hálfan milljarð króna.

Þrír bílskúrar fylgja húsinu og sundlaug er á lóðinni. Þrátt fyrir hátt verð eru ekki nema sex svefnherbergi í húsinu sem kemur nokkuð á óvart. Beckham-hjónin hafa aftur á móti næga aðstöðu til



FUNDU DRAUMAHÚSIÐ David og Victoria Beckham hafa fundið draumheimili sitt í Los Angeles. Fyrir það greiddu þau 1,5 milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

að hressa upp á útlitið því alls eru níu baðherbergi í villunni.

Lag Daniels í LA

Verið er að leggja lokahönd á nýtt lag frá Daniel Oliver, fyrrverandi Idol-stjörnu, í hljóðveri í Los Angeles. Fyrirtækið Skip Saylor Records, sem hefur annast útsetningar fyrir listamenn á borð við Britney Spears, Christina Aguilera, Michael Jackson og Queen, er um þessar mundir að hljóðblanda lagið og leggja lokahönd á það.

„Ég er ótrúlega ánægður með það,“ segir Daníel um lagið, sem nefnist Ego Trip. Átti það upphaflega að fara í spilun hérlendis fyrir um tveimur vikum en eftir að vírus kom upp í hljóðverinu við upptökur hér heima var ákveðið að senda það út. „Þeir voru mjög hrifnir af þessu lagi. Þetta er líka svolítið bandarískt og „commercial“ og það verður gaman að sjá hvort það gengur vel héra heima.“



DANIEL OLIVER Idol-stjarnan fyrrverandi er að undirbúa sína fyrstu plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Að sögn Daniels er fyrsta plata hans væntanleg um næstu jól og verður hún nokkuð „elektrónísk“ með lögum aðallega eftir hann sjálfan. Lagið Ego Trip er síðan væntanlegt í spilun um miðjan þennan mánuð. - fb

Sumarbúðirnar Ævintýraland

Grunnskólanum á Helli

Skráning er hafin!

Námskeið alla daga: Tímabilin:

kvikmyndagerð • leiklist • listasmiðja • tónlist/dans
íþróttir • ævintýranámskeið • grímugerð
Öll námskeið innifalin í verði nema reiðnámskeið.

Í boði öll tímabilin:

Ævintýrabarkinn (karaóíkveppni) • Diskótek
Hárgreiðslukeppni • Mörk óttans, æsispennandi ævintýraleikur

Tímabil 7, 10 - 12 ára:

Kókósbollukappát • Þolfimi • Dagbókargerð
Skartgripagerð • Umhirða húðar • Tískusýning

Tímabil 8, 12 - 14 ára

Lengri kvölddagskrá • Kókósbollukappát • Þolfimi
Umhirða húðar • Tískusýning • Grillaðir sykurpúðar
Landspekkur leynigestur • Forvarnabema

Hátíðardagskrá 17. júní!!!

Kókósbollukappát • spákonutjald • sælgæti
bandfléttur í hár • tattú • blöðrublak
andlitasmálun • grillveisla og margt fleira.

1) 13. júní - 19. júní, 7 - 12 ára
2) 20. júní - 26. júní 7 - 12 ára

3) 27. júní - 03. júlí 8 - 12 ára
4) 04. júlí - 10. júlí 8 - 12 ára
5) 11. júlí - 17. júlí 8 - 12 ára
6) 18. júlí - 24. júlí 8 - 12 ára

7) 25. júlí - 31. júlí 10- 12 ára

8) 1. ágúst - 07. ágúst 12 - 14 ára

Aldursskipt í hópa á öllum tímabilum.
Verð fyrir vikuna er 32.700 krónur
Öll námskeið innifalin í verði nema reiðnámskeið.

Reiðnámskeið: 8000 krónur (7 klst.)
Á vegum Hestheima, reiðhöll, reiðtúr,
viðurkenning og glaðningur.

Staðfestingargjald, 5000 krónur greiðist innan
viku frá skráningu og er óafturkræft.

Systkynaafsláttur. Euro og Visa léttgreiðslur.

Sérrúta frá Reykjavík með starfsfólki sumar-
búðanna, sjá www.sumarbudir.is

Nánari upplýsingar á heimasíðunni:

www.sumarbudir.is

trampólín
bandfléttur
bandspil
sund
andlitasmálun
ratleikir
fótbolti
íþróttahús
boltaleikir
föndur
hópleikir
útileikir
blöðrublak
kvöldvökur öll kvöld

Skráning í síma
551 9160
virka daga milli 10 og 20.

laugardagshúllumhæ

barnahúðflúr

hópleikir

útileikir

blöðrublak

kvöldvökur öll kvöld



Nýtt í bió

HEIMSFROMSÝNING **NEXT** 14
SÁ SEM SÉR FRAMTÍÐINA GETUR BJARGAÐ HENNI
HÖRÐU SPENNUMYND EFTIR HÖFUND MINORITY REPORT OG BLADE RUNNER
LÚXUS

TVEIR HEIMAR. EITT STRÍÐ. LOKAORUSTAN ER HAFIN.
PATHFINDER 16
GÓÐSÖGNIR DM ÍSLENSKU VIKINGANA
LÍFJA GÓÐU LÍFI Í ÞESSARI
KYNGIMÖGNÖÐU HASARMYNDI

STÚLJAR STÓRVELDI
INLAND EMPIRE 16
LADRA BERN Í FIMBÍLUM BY DAVID LYTHIC
KJÓTTIÐ FM

LAUGARAS **Bió** - bara lúxus
SÍMI 553 2075
SÁ SEM SÉR FRAMTÍÐINA GETUR BJARGAÐ HENNI
HÖRÐU SPENNUMYND EFTIR HÖFUND MINORITY REPORT OG BLADE RUNNER
LÚXUS

SPRENGHLÆGILEG mynd eftir Ben Stiller
BOUNCE
SÁ SEM SÉR FRAMTÍÐINA GETUR BJARGAÐ HENNI
HÖRÐU SPENNUMYND EFTIR HÖFUND MINORITY REPORT OG BLADE RUNNER
LÚXUS

ÞU ER VAR HAD HÖFUNDIN
Í DAG ER ÞAD RÆTTLETTIÐ
SHOOTER 16
SÍMI 10995 10
HÖRÐU SPENNUMYND EFTIR HÖFUND MINORITY REPORT OG BLADE RUNNER
LÚXUS

SJALDAN EÐR ALDREI
HAFI TVEIR KARLMENN
DANSAD JAFNVEL SAMAN
Sýnd kl. 8 og 10
BEAN'S HOLIDAY
ROWAN ATKINSON
Sýnd kl. 6, 8 og 10

ÞU ER VAR HAD HÖFUNDIN
Í DAG ER ÞAD RÆTTLETTIÐ
HOT FUZZ 16
SÍMI 10995 10
HÖRÐU SPENNUMYND EFTIR HÖFUND MINORITY REPORT OG BLADE RUNNER
LÚXUS

ALLS EKKI FYRIR
VIÐKVÆMI! STRANGLEGA
BÖNNUÐ INNAN 18 ÁRA
HILLS HAVE EYES 18
ÞEIR HEFTU
DEYJA HIRATI

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

NEXT	kl. 5.45, 8 og 10.15	B.I. 14 ÁRA
NEXT SÝND LÚXUS	kl. 5.45, 8 og 10.15	
PATHFINDER	kl. 5.45, 8 og 10.15	B.I. 16 ÁRA
HILLS HAVE EYES 2	kl. 8 og 10.10	B.I. 18 ÁRA
PERFECT STRANGER	kl. 8 og 10.30	B.I. 16 ÁRA
SUNSHINE	kl. 5.50	B.I. 16 ÁRA
ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL	kl. 3.45	
TMNT	kl. 4 og 6	B.I. 7 ÁRA

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

PATHFINDER	kl. 8 og 10.15	B.I. 16 ÁRA
INLAND EMPIRE	kl. 6 og 9	B.I. 16 ÁRA
HILLS HAVE EYES 2	kl. 8 og 10	B.I. 18 ÁRA
PERFECT STRANGER	kl. 8 og 10.30	B.I. 16 ÁRA
THE SCIENCE OF SLEEP	kl. 6	B.I. 7 ÁRA
ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL	kl. 6	
TMNT	kl. 6	B.I. 7 ÁRA

Borgarbió SÍMI 462 3500

NEXT	kl. 8 og 10	B.I. 14 ÁRA
SHOOTER	kl. 8 og 10.15	B.I. 16 ÁRA
PERFECT STRANGER	kl. 6	B.I. 16 ÁRA
ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL	kl. 6	

450 kr. í bió!
SÍMI 564 0000

MIDASALA Á midi.is

SMÁRABÍÓ REGNBOGINN Borgarbió

www.laugarasbio.is

Persónuleg plata frá Paul McCartney



PAUL MCCARTNEY 21. hljóðversplata Bítisins fyrirverandi er væntanleg í búðir.

Ný plata frá Bítlinum fyrirverandi Sir Paul McCartney er væntanleg hinn 4. júní. Platan heitir Memory Almost Full og verður sú 21. í röðinni frá honum. Verður platan gefin út í Bandaríkjunum í gegnum útgáfufyrirtækið Hear Music sem er í eigu Starbucks.

McCartney hóf upptökur á plötunni áður en hann gaf út sína síðustu plötu, Chaos and Creation in the Backyard, sem kom út fyrir tveimur árum við góðar undirtektir. „Platan er á köflum mjög persónuleg og á henni lít ég mikið aftur í tímann þegar ég var strákpólli í Liverpool,“ sagði McCartney.



TRENTMÖLLER Þeytir skífum á Gaukunum laugardagskvöldið 19. maí.

Dani þeytir skífum

Danski raftónlistarmaðurinn og plötusnúðurinn Anders Trentemøller þeytir skífum á Gauki á Stöng laugardagskvöldið 19. maí á vegum Party Zone. Trentemøller er einn eftirsóttasti plötusnúður heims og jafnframt einn eftirtektarverðasti raftónlistarmaður samtímans.

Kappinn hefur endurhljóðblandað lög fyrir Pet Shop Boys og The Knife með góðum árangri og í lok síðasta árs gaf hann út plötuna The Last Resort. Fékk hún mjög góða dóma bæði hér á landi sem erlendis. Forsala á tónleika Trentemøllers er hafin á midi.is og í Skífunni. Miðaverð er 2.000 krónur.



DISTURBIA Spennutryllirinn fjallar um pilt sem grunar nágranna sinn um að vera fjöldamorðingi.

Þrjár vikur á toppnum

Spennutryllirinn Disturbia, sem fjallar um pilt sem grunar nágranna sinn um að vera fjöldamorðingi, hefur nú setið í þrjár vikur á toppi bandaríska aðsóknarlistans. Með aðalhlutverkið fer hinn tvítugi Shia LaBeouf.

Í öðru sæti á listanum lenti The Invisible, sem fjallar um draug sem reynir að hefna síns eigin morðs. Nýjasta mynd Nicolas Cage, Next, fór beint í þriðja sæti listans og í því fjórða varð löggudramað Fracture. Í fimmta sætinu lenti síðan skautamyndin Blades of Glory með Will Ferrell í aðalhlutverki.

HÁSKÓLABÍÓ
Stærsta kvikmyndahús landsins

NICOLAS CAGE JULIANNE MOORE JESSICA BIEL
NEXT 14
SÁ SEM SÉR FRAMTÍÐINA GETUR BJARGAÐ HENNI
HÖRÐU SPENNUMYND EFTIR HÖFUND MINORITY REPORT OG BLADE RUNNER

SUNSHINE
DIMMIR DAGAR Í VÆNDUM
D.Ó.J. KVÍKMYNDIR.COM
★★★★★
★★★★★
EMPIRE VJ.V. TOPPS.IS

Úti er Ævintýri
Hills Have Eyes 2

Heimavöllur íslenskrar kvikmyndagerðar

2 FYRIR 1
KÖLD SLOÐ 12

2 FYRIR 1
MYRIN 12

HÁSKÓLABÍÓ

NEXT	kl. 5.45, 8 og 10.15	B.I. 14 ÁRA
SUNSHINE	kl. 8 og 10.10	B.I. 16 ÁRA
ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL	kl. 6	
MYRIN 2 FYRIR 1	kl. 5.40, 8 og 10.20	B.I. 12 ÁRA
KÖLD SLOÐ 2 FYRIR 1	kl. 5.50, 8 og 10.20	B.I. 12 ÁRA

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919

HEIMSFROMSÝNING!
NICOLAS CAGE JULIANNE MOORE JESSICA BIEL

NEXT 14
SÁ SEM SÉR FRAMTÍÐINA GETUR BJARGAÐ HENNI
HÖRÐU SPENNUMYND EFTIR HÖFUND MINORITY REPORT OG BLADE RUNNER

600 kall
27. apríl - 3. maí!

MasterCard

MasterCard korthafar fá miðann á 600 kr. dagana 27. apríl - 3. maí, í Smárabíói, Háskólabíói, Sambíóunum Kringlunni og Borgarbiói Akureyri greiði þeir með kortinu.

SMÁRABÍÓ KRINGLUNNI SAMBÍÓ

Meira á www.kreditkort.is/klubbar

SJALDAN EDA ALDREI HAFU
TVEIR KARLMENN
DANSAD JAFN VEL
SAMAN!

SPRENGHLÆGILEG MYND FRA BEN STILLER!

ANNAR ÞESSARA TVEGGJA
**HEFUR
HEILA...
...Á STÆRD VIÐ HNETU!**

DIANE KEATON MANDY MOORE
**BECAUSE
I SAID SO**

SAMBIOON / ÁLFABAKKA			SAMBIOON / KRINGLUNNI			SAMBIOON / KEFLAVÍK			SAMBIOON / AKUREYRI		
BLADES OF GLORY	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	B.12	THE MESSENGERS	kl. 10:10	B.16	BLADES OF GLORY	kl. 8 - 10	Leyð	BLADES OF GLORY	kl. 8 - 10	B.12
BLADES... VIP	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10		MR. BEAN'S HOLIDAY	kl. 4 - 6 - 8	Leyð	SHOOTER	kl. 8 - 10:20	B.16	MR. BEAN'S HOLIDAY	kl. 8	Leyð
SHOOTER	kl. 5:30 - 8 - 10:30	B.16	ROBINSON... M/ ISL TAL	kl. 4	Leyð	BREACH	kl. 8	B.12	BECAUSE I SAID SO	kl. 10	Leyð
BREACH	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	B.12	WILD HOGS	kl. 8	B.17	ROBINSON... M/ ISL TAL	kl. 6	Leyð DIGITAL-3D			
THE GOOD SHEPHERD	kl. 10:10	B.12	BECAUSE I SAID SO	kl. 6	Leyð	300	kl. 10:20	B.16 DIGITAL			

www.SAMBIOON.is ☎ 575 8900 www.SAMBIOON.is



Með bæði ís og rjóma

Í rómantísku gamanmyndinni *Because I Said So* er fylgst með yngstu dóttur (Moore) hinnar illþolanlegu Daphne (Keaton) sem ekki hefur gerst svo lukkuleg að festa ráð sitt ennþá. Móðirin er haldin sjúklegri stjórnfýsi og afskiptasemi en hún elskar jú barnið sitt og sigtar því út draumamakkann handa henni með hjálp internetsins. Auðvitað kemur babb í bátinn því fyrr en varir er örverpið, og meistarakokkurinn, Milly komin með tvo í taktið og veit ekki hvorn hún á að velja, egósentríska arkitektafloñið eða gítarspilandi einstæðan föður.

Þetta er nokkuð sniðug mynd með skemmtilega skrifuðum persónum, systurnar þrjár eru heillandi og hjartaknúsararnir líka en Akkilesarhællinn er sjálf aðalstjarnan því móðirin er svo óþolandi að mann langar mest að tjarga hana og fiðra og senda þangað sem sólin ekki skín. Þessi týpa er allt of fyrirsjáanleg og lexiur hennar þar af leiðandi líka. Vísanir til bælingar og iðandi hvatalífs fundust mér frekar ósmekklegar og sér í lagi að draga gæludýr heimilisins inn í þann subbulega veruleika.

Sviðsetningarnar og titill myndarinnar voru afbragðshressandi, þetta er mjög litrík og „hlý“ mynd sem getur líka gert mann svangan og vakið upp þörf kvenna til að hringja í mæður sínar.

KVIKMYNDIR

Because I Said So

Leikstjóri: Michael Lehmann / Aðalhlutverk: Diane Keaton, Mandy Moore, Lauren Graham og Piper Perabo

★★

Sætklistruð rómóræma sem má alveg hlæja að.

Leikarnir standa sig með ágætum og þau eru öll vöðva sæt og hnyttin í tilsvörum. Ég held mikið upp á Lauren Graham sem stundum sést á RÚV-skjánum í gamanþáttunum um Gilmore-mæðgurnar og hún heldur uppi fjörinu í þessari mynd. Moore er ekki mikil grínleikkona en sameikur hennar og Keaton er málulega gljáður. Draumaprinsarnir tveir náðu ekki að gera neinar gloriur nema hvað maður gæti hlakkað til að sjá meira af Gabriel Macht í framtíðinni.

Þessi ágæta mynd fellur annars í sömu gryfju og svo margar aðrar amerískar rómóræmur og fer gjörsamlega yfir strikið í vemmilegheitunum – verður eins og frómas með bæði ís og rjóma. Þegar mæðgurnar byrjuðu að syngja saman tók steininn úr og þá hefði verið gott að vera frekar með fjarstýringu.

Eiríkur í kröppum trans-dansi

Í ályktun Félags Transgender fólks á Íslandi er fréttalutningur Eiríks Jónssonar á Séð og heyrnt harðlega átalinn. Að auki vill félagið að horfið sé frá notkun orðsins „kynskiptingur“ og þess í stað notað „trans“ eða „transgender“.

„Hvaða vitleysa er þetta? Ég talaði bara við manninn sem hitti konuna með tippíð. Þetta er bara frétt,“ segir Eiríkur Jónsson blaðamaður. Hart er nú að honum sótt af félagi fólks sem vill skipta um kyn.

„Það er orðið fágætt í íslenski blaðamennsku að sjá blaðamenn leggja á sveif með áráðarmönnum og halda áfram að niðurlægja fórnarlömb ofbeldis í rituðu máli,“ segir í ályktun sem samþykkt var á fundi Félags transgender fólks á Íslandi á miðvikudag fyrir viku.

Kynskiptingur niðrandi orð

Anna Jonna Ármannsdóttir er formaður félagsins en á fundinum (sem taldi tíu manns, „fámennt en góðmennt,“ að sögn Önnu), var ályktað um tvö mál: Annars vegar er orðið „kynskiptingur“ talið niðrandi og neikvætt og sagt náskýlt orðinu „kynvillingur“. Er farið fram á að notað sé orðið trans eða transgender um málefni fólks sem leitar leiðréttingar á kyni.

ANNA JONNA Segir fréttalutning Eiríks fyrir neðan allar hellur og ihugar næsta skref.

„Við erum ekki að banna fólki að nota hitt orðið. En vekjum athygli á neikvæðri merkingu þess eins og segir í ályktuninni,“ segir Anna Jonna.

Hins vegar er hörmuð árás á transgender-einstakling sem var 4. febrúar 2007 en frá henni var greint í Fréttablaðinu og síðar í Séð og heyrnt en Eiríkur Jónsson byggði frétt á viðtali við áráðarmanninn. Maður nokkur sem hafði kynnst konu á skemmtanálífínu komst að því síðar að hún var með kynfæri karlmanns. Sturlaðist maðurinn þá og gekk í skrokk á viðkomandi.

Skrifaði bara frétt um konuna með tippíð

„Engin spurning. Þessi fréttalutningur var fyrir neðan allar hellur. Vægast sagt,“ segir Anna Jonna.

Eiríkur Jónsson segist aðspurður hvorki botna upp né niður í þessu máli. Honum

finnst orðið kynskiptingur ágætt.

„En það stóð ekkert um kynskipting í fréttinni. Ég var bara að skrifa frétt um mann sem lenti í vandræðum,“ segir Eiríkur, sem hafnar því alfarið að hafa verið að niðurlægja þann sem varð fyrir árásinni.

„Þetta var kona með tippí. Kannski er ég einn um að finna það merkilegt. Ég er kannski svona fordómfullur? Þetta er frétt um mann sem stóð í þeirri trú að hann væri að fara á kvinnafar. Þetta er bara viðtal við mann sem lenti í þessu.“

Anna Jonna segist, spurð hvað hún vilji að gert sé, ekki hafa neina patent-laun á þessu máli en það sé til skoðunar hjá félaginu. Félagið kærði málið til síðanefndar Blaðamannafélagsins en málinu var vísað frá á þeim forsendum

að þeir sem kærðu væru ekki málsaðilar. „Við erum að skoða málið. Eiríkur hefur einhverja tíma tekið einhverjar sektirnar og hann veit að það er ódýrt,“ segir Anna Jonna. jakob@frettabladid.is



EIRÍKUR Segist bara hafa talað við manninn sem hitti konuna með tippíð og skrifað frétt um það.

9 SJÁÐU MYNDINA!
HVER VINNUR!
SPILAÐU LEIKINN!

SENDU SMS JA SP3
Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR Á SPIDERMAN,
SPIDERMAN TÖLVULEIKIR, TÓNLIST ÚR SPIDERMAN,
DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA

Vinningar verða afhendir hjá BT 3. máralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klubb. 99 kr/skeytið.



FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR VÍKINGUM 9. SÆTINU Í LANDSBANKAÐEILD KARLA 2007

> LYKILMAÐURINN

Grétar Sigurðarson Grétar Sigurðarson fær risastórt hlutverk í sumar og það hefur aldrei verið mikilvægara fyrir Víkinga að hann spili vel. Grétar átti frábært tímabil með Víkingi 2004, stóð sig vel í láni hjá Val 2005 en tímabilið í fyrra var viss vonbrigði því það var búist við meiru af stráknum. Nú þarf Grétar að taka að sér leiðtogahlutverkið í fjarveru fyrirliðans Höskuldur Eiríkssonar, binda saman vörninna ásamt Milos Glogovac og skora mörk því Víkingur munu aldrei sem fyrr treysta á að skora stærstan hluta marka sinna úr föstum leikatriðum og þar er Grétar sterkur.



Fjölgun liða bjargar Víkingi

Fréttablaðið heldur áfram að telja niður að Íslandsmótinu í knattspyrnu því næstu daga munum við birta spá íbróttamanna Fréttablaðsins um lokastöðu liðanna í Landsbankaþeild karla 2007. Við spáum Víkingum 9. sætinu. Víkingar afrekuðu það í fyrra að halda sér í deildinni í fyrsta sinn í fjórtán ár (frá 1992) og þar sem aðeins eitt lið fellur í ár þá á Fossvogslíðið ágæta möguleika á að endurtaka leikinn. Víkingar hafa orðið fyrir gríðarlegum missi því það má segja að þeir séu búnir að sjá á eftir hjartanu og heilanum úr liðinu.

Annar er fyrirliðinn Höskuldur Eiríksson sem hefur skilað frábæru starfi bæði sem leiðtogi og lykilmáður í vörn liðsins og frábært hugarfar hans og ósérhlifni hefur drifið aðra leikmenn í liðinu með honum. Hinn er Viktor Bjarki Arnarson, sem kom að 15 af 21 marki liðsins í fyrra,

og að fara í gegnum hann var nánast eina leiðin sem Víkingar þekktu til að skora mörk. Það verður Víkingslíðinu mjög erfitt að fylla í þeirra skörð.


Víkingslíðið hefur staðið sig vel á vormótunum, liðið fór í úrslitaleik Reykjavíkurmóts, í undanúrslit Lengjubikarsins og vann 8 af 14 leikjum sínum í þessum mótum. Magnús Gylfason hefur orð á sér fyrir að ná miklu út úr litlum mannskap, það sýndi hann með ÍBV 2003 og 2004 sem og með Víkingslíðið í fyrra.

Víkingslíðið mun byggja áfram á vörn og markvörslu en eins og staðan er í dag eru fáir kandidatar til þess að skora mörkin fyrir liðið á næsta tímabili. Viktor Bjarki og Davíð Þór Rúnarsson, sem skoruðu saman 12 mörk síðasta sumar, eru farnir og enginn annar leikmaður skoraði fleiri en tvö mörk.



> X FAKTORINN

Sinisa Kekic Sinisa Kekic er á 38. aldursári og má ekkert gefa eftir ef Víkingar ætla sér eitthvað í sumar. Kekic getur spilað alls staðar á vellinum en spili Kekic á miðjunni líkt og oft á undirbúningstímabilinu gæti tankurinn tæmst fljótt og árin farið að sýna sig á kappanum.



OKKAR EINKUNN

ÞJÁLFARI 6
MARKVARSLA 7

VÖRN 6
MIÐJA 7

SÓKN 6
BREIDD 3

LÍÐSSTYRKUR 3
HEIMAVÖLLUR 1

ÁHORFENDUR 2
HEFÐ/REYNISLA 8

8

Gengi í vormótum 2007
■ Sigurráttur ■ Jafntefli ■ Blátt

GENGI SÍÐUSTU ÁRA

2006 7. sæti

2005 2. sæti (B)

2004 9. sæti

2003 2. sæti (B)

2002 5. sæti (B)

2001 6. sæti (B)



VONBRIGÐI Það var ekki glæsilegur árangur hjá Miami Heat eða öðrum liðum úr þeirra riðli. NORDIC PHOTOS/GETTY

Úrslitakeppni NBA:

Ekkert lið riðilsins vann leik

KÖRFUBOLTI Óhætt er að halda því fram að suð-austurriðill NBA-deildarinnar í körfubolta sé lélegasti riðillinn í deildinni. Þrjú lið úr riðlinum komust í úrslitakeppnina en engu þeirra tókst að vinna leik.

Meistarar Miami töpuðu 0-4 fyrir Chicago líkt og Orlando gegn Detroit. Þriðja og síðasta lið riðilsins til að detta út án þess að vinna leik var síðan lið Washington sem tapaði fyrir Cleveland. Chicago, Detroit og Cleveland eru öll í miðriðlinum og voru með besta árangurinn á austurströndinni í deildarkeppninni. - 66j

Umdeild mörk FH í framlangingunni

FH-ingar unnu Lengjubikar karla annað árið í röð eftir 3-2 sigur á Valsmönnum í framlangdum úrslitaleik á Stjörnuvelli í gær. Eftir frekar tíðindalitan leik varð allt vitlaust í framlangingunni.

FÓTBOLTI Tvö mörk varamanna FH-inga sem áttu aldrei að vera dæmd gild réðu úrslitum í úrslitaleik Lengjubikars karla í fótbolta í gær. FH-ingar unnu Valsmenn 3-2 eftir að staðan hafði verið 1-1 eftir venjulegan leiktíma og eru því fyrsta félagið til að vinna deildabikar karla tvö ár í röð.

Bjarki Gunnlaugsson kom FH í 1-0 á 50. mínútu með skoti úr markteig eftir aukaspyrnu Sigurvinis Ólafssonar en Daníel Hjaltason jafnaði leikinn á 76. mínútu með laglegum skalla eftir aukaspyrnu Rene Carlsen. Valsmenn voru mun sterkari í fyrri hálfleik en FH-ingar fengu þrjú dauðafæri til þess að komast í 2-0 í seinni hálfleiknum en boltinn vildi ekki inn og Valsmenn náðu að tryggja sér framlangingu.

Í framlangingunni kom Allan Dyring FH í 2-1 á 99. mínútu þegar hann skoraði í tómt markið eftir að Sigurður Sigurðsson, markvörður Vals, hafði verið keyrður niður. Fréttablaðið talaði við Sigurð eftir leik og þar sagði hann að það hefði verið brotið á sér.

Fimm mínútum fyrir lok fram-



BIKARARNIR Á LOFT Daði Lársson markvörður og fyrirliði FH lyftir hér sigurlaunum liðsins í gær. Daði varði vitaspyrnu í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

langingarinnar kom hitt markið þegar Atli Guðnason slapp inn fyrir Valsvörninna eftir sendingu frá Davíð Þór Viðarssyni og kom FH í 3-1. Atli var hins vegar rangstæður og markið átti því aldrei að vera dæmt gilt.

Harkan jókst mikið í kjölfarið

enda Valsmenn mjög ósáttir. Allan Dyring var síðan rekinn út af fyrir að hrinda Gunnari Einarssyni sem var heppinn að fara ekki sömu leið líka. Daníel Hjaltason náði síðan að minnka muninn eftir aðra aukaspyrnu Rene Carlsen og Birkir Már Sævarsson, sem var færður

í framlinuna í lokin var síðan ógnandi og virtist eiga að fá vitaspyrnu þegar hann var klipptur niður á lokasekúndum leiksins.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, var mjög ósáttur eftir að FH-ingar skoruðu seinna mark sitt í framlangingunni. Fyrst lét hann aðstoðardómarann heyra það og fékk að líta rauða spjaldið, þá las hann varaformanni KSÍ reiði-pistilinn á hliðarlínunni og loks fékk blaðamaður Fréttablaðsins að heyra það þegar hann sóttist eftir viðtali. „Miðað við aðstæður þá voru bæði lið að gera mjög vel og þetta var flottur úrslitaleikur. Þetta voru tvö öflug lið að berjast. Ég held að það hafi allir séð að maðurinn var langt fyrir innan, svo var brotið á markverðinum okkar og loks ekki dæmt víti þegar Birkir var tekin niður í teignum,“ sagði Willum Þór og skoraði á blaðamann að dæma sjálfur um atvikin sem kostuðu Valsmenn sigurinn. Willum á alla samúð skilið enda réðust úrslit leiksins á röngum ákvörðunum dómarans Egils Más Markússsonar og aðstoðarmanna hans. oo@frettabladid.is

Expertinn frá Dreumex

– engin vettlingatök við óhreinindin

Expert frá Dreumex
Áhrifaríkt handþvottakrem

Virkar vel á smurningu, hráolíu, bremsuvökva, sement og önnur óhreinindi. Fáanlegt í handhægum 2,7 ltr. brúsa með dælu.



Kynningarverð
1.230 kr.

Órkorn í stað leysiefna

Húðvænt og rakagefandi

TUNELUS RV621

Rekstrarvörur

– vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



25 Rekstrarvörur
ára 1982-2007

Manchester United mætir AC Milan á San Siro í kvöld:

Vidic og Ferdinand heilir á ný

FÓTBOLTI Varnarmennirnir Nemanja Vidic og Rio Ferdinand munu vera heilir af meiðslum sínum fyrir leikinn mikilvæga í kvöld er lið þeirra, Manchester United, mætir AC Milan í síðari viðureign liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í kvöld. United vann fyrri leikinn á heimavelli, 3-2, og dugir því að halda hreinu í kvöld. Það verður erfitt verkefni en ef þeir Vidic og Ferdinand verða upp á sitt besta í kvöld aukast líkur á því til muna.

Alex Ferguson, stjóri United, sagði í gær að hann hefði ekki ákveðið hvort þeir verða með liðinu í kvöld.

Líklegt er þó að Vidic spili með annaðhvort Ferdinand eða Wes Brown í vörninni sem þýðir að Gabriel Heinze getur spilað í stöðu vinstri bakvarðar.

AC Milan á við sín meiðsla að stríða en ólíklegt er að hinn leikreyndi Paolo Maldini geti verið með liðinu í kvöld vegna hnémeiðsla. Þó þykir víst að Gennaro Gattuso geti spilað með Milan en báðir meiddust þeir í fyrri leik liðanna. Þá getur Kakha Kaladze spilað með liðinu en hann var í banni í síðasta leik.

Carlo Ancelotti, þjálfari Milan, hefur gefið til kynna að Filippo Inzaghi verði frekar í fremstu váglinu en Alberto Gilardino.

Nokkrir leikmenn Manchester



STJÓRARNIR Carlo Ancelotti og Alex Ferguson hafa í mörg horn að líta fyrir leik kvöldsins. NORDIC PHOTOS/GETTY

United eiga á hættu að missa af úrslitaleiknum komist liðið áfram. Þeir Gabriel Heinze, Cristiano Ronaldo og Paul Scholes mega ekki fá gult spjald í leiknum af þeim sökum. Patrice Evra verður í banni í kvöld.

Scholes missti einmitt af úrslitaleik Manchester United og Bayern München árið 1999 og vill sjálfsgætt ekki endurtaka þann leik.



United hefur tvívegis fallið úr leik fyrir Milan á þessu stigi keppinnar, árin 1958 og 1969. United hefur tvívegis undir stjórn Ferguson tapað í undanúrslitum Meistaradeildarinnar, fyrir Bayer Leverkusen og Borussia Dortmund. En United hefur hins vegar aldrei tapað í Evrópukeppninni undir stjórn Fergusons, ef liðið hefur unnið fyrri leikinn.

- esá



ÓSKARSVERÐLAUNIN 2007

BESTA MYND ÁRSINS

Í FLOKKI MYNDA Á ERLENDU TUNGUMÁLI



DAS LEBEN DER ANDEREN LÍF ANNARRA

FRUMSÝND 4. MAÍ SÝND Í HÁSKÓLABÍÓI

Fyrir fall Berlínarmúrsins
hlustaði austur-þýska leynilögrelan
á þín leyndarmál

„Fullkomin kvikmynd; margbrotin,
tvíræð, spennandi og afar skemmtileg!”
-Dana Stevens, Slate

„Donnersmarck kryddar spennusöguna
með lymnskulegum húmor.
Útkoman er hrein snilld.”
-A.O. Scott, The New York Times

„Frábær mynd. Sú besta sem ég hef séð
í háa herrans tíð og án vafa innihalds-
ríkasta og best leikna mynd ársins.”
-Mick LaSalle, San Francisco Chronicle.


„Virkelega sannfærandi, pólitísk
spennumynd. Afar vitsmunaleg en
höfðar jafnframt til dýpstu tilfinninga.”
-Claudia Puig, USA Today.



EVROPSKU KVIKMYNDAVERÐLAUNIN
BESTA MYND ÁRSINS

EVROPSKU KVIKMYNDAVERÐLAUNIN
**BESTI LEIKARI
& BESTA HANDRIT**

ÞÝSKU KVIKMYNDAVERÐLAUNIN
**7 VERÐLAUN -
M.A. BESTA MYNDIN**



the lives of others

A Film By Florian Henckel Von Donnersmarck

KLIPPIÐ HÉRI

Gullnu reglur Græna ljóssins

1 Ekkert hlé
Myndin sýnd í einum rykk

2 Minna af auglýsingum
Sýning myndarinnar byrjar fyrir

3 Engin truflun
Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.
Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölu til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

græna ljósið

-Ekkert hlé á góðum myndum

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Lengjubikar karla

FH-VALUR 3-2
1-0 Bjarki Gunnlaugsson (50.), 1-1 Daniel Hjaltason (76.), 2-1 Allan Dyring (99.), 3-1 Atli Guðnason (107.), Daniel Hjaltason (119.).

Deildarþikarkeppni kvenna

STJARNAN-GRÓTTA 26-25
Mörk Stjörnnar (skot): Alina Petrache 7 (16), Sólveig Lára Kjærnestad 6 (9), Rákel Dögg Bragadóttir 6/2 (10/2), Anna Bryndís Blöndal 3 (6), Elísabet Gunnarsdóttir 2 (4), Kristín Guðmundsdóttir 1/1 (3/1), Jóna Margrét Ragnarsdóttir 1 (4), Kristín Jóhanna Clausen 0 (2).
Varin skot: Florentina Grecu 18, Helga Vala Jónsdóttir 4.

Hraðaupphlaupsörk: 11 (Sólveig 5, Petrache 3, Elísabet, Anna, Rákel)

Fiskuð víti: 4 (Petrache 2, Elísabet, Rákel)

Utan vallar: 2 mínútur

Mörk Gróttu (skot): Natasa Damiljanovic 7 (16), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 6 (7), Ragna Karen Sigurðardóttir 5 (8), Kristín Þórðardóttir 4 (5), Sandra Paegle 1 (1), Eva Björk Hlöðversdóttir 1 (4), Eva Margrét Kristinsdóttir 1 (11).

Varin skot: Íris Björk Símonardóttir 17/1.

Hraðaupphlaupsörk: 6 (Natasa 2, Ragna 2, Anna Úrsúla, Eva Björk)

Fiskuð víti: Engin.

Utan vallar: 6 mínútur

Meistaradeild Evrópu

LIVERPOOL-CHELSEA 1-0

1-0 Daniel Agger (22.).

Liverpool komst áfram eftir vítaspyrnukeppni sem fór 4-1.

Reina hélt hreinu og varði tvö víti

Jose Mourinho hefur nú þurft að horfa upp á tvo stóra titla renna sér úr greipunum eða svo gott sem. Í gær tapaði Chelsea fyrir Liverpool í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu þar sem Pepe Reina var hetja dagsins.

FÓTBOLTI Liverpool er komið áfram í úrslit Meistaradeildar Evrópu sem fara fram í Apenu síðar í mánuðinum. Liðið bar sig-urorð af Chelsea í æsispenndandi leik þar sem úrslit réðust ekki fyrir en í vítaspyrnukeppni. Þar reyndust leikmenn Liverpool vera með sterkari taugar en þeir stigu ekki feilspar og markvörður liðsins, Pepe Reina, varði tvær vítaspyrnur.

Reina náði annars að halda marki sínu hreinu allar þær 120 mínútur sem leikurinn fór fram og var það lykillinn að sigri Liver-



STJÓRARNIR Rafa Benitez og Jose Mourinho á hliðarlínunni. NORDIC PHOTOS/GETTY

pool þar sem Chelsea vann fyrri leik liðanna á sínum heimavelli, 1-0. Ef Chelsea hefði skorað í gær hefðu leikmenn Liverpool þurft að skora alls þrjú til að slá Englandsmeistarana úr leik.

Rimma þessara ensku stórlíða hefur lengi einkennst af þeim orðaskiptum sem stjórar liðanna, Mourinho og Rafa Benitez, hafa haft síðustu vikur. Benitez gat leyft sér að brosa allan hringinn í gær þar sem sitt herbragð hafði gengið eftir. Meira að segja var markið sem Liverpool skoraði á 22. mínútu svo þaulæft að það hlýtur að hafa glatt þjálfarann óendanlega mikið. Daniel Agger var þar að verki með lúmsku skoti í nærhornið eftir að Steven Gerrard renndi til hans boltanum úr aukaspyrnu.

Leikurinn bar annars öll einkenni sem slíkir stórleikir vilja oft vera. Afar fá dauðafæri litu dagsins ljós og varnarleikurinn var í fyrirrúmi.

Helst var að Chelsea næði að jafna metin í síðari hálfleik er Jamie Carragher var nálægt því að skora sjálfsmark af stuttu færi



FÖGNUMUR Leikmenn Liverpool fagna marki Daniels Agger í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

en boltinn fór yfir markið. Dirk Kuyt skoraði svo mark er hann fylgdi eftir skoti Xabi Alonso í framlengingunni en markið var dæmt af vegna rangstöðu. Viður-eignin var þó skemmtileg enda spennubrúngin og tilfinningarírk.

Liverpool byrjaði í vítaspyrnukeppninni og er skemmt frá því

að segja að allar spyrnur liðsins skiluðu sér í marki. Pepe Reina varði hins vegar fyrstu og þriðju spyrnu Chelsea, frá Arjen Robben og Geremi. Það var svo Kuyt sem fékk að tryggja sínum mönnum sigurinn og brást honum ekki bogalistin í þeim efnum.

eirurk@frettabladid.is

www.icelandexpress.is/paris

Je t'aime, Paris!



Paris

» Paris er borg ljósanna. Paris er borg ástarinnar. Paris er borg menningarinnar. Paris er borg borganna. Nefndu það bara, Paris er það sem þú vilt að hún sé.

Fátt er dásamlegra en að maula franskbrauð í Eiffel-turninum, góna á Mónu og öll hin í Louvre, spranga um Montmartre, ræða heimsmálin á Les Halles, gera tímamótakaup á Clignancourt-flóamarkaðnum, ráfa um sjötta hverfið og missa sig loks gersamlega á Champs-Elysees þar sem góðkunningjar tiskulöggunnar halda til.

Þú hefur frábært ferðalag með því að bóka hagstæðustu fargjöldin á icelandexpress.is

» VERÐ FRÁ:
7.995 kr.

Aðra leið með sköttum.

» BÖRN:
50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingssátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Grimsbæ, Efstalendi 26, sími 5 500 600

» www.icelandexpress.is

Iceland Express



SKOTIÐ AÐ MARKI Rákel Dögg Bragadóttir, leikmaður Stjörnnar, lætur hér vaða að marki Gróttu í leik liðanna í gær. FRETATABLADI/VILHELM

Stjarnan vann fyrsta leikinn gegn Gróttu:

Við stálum sigrinum

HANDBOLTI Stjarnan er komið í 1-0 í úrslitaeinvígi deildarþikars kvenna eftir 26-25 sigur í æsispenndandi og skemmtilegum leik í Garðabæ í gær. Gróttu var yfir nánast allan tímann, náði mest fimm marka forskoti í upphafi seinni hálfleiks (14-19) en varð síðan að sjá á eftir sigrinum. Anna Bryndís Blöndal var hetja Stjörnnar en hún skoraði öll þrjú mörkin sín á síðustu sex mínútum leiksins þegar Stjarnan breytti stöðunni úr 22-23 í 26-24.

„Við eiginlega stálum sigrinum. Við áttum hrikalegan dag, vorum kannski að spila ágætlega en vorum hins vegar að klúðra dauðafærum. Það að klára svona leik sýnir bara hvað við erum með gott lið og góða breidd,“ sagði Anna Blöndal eftir leik. Þegar lítið gekk hjá Önnu í upphafi leiks þá leysti Sólveig Lára Kjærnestad

hana af og átti frábæra innkomu. „Sólveig tók bara fyrri hálfleikinn fyrir mig og það var bara fínt. Ég fékk síðan að láta ljós mitt skína í lokin. Við erum búnar að vinna leikina mjög stórt og það er gaman að lenda í svona spennandi leik og vinna,“ sagði Anna.

Gróttuliðið lék frábærlega í fyrri hálfleik og þær Natasa Damiljanovic, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir og Kristín Þórðardóttir voru allar í miklu stuði. Sóknarleikur liðsins gekk hins vegar afar illa í seinni hálfleik og liðið skoraði aðeins 2 mörk úr síðustu 10 sóknunum sínum.

„Maður á ekki skilið að vinna leik nema maður vinni hann. Við áttum að halda áfram að spila seinni hálfleikinn eins og við spil-uðum fyrri hálfleikinn,“ sagði Anna Úrsúla Guðmundsdóttir sem átti mjög góðan leik í gær. - 66j

Fyrirverandi framkvæmdastjóri West Ham reiður:

Aldridge íhugar lögsókn

FÓTBOLTI Fyrirverandi framkvæmdastjóri West Ham, Paul Aldridge, er alls ekki sáttur við sektina sem félagið fékk í síðustu viku vegna brots á félagaskiptareglum ensku úrvalsdeildarinnar. West Ham var sektað um rúmar 700 milljónir, 5,5 milljónir punda, fyrir að standa ólöglega að félagaskiptum Javiers Mascherano og Carlos Tevez.

Aldridge og fyrrum eigandi félagsins, Terence Brown, voru ábyrgir fyrir málinu en eins og kunnugt er keyptu Íslendingar félagið nú í haust.

Aldridge segir að orðspor sitt

hafi beðið mikinn skaða vegna þessa. Hann sagði að hann hefði ekki verið kallaður til sem vitni þegar málið var tekið fyrir, honum hafi ekki verið boðið að gefa út yfirlýsingu eða verið látinn vita af þeim ásökunum sem á hann voru bornar.

„Eftir tíu ára starf hjá félaginu kenni ég í brjósti um þessa mjög harkalegu refsiaðgerð,“ sagði Aldridge. „En persónulegt og faglegt orðspor mitt hefur verið skaðað. Niðurstöðurnar segja að ég hafi logið og verið óheildarlegur,“ sagði Aldridge sem íhugar nú málsókn.

- esá

515 6100 | SYN.IS | VERSLUNUM VODAFONE

PLAYSTATION 3



Í KVÖLD KL. 18:30
AC MILAN
MAN. UTD.
MEISTARADEILDIN



UNDANÚRSÆIT

Guðni Bergs og Heimir Karls fjalla um leiki kvöldsins fyrir og eftir leik.



SYN
besta sætið

SEAN HAYES

Sean ólst upp í Illinois en faðir hans yfirgaf fjölskylduna þegar Sean var kornabarn. Sean nam leik- og tónlist við Illinois-háskólann og vann fyrir sér með því að spila undir á söngæfingum og vinna í litlu leikhúsi. Hann flutti til Los Angeles árið 1995 og þremur árum síðar krækti hann í hlutverk í þáttunum Will and Grace sem sýndir eru á Skjáeinum kl. 19.30.



dagurinn



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÉR ENGAN ANDMÆLA DONALD TRUMP

„Þú tókst hárrétta ákvörðun“

Þættirnir The Apprentice hafa náð að halda dampi í ansi langan tíma. Hver einasti þáttur byggir á sömu formúlunni, sem felst í því að verkefni er lagt fyrir tvo mismunandi hópa sem þeir þurfa að leysa hvor í sínu lagi. Í hvorum hópnum fyrir sig leynast þó afar ólíkir einstaklingar sem oft á tíðum eiga erfitt með að vinna saman.

Auðjofurinn Donald Trump hefur rekið fjöldann allan af keppendum sem hafa ekki náð að uppfylla hæfniskröfur hans og virðist aldrei fá leið á því. Enda getur hann með þessu móti sýnt bæði keppendum og umheiminum hvað hann er góður í því að taka ákvarðanir. Engu máli virðist nefnilega skipta hvern hann rekur í hvert sinn; alltaf tekur hann réttu ákvörðunina að mati þeirra sem sitja við hlið hans.

Hingað til hefur eldri maður verið honum til halds og trausts ásamt ungrri konu. Auk þess að



starfa sem nokkurs konar útsendarar Trump til að fylgjast með verkefnum hópanna sitja þau með honum í fundarherberginu þegar einhver þarf að fá reisupassann. Eftir að Trump rekur keppendurna í lokin eftir mislangar ræður spyr hann sessunauta sína hvort hann hafi tekið rétta ákvörðun. Svárið er alltaf: „Já, herra Trump. Þú tókst hárrétta ákvörðun.“ Eflaust væri þetta fólk ekki í þessari stöðu ef það mótmaelti honum og segði ákvörðunina vera kol-ranga. Þá fengi það sjálft líklega reisupassann.

Í síðastu viku höfðu börnin hans hlaupið í skarðið fyrir hin tvö og voru vitaskuld sammála þabba sínum. Hefðu þau sagt eitthvað til að andmæla ákvörðun hans hefði hann líklega svipt þau arfinnum, eða einfaldlega rassskellt þau.

THE APPRENTICE Auðjofurinn Donald Trump rekur hvern á fætur öðrum í The Apprentice.

EKKI MISSA AF



▶ 21.35 Nýgræðingar SJÓNVARPIÐ



▶ 22.25 Oprah STÖÐ 2



▶ 20.00 People I Know STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 21.10 Supernatural SIRKUS



▶ 21.00 Britain's Next Top Model SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

14.00 Deildabíkar í handbolta Upptaka frá fyrsta leik í úrslitum kvenna sem fram fór á þriðjudagskvöld.

15.35 Talið í Söngvakeppni (2:3) e.

16.00 Kastljós - Borgarafundur

17.05 Leiðarljós

17.50 Táknmálsfréttir

18.00 Disneystundin

18.01 Alvöru dreki (7:19)

18.23 Síggildar teiknimyndir (32:42)

18.30 Suðandi stuð (12:21)

18.54 Víkingalottó

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós Í þættinum verður meðal annars rætt við formann eins framboðanna fyrir alþingiskosningarnar 12. maí.

20.10 Ljóta Betty (12:22)

21.00 Skemmtipáttur Catherine Tate (5:6)

▶ 21.35 Nýgræðingar Gamanþáttaröð um lækinn J.D. Dorian og ótrúlegar upptökur sem hann lendir í.

22.00 Tíufréttir

22.25 Íþróttakvöld

22.40 Maxim Vengerov (South Bank Show: Maxim Vengerov - Living Dream) Breskur þáttur um fiðlusnillinginn Maxim Vengerov.

23.40 Kastljós

00.15 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007 (3:4) e.

01.15 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 People I Know

08.00 Welcome to Mooseport

10.00 My Boss's Daughter

12.00 Jersey Girl

14.00 Welcome to Mooseport

16.00 My Boss's Daughter

18.00 Jersey Girl

▶ 20.00 People I Know Dramatísk kvikmynd sem kemur verulega á óvart. Aðalhlutverk: Al Pacino, Kim Basinger, Ryan O'Neal, Téa Leoni. Bönnuð börnum.

22.00 Den of Lions

00.00 Control

02.00 City of Ghosts

04.00 Den of Lions



SIRKUS TV

18.00 Insider

18.30 Fréttir

19.00 Ísland í dag

19.30 Sirkus Rvk (e)

19.55 Entertainment Tonight

20.20 American Inventor

▶ 21.10 Supernatural (12:22) Spennuþættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.

22.00 Shark (17:22) Nýir bandarískir spennuþættir sem fjalla um stjórnlögreglufræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark sem söðlað hefur um og gerst opinber sak-sóknari eftir að hafa getið sér gott orð sem verjandi fræga fólksins. Með aðalhlutverk fer hinn margverðlaunaði skapgerðaleikari James Woods. (17:22) Stark rannsakar mál þar sem tveir svartir unglingspiltar voru skotnir til bana af lögreglu. Annar piltanna var heiðursnemi en hinn eiturflyfjalsali. Var þetta réttlætanleg skotárás eða afleiðing kynþáttafordóma lögreglunnar?

22.45 Las Vegas NÝTT (3:17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partiborginni Las Vegas. James Caan er hér í hlutverki Big Ed Deline, yfirmanns öryggismála í stóru spilaviti þar sem allt getur gerst. Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Big Ed áfram að sjá til þess að allt fari vel fram í spilavitinu en það er ekki auðvelt í Las Vegas. (3:17) Það getur verið erfitt að fá viðskiptavini spilavítisins til að borga reikninginn þegar allt er komið í óefni en nú þarf Sam að taka til sinna ráða.

23.30 Da Ali G Show

00.00 My Name Is Earl 2 - NÝTT (e)

00.25 Gene Simmons. Family Jewels

00.50 Sirkus Rvk (e)

01.20 Entertainment Tonight (e)

01.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORDURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasinþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.15 Beverly Hills 90210 (e)

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Melrose Place (e)

14.45 Vörutorg

15.45 Innlit / útlit (e)

16.45 Beverly Hills 90210

17.30 Melrose Place

18.15 Rachael Ray

19.00 Everybody Loves Raymond (e)

19.30 Will & Grace (e)

20.00 According to Jim (6:22)

20.30 Fyrstu skrefin (10:12) Í kvöld verða fjórar íslenskar fjölskyldur í Danmörku heimsóttar og fylgst með því hvernig gengur að ala upp börn í útlöndum.

▶ 21.00 Britain's Next Top Model - Lokapáttur Það er komið að úrslitastundinni og stúlkurnar þrjár sem eftir eru eru berbjóstá í myndatöku með karlkyns fyrirsætum. Ein stúlka verður send heim eftir myndatökuna og þær tvær sem komast áfram berjast um sigurinn á tiskusýningu fyrir einn frægasta tiskuhönnuð heims.

22.00 Jericho (14:22) Bandarísk þáttaröð um íbúa í bandarískum smábæ sem einangrast frá umheiminum eftir kjarnorkuárásir á bandarískar borgir.

22.50 Everybody Loves Raymond Bandarískur gamanþáttur. Ray fer með Ally á dansleik í skólanum og rífar upp í leiðinni aðdragandann að fæðingu hennar.

23.15 Jay Leno

00.05 Close to Home (e)

00.55 Kidnapped (e)

01.45 Beverly Hills 90210 (e)

02.30 Melrose Place (e)

03.15 Vörutorg

SKJÁR SPORT

07.00 Að leikslokum (e)

14.00 Middlesbrough - Tottenham (frá 28. apríl)

16.00 Blackburn - Charlton (frá 28.apríl)

18.00 Portsmouth - Liverpool (frá 28. apríl)

20.00 Everton - Man. Utd. (frá 28.apríl)

22.00 Þrumuskot (e)

23.00 Roma - Lazio (frá 29. apríl)

01.00 Dagskrárlök

Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI

6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA

HEIMIR OG KOLBRÚN TAKA Á MÓTI PÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN

Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.40
Ísland í dag – kosningar 2007

Ísland í dag og Fréttastofa Stöðvar 2 ferðast um landið og stýra borgarafundum í öllum kjördæmum. Sigmundur og Svanhildur munu taka við spurningum og leiða umræður á staðnum en Egill Helgason mun greina viðkomandi kjördæmi og ræða á gagnrýnnan hátt um málefni þess. Í kvöld verður fundað í Reykjavík um málefni norðurkjördæmis Reykjavíkur.



► **Við mælum með Maxim Vengerov Sjónvarpið kl. 22.40**

Breskur þáttur um fiðlusnillinginn Maxim Vengerov sem sumir telja fremsta núlifandi fiðluleikarann. Maxim hefur leikið á fiðlu síðan hann var fimm ára og síðustu fimmtán árin hefur hann verið á stöðugum tónleikaferðalögum og við upptökur þess á milli. Þegar Vengerov varð þrítugur ákvað hann að taka sér ársfrí og fór að spila á rafmagnsfiðlu, fór á námskeið í spunatónlist og lærði að dansa tangó.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæn
 - 07.05 Morgunvaktin
 - 09.05 Laufskálinn
 - 09.45 Morgunleikfimi
 - 10.15 Pipar og salt
 - 11.03 Samfélagið í nærmynd
 - 12.00 Fréttayfirlit
 - 12.03 Hádegisútvarp
 - 12.20 Hádegisfréttir
 - 12.45 Veðurfregni
 - 12.50 Dánarfregni og auglýsingar
 - 13.00 Vít og breitt
 - 14.03 Útvarpsagan: Lífsjátning
 - 14.30 Miðdegistónar
 - 15.03 Þá fannst mér alltaf vera sigur í vændum
 - 16.00 Síðdegisfréttir
 - 16.10 Veðurfregni
 - 16.13 Hlaupanótan
 - 17.03 Viðsjá
 - 18.00 Kvöldfréttir
 - 18.24 Auglýsingar
 - 18.25 Spegillinn
 - 18.50 Dánarfregni og auglýsingar
 - 19.00 Vítinn
 - 19.30 Laufskálinn
 - 20.10 Heima er best
 - 21.00 Út um græna grundu
 - 21.55 Orð kvöldsins
 - 22.15 Dostojevskí
 - 23.05 Fallegast á fóninn
 - 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum
- FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

- 07.00 Meistaradeildin með Guðna Ber
- 07.20 Meistaradeildin með Guðna Ber
- 07.40 Meistaradeildin með Guðna Ber
- 08.00 Meistaradeildin með Guðna Ber
- 08.20 Meistaradeildin með Guðna Ber
- 08.40 Meistaradeildin með Guðna Ber
- 15.30 Meistaradeild Evrópu (Liverpool - Chelsea)
- 17.10 Meistaradeildin með Guðna Ber
- 17.30 Coca Cola mörkin
- 18.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun
- 18.30 Meistaradeild Evrópu (AC Milan - Man. Utd.)
- 20.40 Meistaradeildin með Guðna Ber
- 21.00 De La Hoya-Mayweather. 24/7 Upphitunarþættir fyrir boxbardaga ársins þann 5. maí.
- 21.30 Spænsku mörkin
- 22.15 Þýski handboltinn
- 22.45 Meistaradeild Evrópu (AC Milan - Man. Utd.)
- 00.25 Meistaradeildin með Guðna Ber

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignir á markaðnum sýndar.
- 21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

- 04:30 Dyrene fra Lilleskoven 05:00 Rasmus Klump 05:10 Palle Gni på eventyr 05:30 Kaj og Andrea 06:00 Postmand Per 06:15 Noddy 06:30 Ud i det blå 07:00 Grønne haver 07:30 Smagsdommerne 08:05 Roser på afveje 08:25 OBS 08:30 Den nordiske mand 09:00 Den 11. time 09:30 Hold masken 10:00 TV Avisen 10:10 Kontant 10:35 Ud i naturen 11:00 Hvad er det værd 11:25 Aftenshowet 12:20 Hokus Krokus 12:50 Nyheder på tegnsprog 13:00 TV Avisen med vejret 13:10 Dawson's Creek 14:00 Boogie Special 14:15 SKUM TV 14:30 Pucca 14:35 Hannah Montana 15:00 Verdnemes bog 15:30 Der var engang... 16:00 Aftenshowet 16:30 TV Avisen med Sport 16:55 Aftenshowet med Vejret 17:30 Kongehuset 18:00 Søren Ryge direkte 18:30 I lære som stjerne 19:00 TV Avisen 19:25 Penge 19:50 SportNyt 20:00 En sag for Frost 21:35 Onsdags Lotto 21:40 Mission integration 22:10 Boogie Update

DR 2

- 10:55 Folketinget i dag 15:00 Deadline 17:00 15:30 Hun så et mord 16:15 Jersild & Spin 16:45 The Daily Show 17:05 Arhundredets krig 18:00 De blodrøde floder 2 - Apokalypsens engle 19:40 Historien om toiletet 20:00 Mission integration 20:30 Deadline 21:00 Den 11. time 21:30 The Daily Show 21:50 Tavshed er ikke guld! 22:45 Mig og min skygge

SVT 1

- 04:00 Gomorron Sverige 07:30 Ramp höj dare 08:00 Leila, née en France 08:30 The day I got the sack 08:55 Quirks 09:00 Barnet og orden - om språk i förskolan 09:30 Nya drömjobbet 10:00 Rapport 10:05 The Robinsons 12:15 En skön historia 14:00 Rapport 14:10 Gomorron Sverige 15:00 Adjö farmor 15:30 Krokodill 16:00 Fifi och blomsterfröna 16:10 Yoko! Jakamoko! Toto! 16:15 En unge till 16:25 Bumsfilbaba igen 16:30 Hjämkontoret 16:45 Klister 17:00 Polleke 17:30 Rapport 18:00 Vädrets makter 18:30 Mitt i naturen 19:00 Neil Armstrong var aldrig på månen 20:30 Robins 21:00 Rapport 21:10 Kulturmytterna 21:20 I sinnets våld 22:20 Sändningar från SVT24

BEINT MORGUNFLUG

Beint morgunflug Terra Nova með íslensku flugfélagi í allt sumar. Betri þjónusta og betri flugtímar – fyrir þig!

Búlgaríuveisla

frá kr. 29.990*

150 viðbótarsæti í júní og júlí
Tryggðu þér sæti strax!

Hvergi meira frí fyrir peninginn!

Nú býður Terra Nova til fráberrar sumarveislu til perlu Svartahafsins, Golden Sands í Búlgaríu. Þú fær hvergi meira frí fyrir peninginn en í ferð til Golden Sands og nú bjóðum við frábær tilboð á nokkrum vinsælum glististöðum í maí og júlí. Staðurinn ber svo sannarlega nafn með rentu því ströndin er ein sú allra besta í Evrópu, 4 km. löng og allt að 100 metra breidd með gullnum sandi, hlýjum og tærum sjó.



Frá kr. 29.990*
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, fargjald A. Takmarkaður sætjaföldi í boði á þessu fargjaldi.

Gott hótél ***
Frá kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði á Hotel Perla eða Hotel Bonita í viku 11. júní. Brottfarir í júlí kr. 5.000 aukalega.

Frábærar íbúðir ****
Frá kr. 49.495
Netverð á mann, m.v. 2 fulloröna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð á Paradise Park í viku, 9., 16., 23. eða 30. júlí.

Gott hótél ****
m/allt innifalið
Frá kr. 69.990
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með allt innifalið á Hotel Madara í viku, 9., 16., 23. eða 30. júlí.

Glæsilegur aðbúnaður í fríinu



- Endalausir möguleikar á afþreyingu**
- Sjóstangveiði
 - Hjól og mótorhjól
 - Mini-golf, strandblak
 - Vatnagarðurinn Aquapolis
 - Teygjustökk
 - Köfun, kajakar
 - Keila, tennis
 - Sjóskíði, seglbretti

- Veisla í mat og drykk
- Frábært næturlíf
- Gott að versla
- Spannandi kynnisferðir
- Ótrúlegt verðlag
- o.fl., o.fl.

Bókaðu núna!
www.terranova.is



Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099 · Hafnarfjörður sími: 510 9500



GAMLA MYNDIN



„Ég var nýorðin mamma á þessum tíma. Einu sinni var ég alveg snoðklípt, svo safnaði ég hári og var með topp, nú safna ég toppnum líka. Maður var duglegur að breyta klippingunni.“

Hafþís Jónsdóttir í World Class.

Myndin er tekin í september 1996.

Fjölbjóðleg útgáfa af Valentine's Lost

Peter Fenner hefur samið þrjár útgáfur á jafnmörgum tungumálum af framlagi Íslendinga til Eurovision-keppinnar. Þetta kemur fram í viðtali við Fenner sem birtist á vef escoday.com. „Eiríkur er hæfileikaríkur náungi og finnst gaman að takast á við áskoranir. Þess vegna höfum við útbúið texta við lagið á tyrknesku, spænsku og slóvensku,“ segir Fenner en

FENNER
Hefur snarað Valentine's Lost yfir á tyrknesku, spænsku og slóvensku.



hann fer hlýjum orðum um rokkarann rauðhærða og gegist hafa ráðfært sig mikið við söngvarann þegar hann samdi enska textann.

Eiríkur var í óða önn að undirbúa sig fyrir heimkomu þegar Fréttablaðið náði tali af honum en hann lenti á Íslandi í morgun. Aðspurður hvort hann hefði séð eða heyrt textann sagði hann svo ekki vera. „Mér list hins vegar bara vel á þetta og þetta er

mest í gamni gert,“ segir Eiríkur en nú taka við síðustu æfingarnar hér á landi því hópurinn heldur utan til Finnlands strax á föstudagsmorgun. „Þetta er alls ekki með ráðum gert því ég held að þetta séu bara þær tungur sem Fenner er hvað sleipastur í,“ bætir Eiríkur við og þvertur fyrir það að þessar fjölbjóðlegu útgáfur séu hluti af einhverri kosningabaráttu í þessum löndum. Enda hefðu þeir

þá lagt í víking til annarra og mun fjölmennari lands. „Maður þarf bara að finna upp á ýmsu til að hafa gaman af og vekja á sér athygli,“ segir Eiríkur.

-fgg



EIRÍKUR
Hafði ekki reynt sig við textann enda sé þetta meira til gamans gert.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 nægilega, 6 tveir eins, 8 sjór, 9 strá, 11 tveir eins, 12 röndin, 14 dans, 16 bardagi, 17 veiðarfæri, 18 niður, 20 guð, 21 nabbí.

LÓÐRÉTT

1 kostar lítið, 3 hljóm, 4 alger, 5 sarg, 7 töf, 10 keyra, 13 utan, 15 mergð, 16 flýti, 19 tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 nógu, 6 dd, 8 mar, 9 ýra, 11 gg, 12 rákin, 14 tangó, 16 at, 17 net, 18 suð, 20 ra, 21 arða.

LÓÐRÉTT: 1 ódýr, 3 óm, 4 gagnger, 5 urg, 7 dráttur, 10 aka, 13 inn, 15 ótal, 16 asa, 19 óð.



HINGAÐ OG EKKI LENGRA Þátttakendur í kröfugöngunni í gær tóku höndum saman og meinuðu ungmennunum aðgang að Ingólfsstorgi. Á myndinni fyrir ofan má sjá nokkur auglýsingaskiltanna sem fólkíð bar í göngunni. MYND/VERA

Tóku illa í Tópasauglýsingar

Mikill fjöldi fólks kom saman í miðbæ Reykjavíkur í gær til þess að taka þátt í kröfugöngu í tilefni af baráttudegi verkalyðsins, en þó voru ekki allir með kjör verkamanna í huga. Hópur ungmenna fylgdi kröfugöngunni með Tópasauglýsingar á mótmælaspjöldum, og hrópaði auglýsingaslagorð. Gjörningurinn, sem er á vegum

Nóa-Síríus og auglýsingastofunnar Fítón, hlaut miður góðan hlómgrunn hjá gestum göngunnar og fór svo að hópnun var meinaður aðgangur að Ingólfsstorgi þar sem göngunni lauk og ræðuhöld hófust. Hópurinn hvarf þá fljótlega á brott, að sögn gesta.

Gunnar Sigurgeirsson, markaðsstjóri Nóa-Síríus, segir að um

vörkynningu hafi verið að ræða og tilgangurinn ekki að skemma fyrir neinum. Athæfið hafi verið hluti af nýrri markaðsherferð fyrir Tópas.

„Það eru alltaf einhverjir ósáttir með nýjar auglýsingaleiðir, en það verður að koma í ljós hvort þetta ber árangur.“

salvar@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Aðalfundur golfklúbbsins Stulla var haldinn á Jigger-Inn kránni á St. Andrews-golfvöllinum í Skotlandi á dögnum. Fjölmargir þjóðþekktir einstaklingar eru meðlimir í klúbbum og er hörð keppni manna á milli um árangur á golfvöllum. Meðal félaga í Stullunum eru **Skúli Gunnsteinsson**, forstjóri Capacent, **Andri Þór Guðmundsson**, forstjóri Ölgerðarinnar, **Stefán Hilmarsson** tónlistarmaður, **Bjarni Benediktsson** alþingismaður og **Logi Bergmann Eiðsson** sjónvarpsmaður.

Á aðalfundi félagsins voru teknar fyrir tillögur um nýja félagsmenn. Þrjú voru teknir inn að þessu sinni. Logi Bergmann mælti með vini sínum **Sigurði Kára Kristjánssyni** alþingismanni sem þykir lunkinn golfari. Sigurður Kári er með 16 í forgjöf en hefur sett sér það markmið að ná henni niður í 11 á þessu ári. Þá mælti Stefán Hilmarsson með **Þórði Má Jóhannessyni** auðmanni sem jafnan er kenndur við Straum hvaðan hann fékk eftirminnilegan starfslokasamning. Þórður starfar nú sem forstjóri Gnúps fjárfestingafélags og þarf alvarlega að bæta sig í gólfnu ætli hann sé að eiga möguleika gegn sterkum spílurum í Stullum. Þórður er með 21,2 í forgjöf en stefnir á að komast niður í 18,5 á árinu.


- hdm

Í KVÖLD
Eðal veitingar á efri hæð

Á MORGUN
Latínkvarsett Tómasar R.

DOMO
RESTAURANT / BAR

PINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS



GRILLTILBOÐ
STEINBÍTSSTEIKUR **790KR/KG** ÁÐUR 1190KR/KG
STEINBÍTURTOMAT-SALSA OG LUXUS-LEMON

990KR/KG ÁÐUR 1490KR/KG
Þetta verðið þið að prófa!

Humarsúpa-risarækjur-Stór humar



Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
s: 554 7200 • www.hafid.is

Gefur út ljóð Saddams Hussein

„Við ætlum bókinni að vera handsprenja inn í þjóðmálaumræðuna og erum spenntir að sjá hvernig viðbrögðin verða,“ segir Ingólfur Gíslason, annar höfundar ljóðabókunnar Handsprengja í morgunárið. Eiríkur Örn Norðdahl er meðhöfundur hans.

Bókin inniheldur þýðingar á ljóðum manna á borð við Osama Bin Laden og Saddam Hussein auk ljóða „eftir“ íslenska stjórnámálamann. „Þetta eru í raun ekki ljóð eftir þau heldur ljóðrænn kjarni hugsana þessa fólks. Við unnum þetta upp úr textum eftir þau sem við klipptum saman og bjuggum til ljóð úr.“

Ingólfur býst ekki við að „höfundar“ íslensku ljóðanna verði mjög kátir en telur í ljósi undan-genginnar umræðu um málfrelsi að það hljóti að vera leyfilegt að setja saman texta á þennan hátt. Fyrst það megi gera grín að Múhamed spámanni megi líka gera grín að íslensku stjórnámálfólki.

Kveikjan að erlendu ljóðþýðingunum mun hafa verið vanga-veltur um að helstu einræðisherrar og stríðsæsingamenn heims hafi flestir verið ljóðskáld í frístundum. „Það virðist vera að þetta séu menn með listrænan metnað sem ná ekki að gera nógu góða hluti á




FRUMLEGUR Ingólfur Gíslason hefur gefið út bók með ljóðum Saddams Hussein. FRÉTTABLAÐIÐ/VILJHELM

því sviði og fái því útrás fyrir þirring sinn með stríðsbrótti. Heimurinn væri eflaust ódrúvísi ef Hitler hefði bara fengið vinnu á auglýsingastofu.“ -jar

VINSÆLASTA

acer

FARTÖLVAN



Acer ASPIRE 5103WLMi

- AMD Turion X2 TL-52 tveggja kjarna örgjörvi
- 1024MB DDR2 hraðvirkt vinnsluminni
- 120GB SATA harður diskur
- CD og DVD skrifari
- 15.4" breiðtjaldsskjár
- CrystalBrite tækni gefur dýpri og fallegri mynd
- Innbyggð Acer OrbiCam vefmyndavél
- ATi Radeon X1100 128MB skjákort
- Windows Vista Home Premium



TILBOÐ: **89.900-**

Ein vinsælasta fartölvan frá Acer á ótrúlegu tilboðsverði. Nýjasta kynslóð tveggja kjarna örgjörva, hraðvirkt vinnsluminni og nægt geymslupláss ásamt vefmyndavél er aðeins hluti af því sem þessi fartölva hefur að geyma!

SKJÁDAGARNIR HALDA ÁFRAM!



Acer 17" 1716 skjár

1280x1024 upplaus / 300 cd/m2 birtustig
500:1 skerpa

TILBOÐ: **16.900-**



Acer 19" 1916W skjár

Breiðtjaldssnið / 1440x900 upplausn
300 cd/m2 birtustig / 700:1 skerpa

TILBOÐ: **19.900-**



BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

Hrópandinn í
reiðimörkinni

Á laugardaginn stóð í Fréttablaðinu að kominn væri út bókaflokkur undir dulnefni. Sagt var að um „hálfgerðar sjöppubókmenntir“ væri að ræða og nokkrir hugsanlegir höfundar nefndir. Þó var talið líklegast að ég væri sá rétti „í ljósi þess að svipaða sýn á fjölmiðla má finna í síðustu skáldsögu hennar“. Ég man reyndar ekki eftir því að fjölmiðlar komi við sögu í Landi hinna týndu sokka en vissulega gæti mig misminnt.

UNDIR þessi skrif setur Jakob Bjarnar Grétarsson stafi sína. Ef einhver vesalingurinn setur saman svo vonða bók að hann þorir ekki að leggja nafn sitt við hana þykir honum sjálfsagt að klína henni á mig. Hann hélt því fram í Fréttablaðinu í vetur að ég hlyti að vera höfundur bóka Stelli Blómkvist og rökstuddi það meðal annars með því að í þeirri nýjustu verður aðalpersónan ólétt – eins og það hafi hent mig einan Íslendinga. Hvers vegna höfundur sem gefið hefur út tíu bækur undir nafni ætti að taka upp á því að nota dulnefni er mér hulið. Fyrsta bókin mín kom út árið 1994 svo ég hef verið nokkuð iðin við kolann, auk þess sem ég var í fullu starfi meðfram ritstörfunum til ársloka 2004. Ekki veit ég hvernig ég hefði líka átt að hafa tíma til að skrifa bækur annarra höfunda.

JAKOB hefur ekki aðeins sýnt því áhuga sem ég hef ekki skrifað, heldur líka því sem ég hef skrifað. Fullur hneykslunar yfir þeim ósköpum að mér skyldi hafa verið veitt Bládamannaverðlaun Íslands fyrir bókina Myndin af pabba – Saga Thelmu tjáði hann sig á vef BÍ og í DV þar sem hann vann þá. Þegar þjóðin hafnaði DV var Jakob ráðinn á Fréttablaðið og þar hefur hann haldið áfram að dreifa hneykslun sinni yfir landslýð. Hirti Howser sagt upp á Rás 2! Ó, nei! Ætlar Þorbjörn Broddason ekki að tjá sig um blogg dr. Guðbjargar Hildar Kolbeins – sömu Guðbjargar og Jakob stóð eitt sinn í ritdeilu við á vefsíðu BÍ? Ja, hérna hér!

OG nú verð ég að segja svolítið sem ég átti ekki von á að ég myndi nokkurn tímann játa; það er söknuður af gamla DV. Þar var stunduð skarnblaðamenska, það vissi fólk og gat því lesið blaðið undir þeim formerkjum. Nú ganga gusurnar yfir Fréttablaðið, blað sem ritstjórar þess hljóta að hafa ætlað annað og meira en að miðla skúffelsi einstakra blaðamanna yfir fólk sem hefur ekkert með forarvilpur sálar þeirra að gera.



www.toyota.is

Meira öryggi

Fimm stjörnu öryggi



Corolla hlaut hæstu einkunn, fimm stjörnur, í evrópska NCAP öryggisprófinu.

Meira rými

Hljóðlátastur í sínum flokki

Framúrskarandi aksturseiginleikar

Hátt endursöluverð

Enn meiri þægindi

Minni útblástur og eldsneytiseyðsla með MM skiptingu

Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og

reynsluekur nýrri Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Komdu og reynsluaktu nýrri Corolla á sölustöðum Toyota um land allt.

Verð frá 1.960.000* kr.

ÍSLENSKA SÁLIS TÖY 26678 05/07

*Corolla SD Terra



TODAY TOMORROW TOYOTA

Gefðu
vatnHjálparstarf
kirkjunnar
www.help.isToyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300Toyota Reykjanæsbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanæsbær
Sími: 420-6600Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070